Menningarminjar í Borgarfirði eystri

Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS074-98083
Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Inngangur 3

Skrá um menningarminjar í Borgarfirði eystri 3

NM-209 Njarðvík 3

NM-210 Snotrunes 11

NM-211 Geitavík 15

NM-212 Geitavíkurhjáleiga 18

NM-213 Bakki 18

NM-214 Jökulsá 26

NM-215 Hvoll 27

NM-216 Gilsárvöllur 28

NM-216b Gilsárvöllur (afrétt) 31

NM-217 Gilsárvallarhjáleiga 32

NM-218 Hólaland 35

NM-219 Hvannstöð 37

NM-220 Setberg 38

NM-221 Desjamýri 39

NM-221b Desjamýri (afrétt) 45

NM-222 Þrándarstaðir 46

NM-223 Hofströnd 47

NM-224 Höfn 50

NM-225 Brúnavík 56

NM-226 Glettinganes 59

NM-227 Kjólsvík 61

NM-228 Stóra Breiðavík 66

NM-229 Litla Breiðavík 70

NM-230 Húsavík 72

NM-231 Hólhús 79

NM-232 Dalland 80

NM-233 Álptavík 80

NM-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð 81

NM-682 Óstaðsetjanlegar fornleifar 85

Heimildaskrá 86

Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Borgarfirði eru 528 staðir á 25 jörðum sem eru að meðaltali 21,1 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru 29 fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir Borgfirðingar innansveitar sem utan. Einnig eru tveir minjastaðir sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinna jarða. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni.

Skrá um menningarminjar í Borgarfirði eystra

NM-209 Njarðvík

40 hdr. 1695, 1847 Landnámsjörð. Þorkell fullspakur nam Njarðvík og bjó þar. ÍF I, 302. c. 1200: Jörðin nefnd í Kirknaskrá Páls, DI XII 4. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og Fljótsdælu. IF XI, 141, 218. 1354 jörðin nefnd í máldaga Desjamýrar. DI III, 97-98. 1509: Þorvarður Bjarnason kaupir Njarðvík fyrir 60 hndr. með 12 kirkjukúgildum og silfurkaleik. DI VIII, 289. 1524: Margrét Þorvaldsdóttir selur Birni Jónssyni Njarðvík. DI IX, 253-254. 1548: Vitnisburðarbréf um sölu á Njarðvík. DI XI, 643. 1559: Kaupir Þorvarður Björnsson Njarðvík af systkinum sínum. DI XIII, 434. 1579: Þorvarður Björnsson gefur Magnúsi syni sínum hálfa Njarðvík og selur honum hin helminginn." Jarðabók 266.

1847 1/2 Njarðvíkurkirkjueign, 1/2 bændaeign. "Landamörk á strandlengju eru við Unaós í Hjaltastaðaþinghá austan við Gripdeild, sem er hengiflug utan í fjöllum og skammt vestur af Kögri (um einn km vestur af Kögurtanganum - sjá kort), og við Snotrunes á Bölmóðshorn, sem en næsta horn austan við krossinn í Njarðvíkurskriðum. Að öðru leyti ráða

vatnaskil á fjöllum mörkum." SJM II, 367. 1918: Tún 10,8, garðar 1011 m2. 1917: "Heimatún þýft, hin greiðfær, fremur grasgefin, sendið tún á parti á Borg. Engjar yfirleitt snögglendar, greiðfærar en ekki véltækar, að meirihluta þurrlendar, dreifðar um bithaga, sumar langt til fjalls. Heybandsvegur góður á engjar í neðra." SJM II, 370.

NM-209:001 *Njarðvík* bæjarhóll bústaður
"1777: "Húsin eru ekki eingöngu illa úr garði gerð, heldur einnig svo mörg, að á einum bæ, t.d. í Njarðvík og víðar, voru 30-40 kofar, sem þó rúmuðu sama og ekki neitt."
Heimildir: Túnakort 1918; ÓO II, 146

NM-209:002 heimild kirkja
"Hún [Kirkjan] stóð í torfhlöðnum kirkjugarði í heimahlaði. Kirkjugarðurinn er skeifuhlaðinn (veggur móti kirkjudyrum beinn) og mjög forn. Hann er friðaður." segir í Sveitum og jörðum. "Í N var bændakirkja, sem fyrr segir. Sóknir var annexía frá Desjamýri. Síðasta vígða kikjan var torfkirkja, rifin skömmu eftir 1920."
NJARÐVÍK (NM) -Maríu, Pétri, Páli, Lárentsíusi, Ólafi (DESJARMÝRARANNEXÍA)
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 4
[Haustið 1269]: Kirckia j niar vijk er helgud mario petro oc paulo Laurencio Olauo:
hun a xx: kugilldi j landi oc fim kugilldi j Bu fe: kugilldis skip: oc kugilldis hross iij kugilldi j þingligs aurum: hun ä prestz messu fot: kalec: kluckur ij. oc rodu kross. oc Bunad sin slijkan sem verda mä:þar skal vera prestûr heimilis fastûr oc syngia allar heimilis tijdir oc log helga [daga] er suo mä: huern dag vm langa fostu: og anan huern vm jola fostu: oc þa er messa er til gior oc vigilia vm langa fostu: huern aptan er suo ma kaupa iiij mo[r]kûm ad presti: oc lýsa kirkiu frä märiu messu ofri thil vnz lijdur paska viku: oc tijûndir heima mana og fim merkur vax jt minsta: etcet: ; Máld DI II 65-66
[1367]: clxii. Mariukirkia j niardvijk a suo micit j heimalande sem prestzskylld heyrer. iij kugilldi. xij aurar jnnann gatta.
les vilchinsbok. þui þetta ber alltt samann; Hítardalsbók DI III 232
1397: aa suo mikit j hæmalandi sem prestskylldh heyrir. ... holmr fylger hænni sa sem liggr a borgarfyrdi oc torfuo skalæ oc þar med skipwist. [+hvalreka] Þar skal vera prestr Porcio ecclesie vm nítian aar. halft þridia hundrat medan sira tæitr bio oc biornn son hans; Máld DI IV 222
[1560]: Máld DI XIII 554
1575: Máld DI XV 687
[1589]: Máld DI XIII 554-555
Heimildir: SJM II, 370

NM-209:003 *Naddakross* heimild
"Akvegurinn, sem nú liggur um Njarðvíkurskriður er um 700 m langur. Næsta horn norðan Bölmóðs heitir Krossjaðar. Á honum stendur Naddakross, sem er úr tré með steyptri steinplötu undir og á hann grafin þessi áletrun: Effigiem Christi, qui transis pronus honora. Anno MCCC VI. Hann stóð áður í grasjaðri ofan götu, en var færður niður fyrir vegbrún, þegar akvegurinn var gerður um skriðurnar. Krossinn hefur oft verið endurnýjaður, en jafnan haldið sömu áletrun." segir í örnefnalýsingu. "Munnmæli herma, að fyrr á öldum hafi óvættur, er Naddi nefndist (af því að það naddaði í grjótinu undir fótum hans, er hann gekk um skriðurnar), hafi hafst við í helli einum, ofarlega í Naddagili, er síðan heitir Naddahellir. Naddi rændi þá, er um skriðurnar fóru, og varð nokkrum mönnum að bana, unz bóndasonur einn, Jón að nafni, frá Gilsárvallarhjáleigu, aðrir segja frá Njarðvík, réði niðurlögum hans. En í þakklætisskyni fyrir það, svo og til öryggis ferðamönnum á þessum hættuslóðum, var

krossinn reistur. Hefir það verið venja, að þeir sem um skriðurnar fara, læsu Faðirvorið eða gjörðu bæn sína hjá krossinum." 1777: "Á miðri leiðinni er lítill trékross. Þar lesa allir ferðamenn faðirvor eftir gömlum sið og í tilefni af þeirri áletrun, sem á krossinum stendur: Effigiem Christi qui transis pronus honora."

Heimildir: Ö-Njarðvík, 2; ÓO II, 121

NM-209:004 *Naddahellir* hellir skrímsli

"Skammt fyrir ofan veg í Naddagili að norðanverðu er Naddahellir, er nú hrunið fyrir munann. Þar hafi Naddi ból sitt." segir í örnefnalýsingu. "Munnmæli herma, að fyrr á öldum hafi óvættur, er Naddi nefndist (af því að það naddaði í grjótinu undir fótum hans, er hann gekk um skriðurnar), hafi hafst við í helli einum, ofarlega í Naddagili, er síðan heitir Naddahellir. Naddi rændi þá, er um skriðurnar fóru, og varð nokkrum mönnum að bana, unz bóndasonur einn, Jón að nafni, frá Gilsárvallarhjáleigu, aðrir segja frá Njarðvík, réði niðurlögum hans." "Naddahellir á að vera undir neðsta klettinum ofan við veginn sögðu gamlir menn á Nesi, en fyrirfinnst nú ekki því að skriður hafa lokað opi hans og ef til vill fyllt hann alveg. Þetta var að sögn Ármanns [bóndi í Nesi 1886-1914) djúpur hellir og bústaður Nadda eins og nafn bendir til. Hann sagði að langt inni í hellinum væri járngrind fyrir afhelli, og hefði sá er að henni kom fundið hangandi á grindinni samanbundna leðurskó löðrandi í blóði."

Heimildir: Ö-Njarðvík, 2, 3; Örnefni norðan frá Króksbakka í Njarðvík , 2

NM-209:005 *Njarðvíkurskriður* gata leið

"Akvegurinn, sem nú liggur um Njarðvíkurskriður er um 700 m langur. Næsta horn norðan Bölmóðs heitir Krossjaðar. Á honum stendur Naddakross, sem er úr tré með steyptri steinplötu undir og á hann grafin þessi áletrun: Effigiem Christi, qui transis pronus honora. Anno MCCC VI. Hann stóð áður í grasjaðri ofan götu, en var færður niður fyrir vegbrún, þegar akvegurinn var gerður um skriðurnar. Krossinn hefur oft verið endurnýjaður, en jafnan haldið sömu áletrun." segir í örnefnalýsingu. 1777: "Milli Njarðvíkur og Borgarfjarðar liggur leið, sem heitir Njarðvíkurskriður. Er það einn hinn hættulegasti vegur á Íslandi, því að bæði er þar snarbratt og gatan svo mjó, að sá sem fer þar um sér ekkert annað en grængólandi sjóinn og hvítan sandbotn hans fyrir neðan sig. Þess vegna er það, að sumir, sem er svimagjarnt og óvanir leiðinni, láta binda um sig reipi og leiða sig af tveimur fylgdarmönnum yfir hættulegasta hluta leiðarinnar."

Heimildir: Ö-Njarðvík, 2; ÓO II, 121

NM-209:006 heimild lending

"Ef við höldum áfram lengra inn með sjó verður fyrir okkur stórgrýtt fjara, sem kallast Urð. Nær hún alla leið inn að Sandi í Suðurkrók. Um miðja urðina gengur klöpp ein fram í sjó, heitir hún Fiskiklöpp, er stundum landað þar fiski, lending þó vond." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Njarðvík, 4

NM-209:007 *Króksbakki* bæjarstæði býli

"Þegar Urðinni [sjá 005] sleppir tekur við bogamynduð sandfjara, er liggur fyrir botni víkurinnar, kölluð Njarðvíkursandur. Syðsti hluti hans nefnist Suðurkrókur, þar fellur Njarðvíkurá til sjávar og myndar allstórt lón, skammt innan við árósinn, kallað Lón. Smálækur fellur niður í Krókinn, er heitir Krókslækur. Á bakkanum við Krókinn er eyðibýlið Króksbakki (fór í eyði 1936 og var síðasti ábúandi þess Helgi Björnsson)." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Njarðvík, 4

NM-209:008 *Hólatóft* heimild fjárhús
"Svæðið neðan við veginn frá Króksbakka að Hólagili kallast Bakki. Örskammt innan við Hólagil eru alháir melhaugar, sem Hólar heita. Ef gengið er upp á þá framan til sést tóft, sem kallast Hólatóft." segir í örnefnalýsingu. Þar hafði Jóhannes Jónsson sauði sína.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 4

NM-209:009 *Fremrasel* heimild sel
"Fjallið fyrir utan Geldingaskörð heitir Geldingafjall, 634 m. Niður af því, yzt, liggur melhryggur, sem endar á höfða við ána, sem heitir Fremri-Hríshöfði, og framan á honum er Fremrasel." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 8

NM-209:010 *Ytra-Njarðvíkursel* tóftir sel
"Nokkurn spöl frá Víkurá, rétt utan við Selána, er Ytra-Njarðvíkursel og heitir Selmýri þar fyrir utan. Þar á selinu stóð að sögn Fljótsdælu bær, er Virkishús hét, og sjást þar enn miklar leifar eftir húsatættur." segir í örnefnalýsingu. Virkishúsa er getið í Fljótsdælu. "Sá bær stóð inn í Njarðvíkurdal, gilda bæjarleið inn frá aðalbænum. Þar er tún mikið, tóttir fornar og garðalög. Er nú í munnmælum, að það hafi verið að Virkisstöðum. Þar er nú kallað Ytrasel."
Heimildir: Ö-Njarðvík, 9; IF XI, 262-263; Safn til sögu II, 488

NM-209:011 *Virkishús* bæjarstæði býli
"Nokkurn spöl frá Víkurá, rétt utan við Selána, er Ytra-Njarðvíkursel og heitir Selmýri þar fyrir utan. Þar á selinu stóð að sögn Fljótsdælu bær, er Virkishús hét, og sjást þar enn miklar leifar eftir húsatættur." segir í örnefnalýsingu. Nefnt fornbýli í skrá HS. Nefnt í ÞJÁ IV, 112. Þar segir að rústir og grafir séu þarna.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 9; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182

NM-209:012 *Króksbakki* bæjarstæði býli
"Býlið stofnaði Björn Þorkelsson frá Njarðvík 1904. ... Túnblettur var á bakkanum neðan við bæinn ..." segir í Sveitum og jörðum. 1918 var þar tvískipt þrepabaðstofa og kjallari undir eldhúsinu í austurendanum, hesthús og fjós var áfast.
Heimildir: SJM II, 373

NM-209:013 sögustaður
"Næsta fjall utan Göngudals er Kerlingafjall. Vestan í Kerlingafjalli er allstór botn, gróðurlítill, kallaður Kerlingabotn. Sunnan í því, allhátt, eru tveir hjalli kallaðir Efri- og Neðri-Gunnarshjalli. Á Efrihjallanum átti Gunnar Þiðrandabani að hafa hafzt við í tjaldi sínu, bak við stóran stein, eftir víg Þiðranda, að sögn Fljótsdælu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 10

NM-209:014 sögustaður
"Í Göngudalsánni höfðust Kórekssynir við, nóttina eftir bardagann í Njarðvík." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 10

NM-209:015 heimild rétt
"Á láglendinu skammt utan Göngudalsár er dæld kölluð Lynglág. Framan við hana, þar sem

mólendið ber hæst rétt neðan við réttina og örskammt utan við reiðgöturnar til Göngudals [012]..." segir í örnefnalýsingu. Ekki ljóst hvort þetta er nýleg eða gömul rétt.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 10

NM-209:016 heimild legstaður
"Á láglendinu skammt utan Göngudalsár er dæld kölluð Lynglág. Framan við hana, þar sem mólendið ber hæst rétt neðan við réttina og örskammt utan við reiðgöturnar til Göngudals [012], er hringlagaður fornmannahaugur, en ekki er vitað, hver þar er heygður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 10

NM-209:017 *Þorragarður* garðlag
"Um það bil beint út af skilaréttinni, æðispöl frá Lynglág, er smálægt, sem Andrésarlág heitir. Skammt fyrir utan hana er fornt garðlag, er nær ofan úr Kerlingafjalli í sjó fram milli Borgar og Njarðvíkurbæja, kallað Þorragarður. Er talið, að það sé vörzlugarður sá, er Ásbjörn vegghamar hlóð skv. frásögn Fljótsdælu." segir í örnefnalýsingu. Friðl. sem. Þorragarður, forn vörslugarður 2 km. langur, frá sjávarbakka ofan við Borg og inn fyrir tún upp í Kerlingarfjall."
Heimildir: Ö-Njarðvík, 10; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57; sbr. IF XI, 260

NM-209:018 *Haugar* örnefni legstaður
"Fyrir utan hann [Þorragarð 012], lítið eitt frá fjallinu, eru haugar í mýrlendinu, kallaðir Haugar, en óvíst hvort þar sé um dysjar að ræða." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 10-11

NM-209:019 gata leið
"Vestan við Bæjarhól, norðan gömlu reiðgötu, eru Teigar ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 11

NM-209:020 *Lambhústún* örnefni lambhús
"Norðan við Bæjarhól er Lambhústún og út af því Hesthústún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 11

NM-209:021 *Hesthústún* örnefni hesthús
"Norðan við Bæjarhól er Lambhústún og út af því Hesthústún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 11

NM-209:022 *Fjósaþýfi* örnefni fjós
"Fyrir utan bæ er Fjósaþýfi, þá Hringur ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 11

NM-209:023 *Sauðaborg* heimild
"Býlið út við sjóinn heitir Borg og er það kennt við hringlaga Sauðaborg, sem er rétt utan við íbúðarhúsið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 11

NM-209:024 *Þiðrandaþúfa* sögustaður
"Í Borgartúni, á svonefndri Löngutungu er þúfa, sem nefnist Þiðrandaþúfa; þar á Þiðrandi Geitisson að hafa verið veginn, svo sem sagt er frá í Fljótsdælu; þúfunni [svo] er nú friðlýst."

segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 11; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57

NM-209:025 *Stekkur* bæjarstæði býli
"Utan við ána [Stekká] spölkorn frá sjó, stóð býlið Stekkur, og í kringum það Stekkjartún. Býli þetta eyðilagðist í snjóflóði úr Tóarfjalli aðfaranótt 2. febr. 1883." segir í örnefnalýsingu. "Flóðið braut öll hús, nema bæjardyrnar. Norðurstafn baðstofunnar ásamt rjáfinu féll inn og ofan á fólkið sofandi. Þar fórust hjónin Guðmundur Eiríksson og Sesselja Þorkelsdóttir, dóttir hjónanna og fósturdóttir, báðar ungar, móðir bóndans á áttræðisaldri og vinnukona. En 2 synir bóndans lifðu undir flóðinu frá því á föstudagsnótt til laugardags, er þeim var bjargað óskemmdum." Segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt viðbótum við örnefnalýsingu Njarðvíkur var býlið skýrt Njarðartún árið 1887.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 12; Ö-Njarðvík viðb, 1

NM-209:026 *Fonustekkarlækur* örnefni stekkur
"Utan við Skemmudal [Skammadal] er Tóarfjall. Ofan til í því eru grastorfur kallaðar Efri- og Neðri-Sultartorfa. Niður af þeim kallast Bakkar; niður af Sultartorfum rennur lækur, kallaður Sultartorfulækur. Nokkru utar rennur annar lækur, er heitir Fornustekkarlækur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 12

NM-209:027 heimild verbúð
"Næst Litlutjarnarfjöru er bás, sem heitir Háski en upp af honum Háskajaðar, er nær upp á Hnausa. Utan við hann er Skálanesfjara, en utan við hana er allstórt grasivaxið nes, með grasigróna jaðra upp af, er heitir Skálanes. Austast á því er hóll, sem heitir Króarhóll. Þar var áður útræði." segir í örnefnalýsingu. "Verbúðatættur á Skálanesi, en gleymdar eru sagnir um útræði þaðan." segir í Sveitum og jörðum.
Ö-Njarðvík, 13; SJM II, 369

NM-209:028 *Skálaneshöfn* heimild lending
"Niður af Skálanesi [sjá 027] er bás, kallaður Skeljabás, en tanginn, sem skagar suður úr nesinu heitir Skálanestangi. Vestan í honum er Skálaneshöfn, og var þar lending." segir í örnefnalýsingu. 1777: "Í Njarðvík er tveggja lendinga, Brimnesshafnar og Skálaness, að góðu getið, einkum hinnar síðarnefndu, þar sem hægt væri að koma upp verstöð."
Heimildir: Ö-Njarðvík, 13; ÓO II, 149

NM-209:029 *Þiðrandahaugur* þjóðsaga legstaður
FF: "Sagt heyri eg, ad nockur merki siái enn til Þidranda Haugs í Niardvík vid Borgarfiörd, hvors Fliotsdæla hin leingri getur; en ecki hefur mér Tækifæri gefist ad skoda hann, og ecki heldur getad skira Undirretting umm hann feingid." [aftmg.VIII,2: Sbr. Fljótsdæla saga, í Austf.s. JJ, Rv., 1950, 267 Fljótsdæla var fyrst gefin út á prent 1883; þessi munnmæli hljóta því að styðjast við handrit. Líklega handrit það sem Árni lét skrifa af Fljótsdælu, sjá skýrslu Benedikts Þórðarsonar frá 1848 á bls.639-40]. FF,26,33. "I Niardvikur Tuni ér köllud Þidrandaþúfa, líklega Þidrandahugur og bér hann ecki hærra, enn litelfiörlegt leydi, samt giétur madur sied, ad gardur hafi þari kring vérid hladinn [aftmg.:1: "Frá Þiðrandaþúfu er sagt í Fljótsdæla sögu, sjá Austf.s., Jón Jóhannesson, Rv 1950, 264 Sjá einnig Safn t. s. Ís. II Kh., 1886, 477 og Jón Árnas. Ísl. þjs. IV, Rv, 1956,112.]. "
Heimildir: FF I, 26; 33,52

NM-209:030 *Borg* bæjarstæði býli
"Eftir að býlin Borg og Stekkur voru stofnuð á 19. öld ... Gamla túnið var að mestu rófa upp með bæjarlæknum, Rauðalæk og dávæn spilda handan lækjar, þar sem Þiðrandaþúfur liggja enn óhreyfðar." segir í Sveitum og jörðum. "Torfbæir. Bóas byggði tvisvar, en ekki þrisvar upp bæinn að miklu leyti. Baðstofur voru með eldhúsi og geymslu undir palli og tvískiptar uppi, hjónahús í vesturenda. Járnklædd hlið suður á hlað."
Heimildir: SJM II, 367

NM-209:031 heimild leið
"Ekki er gangfært alla leið milli Kögurnessins og Selvogsness í Óslandi ... á þessum slóðum eru bestu fjárhagarnir í Njarðvík. Þó þykir Njarðvíkurbændum illt að vita af fé norður undir fjöllum, þegar vetrar, þar er hættusamt næði við sjó og í flugum og erfitt um vik að ná þaðan fé, er snögglega gengur í veður. Þá þykir fljótlegast að fara upp Skemmudal og niður Grasdal ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 368

NM-209:032 *Austmannatóttir* tóft
"Einnig eru friðlýstar "Austmannaóttir hjá bænum"." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 369; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57

NM-209:033 heimild rétt
"Skilarétt stendur enn í lyngmóadæld við gamla veginn niður af Göngudal, notuð fram um 1950." segir í Sveitum og jörðum. Gæti verið sama og 015.
Heimildir: SJM II, 369

NM-209:034 *Fremstibær* bæjarstæði býli
"Heimabæirnir í N stóðu 3 saman drjúgan spöl frá sjó og fram undan Kerlingafjalli, Fremstibær, Miðbær og Ystibær, síðar Frambær og Útbær, er einn aflagðist og að lokum Útbær einn. Þegar endurbyggt var 1957 var bærinn færður út á svonefndan Aur fram undan Skemmudal ..." segir í Sveitum og jörðum. Einhver af þessum 3 bæjum gæti verið upprunalega bæjarstæðið, ekki ljóst hver þeirra en einhver.
Heimildir: SJM II, 370

NM-209:035 *Miðbær* bæjarstæði býli
"Heimabæirnir í N stóðu 3 saman drjúgan spöl frá sjó og fram undan Kerlingafjalli, Fremstibær, Miðbær og Ystibær, síðar Frambær og Útbær, er einn aflagðist og að lokum Útbær einn. Þegar endurbyggt var 1957 var bærinn færður út á svonefndan Aur fram undan Skemmudal ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 370

NM-209:036 *Skemmudalur* örnefni
"Heimabæirnir í N stóðu 3 saman drjúgan spöl frá sjó og fram undan Kerlingafjalli, Fremstibær, Miðbær og Ystibær, síðar Frambær og Útbær, er einn aflagðist og að lokum Útbær einn. Þegar endurbyggt var 1957 var bærinn færður út á svonefndan Aur fram undan Skemmudal ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 370

NM-209:037 *Ystibær* bæjarstæði býli
"Heimabæirnir í N stóðu 3 saman drjúgan spöl frá sjó og fram undan Kerlingafjalli,

Fremstibær, Miðbær og Ystibær, síðar Frambær og Útbær, er einn aflagðist og að lokum Útbær einn. Þegar endurbyggt var 1957 var bærinn færður út á svonefndan Aur fram undan Skemmudal ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 370

NM-209:038 heimild mylla

"Myllutættur við Stekká og Göngudalsá." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 370

NM-209:039 heimild mylla

"Myllutættur við Stekká og Göngudalsá." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 370

NM-209:040 heimild áveita

"Læk veitt að bæ til að ná neysluvatni, hlaðin renna." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 370

NM-209:041 heimild leið

"Heimatún þýft, hin greiðfær, fremur grasgefin, sendið tún á parti á Borg. Engjar yfirleitt snögglendar, greiðfærar en ekki véltækar, að meirihluta þurrlendar, dreifðar um bithaga, sumar langt til fjalls. Heybandsvegur góður á engjar í neðra." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 370

NM-209:042 heimild fjárskýli

"... og rétt hjá íbúðarhúsinu [Borg] [er] hringamynduð tótt jarðsokkin mjög. Þar er væntanlega fjárborg sú, sem bærinn mun kenndur við." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 372

NM-209:043 heimild beitarhús

"Beitarhús í Hólum [hjá Borg] sunnan ár, löngu aflögð." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 372

NM-209:044 þjóðsaga

ÞJÁ: "Það var sögn manna að fyrr á tíðum hefði ætíð í hvörs bónda tíð orðið vart við ýmislegt óvanalegt; sú trú hélst við í Njarðvík fram á átjándu öld. Það var einu sinni fyrrum að maður fór yfir fjallveg þann sem Eggjar heita, um vetrartíma. Vegurinn liggur með gili því sem Hvannagil heitir. Honum var litið ofan í gilið; hann sá þá hvar stórvaxinn maður lá og hafði bagga á baki. Hann var að laga á sér skóinn og leit til mannsins. Honum sýndist býsna mikill vöxtur hans, varð hræddur og hljóp ofan sem fætur toguðu."

Heimildir: ÞJÁ I, 159

NM-209:045 *Eggjar* heimild leið

ÞJÁ: "Það var sögn manna að fyrr á tíðum hefði ætíð í hvörs bónda tíð orðið vart við ýmislegt óvanalegt; sú trú hélst við í Njarðvík fram á átjándu öld. Það var einu sinni fyrrum að maður fór yfir fjallveg þann sem Eggjar heita, um vetrartíma. Vegurinn liggur með gili því sem Hvannagil heitir. Honum var litið ofan í gilið; hann sá þá hvar stórvaxinn maður lá og hafði bagga á baki. Hann var að laga á sér skóinn og leit til mannsins. Honum sýndist býsna mikill vöxtur hans, varð hræddur og hljóp ofan sem fætur toguðu."

Heimildir: ÞJÁ I, 159

NM-209:046 þjóðsaga

ÞJÁ: "Sá var siður barna í Njarðvík að heiman og úr hjáleigunni að á vetrarkvöldin í tunglsljósi slógu þau sér saman til leika, en einu sinni eitt kvöldið þá þau að vana hættu að skemmta sér hlupu heimabörnin að bæjardyrunum og ætluðu stanzlaust inn. Þá sáu þau í tungsljósinu að maður lá þvert yfir bæjardyrnar. Hann var svo stór að hann varð að kreppa sig um knésbætur og var þó húsið breitt. Þau urðu hrædd, en réðu það af að hlaupa undir knésbætur hans, en sakaði ekki."

Heimildir: ÞJÁ I, 159

NM-209:047 *Torfuskáli* heimild verbúð

"1397: aa suo mikit j hæmalandi sem prestskylldh heyrir. ... holmr fylger hænni sa sem liggr a borgarfyrdi oc torfuo skalæ oc þar med skipwist. [+hvalreka]"

Heimildir: DI IV 222

NM-209:048 kuml legstaður

"Þjóðminjavörður kannaði fornkuml í Njarðvík í Norður-Múlasýslu, en þar hafði fundizt höfuðkúpa af manni tveimur árum áður, og einnig við forvitnisgröft á árunum milli 1915 og 1920. En kumlið var algjörlega tómt, fannst þar aðeins eitt kjúkubein úr manni, ekki tangur né tetur annað."

Heimildir: ÞM: Árbók 1983, 180

NM-209:049 *Brimneshöfn* heimild lending

1777: "Í Njarðvík er tveggja lendinga, Brimnesshafnar og Skálaness, að góðu getið, einkum hinnar síðarnefndu, þar sem hægt væri að koma upp verstöð."

Heimildir: ÓO II, 149

NM-210 Snotrunes

20 hdr. 1695, 1847. Nessins Snotruness er getið í Fljótsdælu. IF XI, 272. 1505: Narfi í Skriðuklaustri selur Vigfúsi Erlendssyni Ystuskála undir Eyjafjöllum fyrir Snotrunes í Borgarfirði auk lausafé. DI VII, 805. "Landamörk við Njarðvík eru í Skriðum rétt austan við kross og við Geitavík aðeins innan við nýbýlið Framnes, sem er byggt úr Snotruneslandi og skurður á mörkum neðan við veg." SJM II, 374.

1918: Tún 5,2 ha. "Gamla túnið er á framhlaupi Bæjarlækjar þvert um undirlendið, vel grasgefið og ókalkhætt, en var mestallt illþýft." 1917: "Tún í góðri rækt, 2ha. sléttir. Engjar sagðar snöggar, þýfðar og votar, en nærtækar og heygóðar og engjavegur stuttur og góður." SJM II, 374-375.

NM-210:001 *Snotrunes* bæjarhóll bústaður

"S I: Bær, byggður 1890, baðstofa 12x9 álnir, portbyggð, alþiljuð, slétt súð úr plægðum viði, aflviðir rékatré. Eldhús (upphaflega piltahús) og grænmáluð stofa niðri, þrískipt uppi. 4 stafna bæjarhús suður á hlaði ... S II: Byggt upp '01 norðan við bæinn á S I og áfast. baðstofa 10x5 álnir, portbyggð með reisifjöl, tvískipt uppi niðri stofa og fjós. Svokölluð "Litlaloft" byggt þvert á baðstofu, eldhús niðri, hálfþiljað með moldargólfi og bæjardyr, svefn- og geymsluloft yfir." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 376

NM-210:002 heimild bænhús
"Fyrir eina tíð var þar aðalbýli og hjáleiga, sem getur í jarðabók Brynjólfs biskups (17. öld), og enn kallast túnspilda Hjáleiga. ... Reyndar er getið um og lýst bænhúsi í sömu heimild." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM V, 420

NM-210:003 heimild beitarhús
"Sunnan við Torflæk neðst heitir Torflækisgrund (beitarhús)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 1

NM-210:004 *Stekkjarbotnar* örnefni stekkur
"Ofan við grundirnar heitir Torflækisbakki, þar ofar heita Móar, og liggur þjóðvegurinn í gegnum þá. Ofan við Móana heita Melar, norðan við þá Stekkjarbotnar. Þar ofar Efri-Stekkjarbotnar, sem ná að Torflækjargili, sem er þar bæði stórt og breitt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 1

NM-210:005 *Grafir* heimild mógrafir
"Leiti heitir skammt utan við Torflæk. Þá kallast Mýrar, sem ná að Dalslæk, sem er skammt innan við Snotrunesbæ. Bakkarnir neðan við Mýrar heita Hvammar, yzti hluti Dalslækjarhorn; innst eru gamlar mógrafir, heita Grafir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 1

NM-210:006 *Eyvararstekkur* tóft stekkur
"Smágil utan við Mýrar [sjá 005] heitir Bröttubrúnagil, utan við það Dalslækjartunga (tún), þar ofar Dalslækjarþýfi. Vestan við það Eyvararstekkur (mjög gamlar tættur)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 1

NM-210:007 *Biskupskelda* örnefni
"Utan við Dalslæk neðst heitir Borg (tún). Lítill lækur eða kelda utan við Borgina heitir Biskupskelda." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 2

NM-210:008 *Kvíar* örnefni kvíar
"Ofan við túnið Kvíar og Kvíahvammur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 2

NM-210:009 *Efri-Hjáleiga* bæjarstæði býli
"Efri- og Neðrihjáleiga heita tún utan við [Bæjar]lækinn." segir í örnefnalýsingu. "Fyrr á öldum hefur varið þar hjáleiga, og heitir svo túnpartur. Þar komu upp mannvistarleifar í hlöðugreftri, m.a. krítarpípur, svo að býlið virðist hafa verið byggt eftir að menn lærðu að reykja." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 2; SJM II, 374

NM-210:010 *Neðri-Hjáleiga* bæjarstæði býli
"Efri- og Neðrihjáleiga heita tún utan við [Bæjar]lækinn." segir í örnefnalýsingu. "Fyrr á öldum hefur varið þar hjáleiga, og heitir svo túnpartur. Þar komu upp mannvistarleifar í

hlöðugreftri, m.a. krítarpípur, svo að býlið virðist hafa verið byggt eftir að menn lærðu að reykja." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 2; SJM II, 374

NM-210:011 *Heystæði* örnefni heystæði

"Þar ofar Sórabotnsmelur og Stóribotn. Þar dálítið eggjaland. Utar og neðar er lítill melur, heitir Heystæði. Ofan við Stórabotn heitir Nesháls; þar eru landamerki við Njarðvík." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 3

NM-210:012 heimild nátthagi

"Miðlækjargil er skammt utan við Nesbæ; fellur Miðlækur eftir því. Meðfram Miðlæk neðst er gamall Nátthagi, hlaðinn úr torfi." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 3

NM-210:013 heimild mógrafir

"Næsti lækur við Miðlæk [sjá 012] heitir Yztilækur og Yztalækjargil, sem lækurinn fellur eftir. Stutt fyrir utan Yztaslæk, á sjávarbakkanum, er klettur, sem heitir Krosshöfði. Upp af Krosshöfða heitir Leiti. Krosshöfðakelda utan við Leitið, aðeins utar gamlar svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 3

NM-210:014 *Ólafsborg* heimild fjárskýli

"Þá [eftir 013] taka við mýrar sem kallast Útmýrar. Sjálfir bakkarnir fyrir neðan heita Háubakkar ... (Skammt utar og ofar) er Ólafsborg; þar höfðu Desjamýrarprestar áður skýli fyrir sauði sína, er beitt var í Háukinn, ítak í Nesjalandi. Sér þar enn tóftarbrot." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 4

NM-210:015 heimild stekkur

"Landsendi. Stekkur (gamlar tættur), Stekkjarbrekka ofar. Fremst í henni Brattaenni. Framan við Stekkinn Stekkjardý og -kelda, Stekkjarfjörubakki, þá Stekkjarhraun. Vörðuhraun, utar Vörðuhraunskelda ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 4

NM-210:016 *Vörðuhraun* örnefni

"Landsendi. Stekkur (gamlar tættur), Stekkjarbrekka ofar. Fremst í henni Brattaenni. Framan við Stekkinn Stekkjardý og -kelda, Stekkjarfjörubakki, þá Stekkjarhraun. Vörðuhraun, utar Vörðuhraunskelda ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 4

NM-210:017 heimild nátthagi

"Niður við sjó Drumbafjörubakki, norðar Mávastapabakki, enn norðar Hagahraunsbakki, þar ofar Hagahraun. Sunnan við Hagahraun ævagamall, hlaðinn, stór torfhringur, að líkindum nátthagi fyrir mjólkurær." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 4

NM-210:018 *Stekkjarflúð* örnefni stekkur

"Örnefni meðfram sjónum. Syðst Urð, Urðarsker, Urðarsund, Urðarvogur, Urðarklappir, út af

þeim hátt sker, Einbúi. Torflækjarfoss, Torflæksklappir. Hvannstóðshorn, lítill naggur, Brimill. Hannstóðsbás, aðeins utar Háfur. Mjó og löng skora Sauðabani og Sauðabanaklappir, út af þeim Breiðuflúðir, norðar Dalslækjarfjara. Dalslækjarklappir, austur af þeim Karmar. Þar sem Dalslækur fellur í sjóinn, heitir Dalslækjarlón. Þá Stekkjarflúð og rétt við Litla-Stekkjarflúð. Á milli þessara flúða myndast stór pollur, Andapollur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 5

NM-210:019 *Stekkjarfjara* örnefni stekkur

Austur af Krosshöfða er Prestbanafjara og næsta fjara við það heitir Stekkjarfjara, og er þar löng klöpp, Stekkjarfjöruklöpp, segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snotrunes, 6

NM-210:020 heimild

"Gamlir vallargarðar (víða langt inni í túni, er ég man fyrst. Á.H.") segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 375

NM-210:021 heimild mylla

"Myllutótt við Dalslæk, sem áður hét Myllulækur." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 375

NM-210:022 heimild leið

"Hestagötur, sem sýndu, að alfaraleið hefur legið út brekkur fyrir ofan tún, hleðslur í keldum og mýrarsundum." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 375

NM-210:023 heimild

"1916: Fyrstu súrheysgryfjur, sín á hvoru búi, hlaðnar innan með torfi. Hey einkum súrsað handa kúm." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 375

NM-210:024 heimild

"1916: Fyrstu súrheysgryfjur, sín á hvoru búi, hlaðnar innan með torfi. Hey einkum súrsað handa kúm." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 375

NM-210:025 heimild leið

1917: "Tún í góðri rækt, 2ha. sléttir. Engjar sagðar snöggar, þýfðar og votar, en nærtækar og heygóðar og engjavegur stuttur og góður." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 375

NM-210:026 heimild fjárhús

Í Sveitum og jörðum segir að torffjárhús fyrir 120 byggt 1927 hafi verið á S II.

Heimildir: SJM II, 376

NM-210:027 heimild hlaða

Í Sveitum og jörðum segir að torfhlaða fyrir 200 m3 vat á SII byggð árið 1942.

Heimildir: SJM II, 376

NM-210:028 *Torflækur* örnefni rista
"Torflækisgil er syðsta gil í landinu. Torflækur fellur eftir gili þessu til sjávar, á upptök í Rauðskriðufjalli." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snotrunes, 1

NM-210:029 heimild lending
1777: "Lendingin á Snotrunesi í Borgarfirði er ekki fulltrygg sakir blindskerja, sem eru þar fyrir framan ..."
Heimildir: ÓO II, 149

NM-211 Geitavík

8 hdr. 1695, 1847. Geitavíkur getið í Fljótsdælu. IF XI, 272. 1354: Segir í máldaga Desjamýrarkirkju að hún eigi saltfjöru í Geitvík, milli lækja. DI III, 97. 1397 á Valþjófsstaður hálfan viðreka í ytri Geitvík og viðreka og hvalreka í innri Geitvík. DI IV, 211. 1570 og síðar eru G nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.

Hjáleiga 1847 Geitavíkurhjáleiga. "G er næsti bær innan við Snotrunes, Framnes nú og marka getið þar. Fyrir innan (sunnan) er Bakkagerðisþorp og mörk við Merkilæk, rétt innan við Merki og Geitland og upp á miðjan Bakkadalsstafn í fjalli." SJM II, 378 1918:, (1): Tún 4,9 ha, garðar 820 m2. (2) Tún 1,3 ha. (3) Tún 1 ha. (4) Tún 0,6 ha. 1917: "Tún í góðri rækt, snögglent, þriðjungur sléttur, hitt greiðfært. ... Engjar snögglendar, greiðfærar og véltækar með pörtum, sumar votar, áveita á aðrar, samfelldar góður og stuttur engjavegur , hey létt en hollt. Góðir sumarhagar, létt vetrarbeit, þrönglent, næðingsamt, snjóþungt að jafnaði, ágæt fjörubeit ..." SJM II, 380

NM-211:001 *Geitavík* bæjarhóll bústaður
Gamla bæjarstæðið er þar sem G1 stendur nú. "Sveinn Jónsson og Þórunn og Andrés bjuggu fyrst í útbænum (fyrir utan gil) og höfðu alla jörðina. Þegar Andrés seldi Jóni hálfa jörðina, byggði hann frambærinn framan við bæjargilið." segir í Sveitum og jörðum. "Skv. F´18 þá fjósbaðstofa, portbyggð, 10x5 álnir, þiljuð uppi. Byggt torf-timburhús (torfveggir á tvo vegu) um ´25; niðri stofa og eldhús með stiga upp á tvískipt svefnloft, um 5,50x3,50 m." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 378, 381

NM-211:002 *Landsendi/Merki* bæjarstæði býli
"Merkilækir á upptök sín í Efri-Tjarnarbotnum, sem síðar verður getið, og fellur hann til sjávar rétt framan við Merki, sem er býli í Geitavíkurlandi, áður nefnt Landamót." segir í örnefnalýsingu. Grasbýlið Landsendi var þar sem Merki er nú fyrir 1920, segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Geitavík, 1; SJM II, 381

NM-211:003 *Stekkjarlækur* örnefni stekkur
Austan við Merkiklækjarósa er Blikasker en nær landi er Hásker. "Utan við Háasker, þ.e. utar með firðinum, er Kringlubás. Á fjöru er hann kringlumyndaður. Stutt þar fyrir utan féll Stekkjarlækur fram af klöppum og í sjó foss, Stekkjarlækjarfossi. Nú er hann nærri horfinn, því að mestur hluti lækjarins hefur verið tekinn í skurð, sem rennur út í Stóralón, sem getið

verður hér á eftir. Fjaran utan við lækinn heitir stekkjarlækjarfjara. Skammt frá landi er Stekkjarlækjarsker, og dýpra eru Stekkjarlækjarboðar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 2

NM-211:004 heimild mógrafir
"Frá Merkilæk og út undir tún í Geitavík var allmikið mýrlendi, sem nefndist Geitavíkurblá eða Blá. Neðarlega í henni, utan við túnið í Merki, voru svarðargrafir. Svarðartekja var góð þar, svartur svörður, að meðaltali 4-6 stungur á dýpt, en sums staðar meira." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 4

NM-211:005 heimild mógrafir
"Fyrir ofan Merki, upp með Merkilæk, eru Bugar, þar sem lækurinn rennur í bugðum. Þar fyrir ofan eru þurrkir bakkar, Efrisvörður, sem lækurinn rann í gegnum. Við Efrisvörð var líka svarðartekja." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 4

NM-211:006 *Djöfladý* þjóðsaga
"Í fremri hluta Bláarinnar, út undir Stekkjarlæk, var þýfður og heldur þurrlendari partur, sem nefndist Rimi. Neðarlega í honum var Djöfladý. Sagnir eru um, að þar hafi djöflastóði verið sökkt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 4

NM-211:007 heimild hesthús
"Fyrir ofan bæinn er Bæjarslétta og Hesthústunga eða Tunga. Hesthús var á Hesthústungu." segir í örnefnalýsingu. Tilheyrði G 1.
Heimildir: Ö-Geitavík, 5

NM-211:008 heimild kvíar
"Fyrir ofan bæinn er Bæjarslétta og Hesthústunga eða Tunga. Hesthús var á Hesthústungu. Þar ofan við, innan túngirðingar, var Kvíaból eða Ból, ávalt harðlendi, uppgrónar skriður með þornuðum vatnsfarvegum. Tættur sjást þar eftir kvíar ..." segir í örnefnalýsingu. Tilheyrði G 1.
Heimildir: Ö-Geitavík, 5

NM-211:009 heimild brunnur
"Brunnhús var við Fremragil, notað frá Fremrabæ [G 1.]" segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 5

NM-211:010 lind brunnur
"Uppsprettulind var ofan við garð í Útibæ, og rann smálækur úr henni í Ytragil. Þar var Brunnhús, sem notað var frá Útibæ." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 5

NM-211:011 heimild þvottastaður
"Bæjarlækurinn var aðeins notaður þaðan til að skola þvott." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Geitavík, 5

NM-211:012 *Skipalág* örnefni

"Í Útitúni var fremur lítil lág, aflöng og lág eins og gilin. Svava telur, að hún hafi verið nefnd Skipalág." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Geitavík, 5

NM-211:013 heimild mylla

"Þá er næst spildan milli Grafgilslækjar og Bæjarlækjar. Þar sem Bæjarlækurinn rennur meðfram Bólinu hét hann Myllulækur, aðeins ofan við nýbýlið Skriðuból. Rétt hjá læknum, er lítil tóft, sem lækjarfarvegurinn er í gegnum og er hún kölluð Myllutóft. Ekki er vitað um myllu þarna." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Geitavík, 6

NM-211:014 heimild stekkur

"Ofan við Bólið [008], milli lækjanna, eru óreglulegar lautir, sem heita Krosslágar. Neðan við Krosslágar og rétt framan við Grafgilslæk var stekkjartóft, sem nefndist Stekkur. Hann var með lambakró í öðrum enda." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin fylltist af aurskriðu sumarið 1920.

Heimildir: Ö-Geitavík, 6

NM-211:015 *Streitustaðir* tóftir + garðlag

"Á Neðriennum, inn við Stekkjarlæk [003], eru svonefndir Streitustaðir. Þar sést móta fyrir tóftum og dálitlum garði, sem liggur fyrir utan og neðan þær, og fram að læknum." segir í örnefnalýsingu. "Björn getur þess til, að þarna hafi e.t.v. verið stekkur áður fyrr og Stekkjarlækurinn dragi nafn af honum. Bæjartættur eru ekki þarna."

Heimildir: Ö-Geitavík, 7

NM-211:016 heimild lending

"Niður af bæjum er víkin, sem bærinn dregur nafn af, afmörkuð af 300-400 m löngum tanga út og norður í fjörð. Hann veitir lendingunni í fjörunni lítið skjól og innsigling um víkurmynnið óhrein." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 378

NM-211:017 heimild

"Þar sem íbúðarhúsið G II stendur nú, komu í ljós, er grafið var fyrir húsinu, hleðslur og búsetuleifar. Ef til vill hefur hjáleigubærinn staðið þar, en síðar var hann neðar, beint út af G I og skágata með torfbrú á læknum yfir bæjargilið." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 379

NM-211:018 heimild brú

"Þar sem íbúðarhúsið G II stendur nú, komu í ljós, er grafið var fyrir húsinu, hleðslur og búsetuleifar. Ef til vill hefur hjáleigubærinn staðið þar, en síðar var hann neðar, beint út af G I og skágata með torfbrú á læknum yfir bæjargilið." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 379

NM-211:019 heimild fjárskýli

"Fjárborg á Geitavíkurtanga." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 380

NM-211:020 heimild

"Garður, sennilega forn og mjög siginn, lá frá sjó og upp blá utan til og út að Nesmörkum

ofan við bæi." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 380

NM-211:021 heimild smalakofi
"Undir Kúahjalla utan til eru enn leifar af smalakofa Kjarvals, hlöðnum úr hellugrjóti." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 380

NM-211:022 heimild leið
1917: "Tún í góðri rækt, snögglent, þriðjungur sléttur, hitt greiðfært. ... Engjar snögglendar, greiðfærar og véltækar með pörtum, sumar votar, áveita á aðrar, samfelldar góður og stuttur engjavegur, hey létt en hollt. Góðir sumarhagar, létt vetrarbeit, þrönglent, næðingsamt, snjóþungt að jafnaði, ágæt fjörubeit ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 380

NM-211:023 heimild áveita
1917: "Tún í góðri rækt, snögglent, þriðjungur sléttur, hitt greiðfært. ... Engjar snögglendar, greiðfærar og véltækar með pörtum, sumar votar, áveita á aðrar, samfelldar góður og stuttur engjavegur, hey létt en hollt. Góðir sumarhagar, létt vetrarbeit, þrönglent, næðingsamt, snjóþungt að jafnaði, ágæt fjörubeit ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 380

NM-212 Geitavíkurhjáleiga

Hjáleiga Geitavíkur, í ferðabók ÓO segir að Geitavíkurhjáleiga sé í eyði frá 1756. ÓO: Ferðabók II, 142

NM-212:001 *Geitavíkurhjáleiga* bæjarhóll bústaður
"Þar sem íbúðarhúsið G II stendur nú, komu í ljós, er grafið var fyrir húsinu, hleðslur og búsetuleifar. Ef til vill hefur hjáleigubærinn staðið þar, en síðar var hann neðar, beint út af G I og skágata með torfbrú á læknum yfir bæjargilið." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 379

NM-213 Bakki

20 hdr. 1555, 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og Fljótsdælu. IF XI, 151, 273. 1516: Skeggi Þórólfsson selur Vigfúsi Erlendssyni Miðbæli fyrir Bakka, fyrir 20 hndr. DI VIII, 115. 1555: Bakki nefndur í kaupmálabréfi Eiríks Snjólfssonar og Þuríðar Þorleifsdóttur, B þá 20 hndr. DI XIII, 80. 1569: Kaupbréf fyrir Bakka. DI XV, 310-311. 1671: Pétur Einarsson selur Brynjólfi Sveinssyni biskup 8 hndr. í Bakka. Jarðabók 268. 1671: Pétur Einarsson selur Brynjólfi Sveinssyni 2 hndr í Bakka fyrir 24 ríkisdali. Jarðabók 268.

Eyðihjáleiga, Bakkagerði. Bakkagerðisþorp byggðist í landi beggja jarðanna. "Mörk Bakkatorfunnar, B og Bakkagerðis, eru að utan við Geitavík. Að austan er Fjarðará, og að innan (sunnan) liggja mörk skammt utan við Grjótá, en fylgja síðan ánni frá beygju rétt

ofan við þjóðveg og sama horf á Urðardalsvarp utan við Dyrfjallstind. Náttmálahnjúkar eru út af vatninu Mörk B og spöl inn veginn inn á sveit, yfir Bakkamel um áberandi stein jarðfastan og líka stefnu inn í Grjótá." SJM II, 384 1918: Tún 20,5 ha.

NM-213:001 *Bakki* bæjarhóll bústaður
"Bakkabærinn stóð um einn km upp frá sjó og skammt neðan fjalls á fornu bæjarstæði, sem áin hefur nú í seinni tíð verið að naga úr, og hafa ýmsir munir komið í ljós á brotasárinu og farvegi árinnar." segir í Sveitum og jörðum. Bæjarstæðið eru friðlýstar fornleifar.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 385; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57

NM-213:002 *Bakkagerði* bæjarstæði býli
JJ: "1760 og 1804 er hér með talin hjáleiga, Bakkagerði, í eyði." Jarðarinnar er heldur ekki gerið í j.bók '61 en í fasteignabók árið 1922. "Bakkagerðisbærinn stóð úti við sjó ofan við Svínalæk og túnbleðill inn af. Nú eru tún Bakkagerðinga á nokkurn veginn þurrum vallendisbökkum innan við húsin ..." segir í Sveitum og jörðum. Á túnakorti frá 1918 segir að túnin séu 7,35 ha.
Heimildir: JJ 1847, 360; SJM II, 386-387

NM-213:003 *Bakkagerði* bæjarstæði býli
"Fyrir síðustu aldamót var Bakkagerði orðin sjálfstæð eign og átti land frá Fjarðará að Bakkaárósi." segir í örnefnalýsingu. Ekki víst að Bakkagerði nýja hafi verið byggt ofaná gamla býlinu Bakkagerði og því eru bæði býlin skráð.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 1

NM-213:004 heimild lending
"Kippkorn sunnar í sömu fjöru [og 068] var lengi vel lending kaupfélagsins í svonefndum Króki." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 386

NM-213:005 *Miðhús* heimild útihús
"Lítið eitt ofar og út við Bakkárgil var Lækjarhús, þar fyrir ofan Miðhús ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:005 *Leirgrófarvað* heimild vað
"Skipti Bakkaá að Bólakeldu, sem rennur út neðan við Bólstaðaenda. Þaðan voru landamerki um Stórastein á Bakkamel inn á vesturhorn Bakkamels- þaðan með svonefndum Reiðgötum, sem lágu frá Bakkabæ, inn að Leirgrófarvaði, síðan eftir innsveitarvegi að mörkum Jökulsár." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 1

NM-213:006 heimild lending
"Nokkru neðar [en Svínalækur], þ.e. lengra frá fjallinu, skerst svokallað Lón inn í klappirnar. Það myndast milli klappa og skerjaklasa fyrir utan. Enn neðar er Vogurinn, áður nefndur Bakkagerðisvogur. Þar voru gerðar lendingarbætur, og var hann mikið notaður, áður en bryggja kom í Bakkagerði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 3

NM-213:007 heimild skemma

"Næsti vogur [við 006] er Syðrivogur. Hann er enn mjórri en hinn. Vogurinn var einnig nefndur Jónsvogur. Þar hafi Jón Guðmundsson sjóhús sín upp úr aldamótum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 3-4

NM-213:008 *Vör* heimild lending

"Í Ósklöppum er svonefnd Vör, rétt við íbúðarhús, sem var ofan við klappirnar og nefndist Ós. Í Vörinni var lendingin, þegar sjósókn var í árabátum frá Ósi." segir í örnefnalýsingu. 1777: "Lendingin á Snotrunesi í Borgarfirði er ekki fulltrygg sakir blindskerja, ... en betri lendingar eru á Bakka og í Hafnarvík, þótt þar séu engar verulegar verstöðvar."

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 4

NM-213:009 *Kjóahraunsvað* heimild vað

"Sjór gengur á flóði nokkuð inn í Fjarðará. Er sá hluti árinnar nefndur Lón. Innan til í því er steinn, sem stendur upp úr vatninu nema í allra mestu vöxtum. ... Nokkru innar, skammt utan við Fjarðarárbrúna, er Kjóahraunsvað, en Kjóahraun heitir klettaholtið, sem brúin er aðeins innanvert við." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 4-5

NM-213:010 *Álfaborg* örnefni

"Utan við Dýjablá neðan til, hátt yfir umhverfið, rís stök klettaborg, Álfaborg, sem Borgarfjörðurinn mun draga nafn sitt af." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 5

NM-213:011 *Völvuleiði* heimild legstaður

"Utan við Dýjablá neðan til, hátt yfir umhverfið, rís stök klettaborg, Álfaborg, sem Borgarfjörðurinn mun draga nafn sitt af. Upp á henni er grasi vaxin þúst. Þórður man ekki til, að hún væri nefnd nafni, en í fyrri örnefnaskrá er hún nefnd Völvuleiði, einnig í Sveitum og jörðum í Múlaþingi, og þar er sagt, að hún sé friðlýst." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 5

NM-213:012 *Grænatóft* tóft heystæði

"Landamerki milli Bakka og Jökulsár voru áður fyrr frá Grænutóft á Fjarðarárbakka utan við Grjótárós í Jökulsárlandi ...Grænatóft mun hafa verið gömul heytóft." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 6-7

NM-213:013 tóft

"Fyrir nokkrum árum [1957] varð landamerkjaþræta milli Bakkagerðis og Jökulsár. Hafði Grjótá þá löngu í vatnavöxtum fyllt Yztabaug, Lýritiþúfa var ekki finnanleg, og á bakka Fjarðarás voru tvær tættur grænar og grónar og nokkurt bil á milli. Var gerð áreið á mörkin og hlaðin landamerkjavarða miðja vegu milli tóftanna og landamörkin ákveðin ..." segir í örnefnalýsingu. Þar sem ekki er öruggt að önnur tóftanna sem þarna er talað um sé Grænatóft 012 eru þær báðar skráðar.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7

NM-213:014 tóft

"Fyrir nokkrum árum [1957] varð landamerkjaþræta milli Bakkagerðis og Jökulsár. Hafði Grjótá þá löngu í vatnavöxtum fyllt Yztabaug, Lýritiþúfa var ekki finnanleg, og á bakka Fjarðarás voru tvær tættur grænar og grónar og nokkurt bil á milli. Var gerð áreið á mörkin

og hlaðin landamerkjavarða miðja vegu milli tóftanna og landamörkin ákveðin ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7

NM-213:015 varða landamerki

"Fyrir nokkrum árum [1957] varð landamerkjaþræta milli Bakkagerðis og Jökulsár. Hafði Grjótá þá löngu í vatnavöxtum fyllt Yztabaug, Lýritiþúfa var ekki finnanleg, og á bakka Fjarðarás voru tvær tættur grænar og grónar og nokkurt bil á milli. Var gerð áreið á mörkin og hlaðin landamerkjavarða miðja vegu milli tóftanna og landamörkin ákveðin ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7

NM-213:016 *Brandsbalatættur* tóft

"Ofan við Móana milli Grjótár og Leirgrófar eru Brandsbalar ... Á þeim eru gömul og gróin tóftarbrot Brandsbalatættur, skammt utan við Brandslæk." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7

NM-213:017 *Brandsbalatóft efri* tóft

"Ofan við Móana milli Grjótár og Leirgrófar eru Brandsbalar ... Á þeim eru gömul og gróin tóftarbrot Brandsbalatættur, skammt utan við Brandslæk. Nokkru ofar og inn við lækinn er Brandsbalatóft efri." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7

NM-213:018 *Gullsteinn* álagablettur

"Ofan við Móana milli Grjótár og Leirgrófar eru Brandsbalar ... Á þeim eru gömul og gróin tóftarbrot Brandsbalatættur, skammt utan við Brandslæk. Nokkru ofar og inn við lækinn er Brandsbalatóft efri. Lítið eitt innar og neðan við tóftarbrotin er Gullsteinn, heljarbjarg sokkið í jörð. Þau álög hvíldu á steininum, að væri reynt að grafa eftir gullinu, sem undir honum átti að vera, skyldi þeim, sem að greftrinum unni, sýnast Bakkabær standa í ljósum loga." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7

NM-213:019 heimild mógrafir

"Utan Leirgrófar [018] en ofan við Móana var Bakkablá út að Bakkamel, sem er allstór melbunga, sem ber yfir umhverfið. Í Bakkablá, framan við Bakkamel, var mikil svarðartekja." segir í örnefnalýsingu. "Víða var hún 4 stungur, góður mór."

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 7-8

NM-213:020 *Hjallhóll* örnefni

"Nokkuð niður frá Bólbarðsenda er Hjallhóll, ávalur hólkollur, sem rís snarbrattur upp frá Bakkafjöru innan við Bakkaeyrina, sem fyrr er nefnd, en Bólakalda fellur niður með framanverðu Bólabarði og út neðan við Bólbarðsendann til Bakkaár, eins og fyrr er getið í sambandi við landamerki milli Bakka og Bakkagerðis. Ekki voru hjallar á Hjallhól, svo að Þórður muni til, er sjóhús voru í enda hólsins upp af fjörunni." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 8

NM-213:021 heimild

"Nokkuð niður frá Bólbarðsenda er Hjallhóll, ávalur hólkollur, sem rís snarbrattur upp frá Bakkafjöru innan við Bakkaeyrina, sem fyrr er nefnd, en Bólakalda fellur niður með

framanverðu Bólabarði og út neðan við Bólbarðsendann til Bakkaár, eins og fyrr er getið í sambandi við landamerki milli Bakka og Bakkagerðis. Ekki voru hjallar á Hjallhól, svo að Þórður muni til, er sjóhús voru í enda hólsins upp af fjörunni." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 8

NM-213:022 heimild

"Við sjóinn [við 021] voru gamlar tættur og naust. Þar er nú frystihúsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 8

NM-213:023 heimild naust

"Við sjóinn [við 021] voru gamlar tættur og naust. Þar er nú frystihúsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 8

NM-213:024 *Haugar* heimild

"Utan til á Bakkablá, inn og upp frá Bakkamel, voru svonefndir Haugar, jarðvegsdyngjur, 11 að tölu, dreifðar um nokkurt svæði. Þær voru misjafnlega stórar, flestar hringlaga eða lítið eitt aflangar, auðljós [svo] mannaverk, að því er Eyjólfur segir. Þarna er nú ræktað land og Haugarnir horfnir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 8

NM-213:025 heimild göng

"Utan við það [Bakkatún], neðan Bakkabæjar, heitir gilið Leyningur. Ekki sást í þann hluta gilsins frá Bakkabæ, en a.m.k. að hluta annars staðar. Sagnir voru um, að göng hefðu verið frá bæ út í það." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 8

NM-213:026 *Ytri-Sauðhús* heimild fjárhús

"Niðri í miðju túni er lægð í gilbarminn. Neðan við hana heitir túnbarð niður með Leyningi Rani. Á honum stóð Ytra-Sauðhús, en Fremra-Sauðhús var lítið eitt framar í túninu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:027 *Fremra-Sauðhús* heimild fjárhús

"Niðri í miðju túni er lægð í gilbarminn. Neðan við hana heitir túnbarð niður með Leyningi Rani. Á honum stóð Ytra-Sauðhús, en Fremra-Sauðhús var lítið eitt framar í túninu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:028 *Hlöðuhóll* örnefni hlaða

"Yzt á Bakkahlaði er lítil hólmynd rétt ofan við djúpan hvamm, sem þar er í gilbarminn. Hann heitir Hlöðuhóll." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:029 *Balhús* heimild útihús

"Framan og ofan við Bakkabæ var Balhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:030 *Lækjarhús* heimild útihús
"Lítið eitt ofar og út við Bakkárgil var Lækjarhús ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:032 *Ketilskofi* heimild útihús
"Lítið eitt ofar og út við Bakkárgil var Lækjarhús, þar fyrir ofan Miðhús, þá Ketilskofi ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:033 *Efstuhús* heimild útihús
"Lítið eitt ofar og út við Bakkárgil var Lækjarhús, þar fyrir ofan Miðhús, þá Ketilskofi og efst á túninu Efstuhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 9

NM-213:034 *Sellækur* örnefni sel
"Skammt upp frá túni og upp frá Grafningi rísa holtabörð og móabrot. Inn frá þeim liggja Enni inn að Sellæk. Ennin eru hallandi mýrlendi. Innan við Sellæk, í framhaldi af Ennunum, er Sellækjarkriki og framhluti Ennanna er Langimelur, utan til skorinn sundur af Sellæk." segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður örnefnaskrárritara kannast ekki við seltættur tengdar örnefninu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 10

NM-213:035 *Vörðuhraun* örnefni
"Upp frá Brandsbölum liggur melhryggur til fjalls innan við Langamelsenda og Sellækjarkrika og annar melhryggur litlu innar. Milli þeirra er Sláttulág, graslág, sem var gott engjaland. Hún liggur óslitin upp undir Vörðuhraun." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 10

NM-213:036 heimild stekkur
"Utan við Ytraengið, út við Bakkárgil, rís hár og brattur melhryggur, Stekkahnaus. Neðan við háhnausinn, skammt frá Bakkatúni, er Stekkurinn. Þórður man eftir tættum af honum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 11

NM-213:037 *Nykurtjörn* örnefni skrímsli
"Skammt niður frá Kerlingu er tjörn, sem heitir Nykurtjörn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 12

NM-213:038 *Hestagarðsþýfi* heimild
"Utan Bakkár, upp af Flúðum innan og Merkilækjarfjöru utar, eru háir bakkar, Bakkarnir, sem áður eru nefndir. Upp frá þeim voru þýfi frá Bakkaá út að Merkilæk. Niður um þau liggur breið dæld, sem dýpkar niður í gegnum Bakkana. Hún heitir Þýfislág. Utan við hana báru þýfin sérstakt nafn og hétu Hestagarðsþýfi. Á þeim sáust um aldamót rústir af 7 hestagörðum, sumar því nær signar í jörð en aðrar hærri, krosshleðslur alls staðar vel sýnilegar. Þarna var annáluð hestaganga. Nú er þar tún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 12-13

NM-213:039 heimild mógrafir
"Út frá neðri enda Djúpahvammsins liggur lægð þvert neðan við fremsta hluta Ennanna. Hún

heitir Lækjardalur. Neðan við hann liggur lítil melrönd, sem heitir Svarðarmelur, en lækjarsytra fellur úr dalnum ofan og utan við malendann. Áður var tekinn svörður í Lækjardal og þurrkaður á melnum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 13

NM-213:040 *Bakkakot* bæjarstæði bústaður

"Bakkakot, Ásgarður. Árni Steinsson Sigurðssonar í Njarðvík byggði torftimburhús á árbakkanum ofan við neðri brúna á Bakkaá 1901 og bjó til 1919 (?). Síðar tók Sigbjörn Guðmundsson við landi og byggði Ásgarð spölkorn utar og neðar 1944." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 389

NM-213:041 *Sigtún* bæjarstæði bústaður

Steinhús 1957, byggt fyrir 1918 en ekki getið um byggingarefni þess húss, segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum. Ekki fornleif nema fyrst hafi verið byggt þarna hús úr torfi og grjóti.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 389

NM-213:042 *Hóll* bæjarstæði bústaður

Steinhús 1957, en þarna var baðstofukofi um aldamótin en steinhúsið var byggt árið 1908, segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 389

NM-213:043 *Litli-Hóll* bæjarstæði bústaður

"Litli-Hóll hét grasbýli fast hjá Hóli. Baðstofukorn byggt 1908." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 389

NM-213:044 *Ból* bæjarstæði bústaður

"Það var landmesta býlið frá Bakka og mestur búskapur þar fram undir 1930. Það var einnig elsta býlið, eiginlega hjáleiga með afmörkuðu landi og ekki ljóst hvenær byggðist í öndverðu." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 389

NM-213:045 *Brautarholt* bæjarstæði bústaður

Steinhús 1957. "Þorsteinn Eiríksson frá Kleif Fld. bjó þar um árabil í baðstofukofa. Ekki víst, hvenær byggt var." segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 390

NM-213:046 *Borg* bæjarstæði bústaður

Timburhús 1957, þar var byggt fyrir 1910, segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum. Ekki getið um hvaða byggingarefni fyrsta húsið var byggt úr.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 391

NM-213:047 *Jörvi I* bæjarstæði bústaður

Byggð voru tvö samföst hús þar árið 1897, segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum. Ekki getið um hvaða byggingarefni fyrsta húsið var byggt úr.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 391

NM-213:048 *Litlibakki* bæjarstæði bústaður

Torfhús árið 1957, baðstofan var byggð árið 1908, segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 392

NM-213:049 *Lindarbakki* bæjarstæði bústaður

Torfhús árið 1957. "Torfbær á þrepi, með kjallaraholu hlaðinn og bruni í, byggður af Pétri Jónssyni bróður Stefáns í Úraníu 1912. Síðan endurbyggði Guðmundur Einarsson úr torfi, timbri og steinsteypu." segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 392

NM-213:050 *Melstaður* bæjarstæði bústaður

Stein og torfhús árið 1957. "Högni Guðmundsson byggði baðstofukorn 1912. Var kölluð Högnakot. ... Aflagt til íbúðar 1965." segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 392

NM-213:051 *Litla-Grund* bæjarstæði bústaður

"María Guðmundsdóttir byggði baðstofu 1906 skammt vestur af kirkjunni. Sigfinnur Sigmundsson bjó þar og átti kofann 1918, en síðar og lengi bjó þar Þórður Þórðarson ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 392

NM-213:052 *Ós* bæjarstæði bústaður

Steinhús 1957. Þar var torfhús en timburhús var byggt þar árið 1908, segir í örnefnalýsingu og Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni 1957; SJM II, 393

NM-213:053 *Hraun* bæjarstæði bústaður

"Hraun stóð inn af Kiðubjörgum í grýttu umhverfi eins og nafn bendir til, byggt 1916, timburtorfhús." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 393

NM-213:054 heimild lending

"Aðallendingin var úti við Bakkaá ..." segir í Sveitum og jörðum. Gæti verið sama og 006

Heimildir: SJM II, 386

NM-213:055 *Bakkahaugar* heimild legstaður

ÞSS: "Aðrar forndysar eru fyrir framan Bakka þar sem Sveinungur bjó, sem kallaðir eru Bakkahaugar. Engin saga er nú orðin um þá."

Heimildir: ÞSS VI 1986, 19

NM-213:056 heimild

1777: "Sagt er, að Hamborgarar hafi fyrrum haft stöðvar sínar innar í firðinum norðanvert við Staðará; er það sennilegt, því að þar eru leifar af 7 tóttum, hin stærsta þeirra var rúmlega 6 álna löng og skipt í aðalhús og afhýsi, eins og venja er til um slíkar búðir. Yfir kauptíðina á sumrin hafa kaupmenn þessir sennilega lagt skipum sínum inn í árósinn, en þar myndast einskonar lón, og er þar nægilegt dýpi eða 6-7 faðmar, en meinið er, að fyrir framan ósinn er sandrif, sem aðeins smábátar komast yfir með naumindum og það um flóð, en um fjöru er þar ætíð brim, svo að rifið tekur sífelldum breytingum, og þannig leiðir af sjálfu sér, að höfn þessi er ekki lengur nothæf."

Heimildir: ÓO II, 173

NM-214 Jökulsá

6 hdr. 1695, 1847. 1354: Segir af jörðinni í máldaga Desjamýrarkirkju frá árinu 1354. DI III, 98. Jörðin er að miklu leyti milli Grjótár að utan (sjá landamörk Bakka) og Jökulsár að innan, og land nær ofan frá Dyrfjöllum og niður að Fjarðará. Mörkin við Hvol eru skammt innan við Jökulsána." SJM II, 395 1918: Tún 2,8 ha, garðar 160 m2. 1917: "Tún, sundurskorið af rótlausum mýrum og tæplega í meðalrækt. Þúfnaslétta 0,32 ha. ... Engjar snöggar, víðast greiðslægar, helmingur þurrlendur, vatnsveita á hluta af þeim, engjavegur stuttur og hey hollt og gott. Sumarhagar aðeins í engjum, vetrarbeit góð, er til nær, en landið þröngt áveðurs, næðingsamt og snjóþungt." SJM II, 395

NM-214:001 *Jökulsá* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stendur nú ofan við veginn undir melbakka, en áður á lágum ávala spölkorn neðan vegar." segir í Sveitum og jörðum. "Fremur lítið baðstofa portbyggð, alþiljuð. Eldhús og stofa niðri, tvískipt uppi." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 395

NM-214:002 *Torfhvammur* örnefni rista
"Utan við túnið er há brekka upp á Jökulsármel. ... Frá útenda melsins gengur mýrarhall ofan að Fjarðaránni, utan við nesið. Það heitir Torfhvammsenni, en Torfhvammur í bugnum, þar sem saman koma hallið og melurinn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Jökulsá, 1

NM-214:003 tóft stekkur
Melholt er upp frá Jökulsártúni utan ár og rís þar stakur klettur upp sem heitir Einbúi. Utan við hann eru melhryggir sem heita Hryggirnir. "Út af nær miðjum Hryggjum liggur djúp lægð - augljóslega forn farvegur Grjótár, sem liggur í Grjótána aftur, niðri í Bugunum. Þessi laut hefur um langt árabil verið nefnd Stekkalág. Sér þar enn fyrir stekkjartóftum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Jökulsá, 1

NM-214:004 tóft stekkur
Melholt er upp frá Jökulsártúni utan ár og rís þar stakur klettur upp sem heitir Einbúi. Utan við hann eru melhryggir sem heita Hryggirnir. "Út af nær miðjum Hryggjum liggur djúp lægð - augljóslega forn farvegur Grjótár, sem liggur í Grjótána aftur, niðri í Bugunum. Þessi laut hefur um langt árabil verið nefnd Stekkalág. Sér þar enn fyrir stekkjartóftum. Önnur tóftarbrot eru í stórum hvammi utan við Jökulsána - inn af Einbúanaum, hann heitir Stekkjahvammur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Jökulsá, 1

NM-214:005 tóft sel
"Upp frá Einbúanum [sjá 004] eru enn nokkur melholt, en ofan við þau tekur við stórt mýrarflæmi og einisland [svo]. Þar er Selið við bug á Jökulsárgilinu. Fellur Sellækur niður í gilbuginn rétt við tætturnar og skiptir landinu í Innra og Ytrasel og heitir neðsti hlutinn út og inn frá læknum Selmýrar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Jökulsá, 3

NM-214:006 heimild mylla
Í Sveitum og jörðum segir að myllutótt sé við Jökulsá.
Heimildir: SJM II, 395

NM-214:007 heimild leið
"Tún, sundurskorið af rótlausum mýrum og tæplega í meðalrækt. Þúfnaslétta 0,32 ha. ... Engjar snöggar, víðast greiðslægar, helmingur þurrlendur, vatnsveita á hluta af þeim, engjavegur stuttur og hey hollt og gott. Sumarhagar aðeins í engjum, vetrarbeit góð, er til nær, en landið þröngt áveðurs, næðingsamt og snjóþungt." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 395

NM-214:008 heimild áveita
"Tún, sundurskorið af rótlausum mýrum og tæplega í meðalrækt. Þúfnaslétta 0,32 ha. ... Engjar snöggar, víðast greiðslægar, helmingur þurrlendur, vatnsveita á hluta af þeim, engjavegur stuttur og hey hollt og gott. Sumarhagar aðeins í engjum, vetrarbeit góð, er til nær, en landið þröngt áveðurs, næðingsamt og snjóþungt." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 395

NM-214:009 heimild rista
"Jtem a kirkiann [Desjamýrar] fiortan fota torfgrauf j jokulsaar lande aarlia. og hun aa attundu hueriu uætt j hual aa uxafallsfioru."
Heimildir: DI III, 97-98

NM-215 Hvoll

8 hdr. 1618, 1695, 1847. 1618: "Jón Björnsson selur Pétri Péturssyni Lýtingsstaði (Skg.), 60 hndr., fyrir Húsavík, 30 hndr. að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, 10 hndr., Hvol 8 hndr. að dýrleika, og Hvannstóð, 6 hndr." Jarðabréf, 272. Í eyði síðan 1967. "H má heita á miðri innsveit í Borgarfirði, og nær jörðin ofan frá Dyrfjöllum og niður til Fjarðarár sem aðrar jarðir í bæjarröðinni. Út í Jökulsá eru tæpir tveir km og mörk við melshorn milli Jökulsár og Fjarðarár og til fjalls skammt inn af hæðarbrúninni innan við Jökulsá." SJM II, 397

1918: Tún 3,1 ha, garðar 190 m2. "Gamla túnið er austan og sunnan við Hvolshól, að miklum hluta brattlent og mishæðótt, lækir tveir sinn hvoru megin bæjar, báðir í grasivöxnum giljum niður undir Fjarðará, en annar nú í melgili, síðan skurðarvatn jókst í gilinu." 1917: "Tún í góðri rækt og grasgefið. ... Engjar grasgefnar og sléttar að mestu, samfelldar, nálægar og heygóðar. Góðri sumarhagar f. alla gripi og kjarngóð vetrarbeit, land skýlt en þrönglent og snjóþungt." SJM II, 397

NM-215:001 *Hvoll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

NM-215:002 *Hvolshjáleiga* bæjarstæði býli
"Upp á brekkunni er innsta túnið. Um það, rétt utan við bæinn, fellur Bæjarlækur. Hann skiptir túninu fyrir neðan bæ með djúpu gili. Heitir Hjáleiga utan gilsins. Þar eru nú fjárhús, en var áður bærinn Hvolshjáleiga." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hvoll, 1

NM-215:003 *Lindin* lind vatnsból
"... en út á Hjáleigunni [002] ... er Lindin skammt fyrir ofan fjárhúsin, uppsprettulind, sem neyzluvatn bæjarins er tekið úr." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvoll, 2

NM-215:004 *Hvolshvoll* heimild huldufólksbústaður
"Bæjarnafnið er dregið af 52 m háum og umfangsmiklum malarhvolfi utan við bæinn. Hann kallast nú og lengi fyrr Hvolshóll. Álfkona á bústað í hvolnum, segja munnmæli, og er tún hennar í suðurbrekkum hans. Þar má ábúandi ekki bera ljá í jörð og engu raska. Verða þrjú áföll, ef út af er brugðið." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 397

NM-216 Gilsárvöllur

20 hdr. 1695, 1847. 1397: G getið í máldaga Valþjófsstaðar. DI IV, 210. 1485: Kaupir Páll Grímsson hálfan Gilsárvöll í lausafé fyrir 5 hndr. DI XII, 61-62. 1570 og síðar eru G nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. Hjáleiga, Gilsvallarhjáleiga. HÞ: Gilsárvöllur réttara en Gilsárvellir Árbók 1923, 91. "Á G var tvíbýli fyrr og löngum og þríbýli nú um hríð. ... G eiga land austur fyrir Fjarðará. Þar fellur Þverá samhliða Fjarðará, en 500-1000 m austar, uns hún þverbeygir vestur í Fjarðará milli G og Hvols. Spildan milli ánna heitir Tungur, mishæðótt land með holtum og mýrum á víxl. Þar þótti allgott land til slægna og mjög gott til beitar, einkum vegna lopa í mýrum á vorin. Þar er Álftatjörn, sýnd á korti. G og Grund eiga norðurhluta spildunnar að Markeyri við Fjarðará og eftir vörslugarði fornum þvert austur í Þverá. Þar er eitthvað yfir 200 ha. land ræktanlegt að mestu með góðri framræslu. Vestan Fjarðarár nær upphaflega Gilsárvallarland frá Merkilæk á Hvolsmörkum og inn að öðrum Merkilæk á mörkum við Hólaland, upp á Byrgisfjall - eða Fremra-Dyrfjall - og inn á Tindafell, mörk m.a. í dalkvos milli Hróka (melkolla), sem Merkilækur fellur á milli og þaðan á Tindafell. ... Mörk við Grund: Austan Fjarðarár frá Reiðingskelduósi, um Ytrihólma í Fjarðará, inn og suður Tungur beint í Myrkárgil, en vestan ár frá Reiðingskeldu, í Stórastein á Gilsárvallahól, áberandi og bratta hæð ofan við túnin, um Merkidý í Neðrigræfum, Rauðamel, Hólmatjörn, sem innri Gilsárkvísl kemur úr, og sjónhending þaðan á eggjar. Afrétt eiga Gilsárvallarbæir á Kollutungum norður af Miðfjalli milli Lambadalsár og Krækudalsár og rekaítak á Hofstrandarsanda, rekasælasta stykkið þar." SJM II, 398-399. Í eyði árið 1775.

1918: Tún 3,9 ha, garðar 747 m2. "Neðan fjalls er ræktunargott land, sumt þurrt, annað vott. Enni ofan bæjar eru að miklu leyti slétt og góð til ræktunar. Neðan til í fjalli liggja klettabrúnir allháar þvert um land, kallaðar Brýr. Ofan þeirra er mýrlendi, sem þótti gott til slægna, en nokkuð torsótt til heyskapar. ... Neðra landið er allt gott til ræktunar og þægilegt til framræslu, þar sem vott er. Mikið ræktunarland ónotað." SJM II, 399.

NM-216:001 *Gilsárvöllur* bæjarhóll bústaður
"F'18 baðstofa 21x5x5 álnir, alþiljuð með járnvarinn timburvegg fram á hlað. Portbyggð. Auk þess um 100 ára þrepbaðstofa.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 400

NM-216:002 heimild fjárskýli

"Yst undri Hallinu [inn frá norðurenda á Þverárás] og innan við Þverárkíl er flöt mýri - Borgarbláin. Innan við hana er Borgin - forn fjárborg." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 1

NM-216:003 *Vörðumelur* örnefni

"Inn af Miðmundarmel er lítið eitt fjær Fjarðaránni er Vörðumelur. Á honum hefur verið þurrkaður svörður nokkur undanfarin ár og er hann nú nefndur Svarðarmelur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 2

NM-216:004 heimild mógrafir

"Inn af Miðmundarmel lítið eitt fjær Fjarðaránni er Vörðumelur. Á honum hefur verið þurrkaður svörður nokkur undanfarin ár og er hann nú nefndur Svarðarmelur." segir í örnefnalýsingu. "Svörður var tekinn í Pyttalækjarmýri og þurrkaður á Svarðarmel. Svörðurinn var hitamikill, þrjár rekustungur ofan á svörð, en svörðurinn tvær." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 2; Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 1

NM-216:005 heimild stekkur

"Inn við Pyttalækjarmýri og Vörðumel [003] fellur Stekkalækur, ofan úr fjalli, niður í Fjarðará. Heitir þar Stekkalækjarós, sem hann fellur í ána." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt athugasemdum við örnefnaskrá dregur lækurinn nafn af stekkjartóftum sem eru aðeins neðan við Stekkamela.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 2Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 2

NM-216:006 *Kirkjuvað* heimild vað

"Inn við Pyttalækjarmýri og Vörðumel [003] fellur Stekkalækur, ofan úr fjalli, niður í Fjarðará. Heitir þar Stekkalækjarós, sem hann fellur í ána. Innan við hann er Staðartangi - yst á lágri harðvellisræmu, sem liggur inn með Fjarðará. Af Staðartanga er vað á Fjarðaránni. Það heitir Kirkjuvað." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 2

NM-216:007 *Kílsósvað* heimild vað

"Frá Gilsárósi liggur lágur harðvellisbali inn með fjarðaránni. Inn frá honum liggur að ánni flöt eyri. Yst af henni hefur um langt árabil verið grynning sem liggur út og suður yfir ána, nefnd Skakkabrot. Inn er Kílsósvað." segir í örnefnalýsingu.

Heimild: Ö-Gilsárvellir, 2

NM-216:008 tóft stekkur

"Innan við Gilsána efst á Ennunum er Stekkurinn, fornar stekkjartættur, og ber engjabletturinn næsti kringum kringum stekkinn sama nafn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 3

NM-216:009 *Smiðjuhóll* örnefni

"Neðan við buginn, þar sem Blautafit beygir heim að bænum er ávalt hólbarð Smiðjuhóllinn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 3

NM-216:010 *Gvendarbrunnur* heimild brunnur

"Í Gilsárgili rétt innan við ána neðan vegarins er Gvendarbrunnur, kenndur við Guðm. bisk. góða." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 4

NM-216:011 heimild kvíar

"Í framhaldi af Blautufit - liggur djúp laut, upp frá bænum. Hún heitir Kvíalág." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt athugasemdum við örnefnalýsingu voru kvíar í Kvíalág.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 4; Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 2

NM-216:012 heimild kvíar

"Ofan við túnið er Kvíabrekka." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt athugasemdum við örnefnaskrána segir að kvíar hafi verið við rætur brekkunnar. Síðast fært frá 1904.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 4; Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 2

NM-216:013 varða

"Neðantil í Kinnum því nær út við Merkilæk er hár stakur hóll. Hann heitir Jafnahóll. ... Innar og ofar liggur Breiðimelur, inn að Gilsárgili. Ofan við Gilsárvallabrúnina er tjörn - sem ekki er vitað heiti á. Út og upp frá henni heitir Vörðumelur." segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir að varða hafi verið á melnum.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 5; Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 1

NM-216:014 *Byrgisurð* örnefni

"Utan við Mælimýrarnar, er enda þarna aðkrepptar á þrjá vegur af háum melum. Þar er Krikinn. ... Inn og niður frá Krikanum, utan við endann á neðsta melhryggnum, sem liggur úr frá Innrikvísl ofanvert við Rauðamel er allstór tjörn. ... melhryggurinn heitir Hái-Langimelur, en hryggjasvæðið einu nafni Byrgisurðir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir, 6

NM-216:015 heimild rista

"Í Reiðingskeldu [nálægt landamerkjum í Tungunum] var svo þykk torfvelta, að hægt var að skera nógu þykka reiðingsdýnu undir klifbera á hest." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 1

NM-216:016 *Sesseljuhellir* heimild

ÞJÁ: "Í tíð Þorvarðar Bjarnasonar í Njarðvík bjó sú kona á Gilsárvelli í Borgarfirði er Sesselja hét og var Loftsdóttir. Hún var gift manni þeim er Steingrímur hét. Maður einn var á bæ þeirra sem hún hélt við og svo varð mikið um það að þau myrtu Steingrím bónda. En til að forða lífi sínu struku þau í helli einn þar upp í fjallinu, sem síðan kallast Sesseljuhellir og Sesseljuhamrar. Þarna vóru þau saman nokkur ár ... Veiðivatn var í hellinum á hvörju þau lifðu. Ekki er getið að þau hafi lagzt á fé manna. Þarna vóru þau og áttu börn saman, hverjum þau drekktu í vatninu, unz fylgdarmaður hennar dó. Þá hélzt hún ekki við í hellinum fyrir langsemi og fór þaðan."

Heimildir: ÞJÁ IV, 122

NM-216:017 heimild túngarður

Í Sveitum og jörðum segir að túngarðsbrot sé á G.

Heimildir: SJM II, 400

NM-216:018 heimild hjallur
Í Sveitum og jörðum segir að rústir af fiskihjalla séu á G.
Heimildir: SJM II, 400

NM-216:019 heimild beitarhús
"Rústir beitarhúsa handan ár á Tungum og aðrar ásamt fjárborg inn á Kollutungum; þar var haft fé fyrripart vetrar." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 400

NM-216:020 heimild beitarhús
"Rústir beitarhúsa handan ár á Tungum og aðrar ásamt fjárborg inn á Kollutungum; þar var haft fé fyrripart vetrar." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 400

NM-216:021 heimild fjárskýli
"Rústir beitarhúsa handan ár á Tungum og aðrar ásamt fjárborg inn á Kollutungum; þar var haft fé fyrripart vetrar." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 400

NM-216:022 heimild mylla
"Myllutóft við Gilsá." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 400

NM-216b Gilsárvöllur (afrétt)

"Fjöllin fyrir botni Borgarfjarðar nefnast einu nafni Innfjöll. Miðhluti þeirra er afréttarlandi Gilsárvalla og Grundar til efstu eggja, en takmarkast annars af tveim ám, Þverá, sem á upptök innst á Skúmhettudal og heitir Skúmhettudalsá, meðan hún fellur út Skúmhettudal og Lambadalsá, sem fellur fyrst út um Lambadalsárgil, en síðan í Þverá um flatar eyrar, þvert utan við afréttarlöndin."

NM-216b:001 *Krækjudalsárvað* heimild vað
"Yzt út Krækjudal gengur skeifumyndaður botn eða bugur inn í Miðfjallið. Kringum botninn rís hár, samfelldur klettabugur, biksvartur. Hefur botninn hlotið nafn af litlum og heitir Svartibotn. ... Nokkuð fyrir innan Svartabotn er Krækjudalsárvað." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Afréttarlönd Gilsárvalla og Grundar, 2-3

NM-216b:002 *Kirkjusteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður
"Niðri í Krækjudalnum, skammt út og niður frá Kinninni, er stakur klettur með húslagi. Hann heitir Kirkjusteinn, forn álfakirkja, kunn úr þjóðsögum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Afréttarlönd Gilsárvalla og Grundar, 3

NM-216b:003 gata leið
"Fornir götuslóðar liggja inn Kolltungur, Krækjudal og Hryggi, upp Kinn og yfir Krækjuskörð, nú sjaldan farnir, en var áður fjölfarin leið [bæði vetur og sumar], meðan verzlunarviðskipti voru svo til öll við Seyðisfjörð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Afréttarlönd Gilsárvalla og Grundar, 3

NM-217 Gilsárvallarhjáleiga

Hjáleiga Gilsárvalla. Heitir nú Grund. "G á suðurhlutann, þ.e. innri hluta, upphaflegu Gilsárvallatorfunnar og mörk bæjanna af Gilsárvallahól (einnig kallaður Grundarhóll í seinni tíð), sem rís æðihár og snarbrattur upp af bæjunum og niður í Fjarðará." SJM II, 402. 1918: Tún 3,6 ha, garðar 120 m2. "Gróið land á jafnsléttu er mestmegnis mýrlent nema valllendisbakkar að Fjarðará og austur við Þverá. Ræktunaskilyrði eru góð og framræsla þægileg. Inn af bæ er landfræðilega séð ysti hluti Hólalandsblár að Merkilæk og upp af grösug hlíð." 1918: "Tún gott, 1/4 sléttur. Engjar snögglendar, greiðfærar, samfelldar, nærtækar, heygóðar. Beitiland gott til sumarbeitar, létt vetrarbeit, en víðlent beitiland og sumt nærtækt; land skjóllítið og snjóþungt." SJM II, 402.

NM-217:001 *Gilsvallarhjáleiga* bæjarhóll bústaður
"Nokkru eftir síðustu aldamót hlaut bærinn Grundarnafnið eftir grundinni niður frá túninu, en hét áður Gilsárvallarhjáleiga. Var þar öðru hvoru tvíbýli eins og nú, og stóðu bæirnir hvor gegnt öðrum, sinn hvoru megin við Bæjarlækinn, og voru nefndir Úthjáleiga og Framhjáleiga. Núverandi Grundarbær stendur á rústum gamla Úthjáleigubæjarins, en íbúðarhús úr steinsteypu hefur verið byggt þar í hlaðvarpanum, og bóndinn í gamla bænum er með íbúðarhús í byggingu í fyrrverandi hlaðvarpa Framhjáleigubæjarins." segir í örnefnalýsingu. "Gamall torfbær rifinn um aldamót. Byggt 1900 timburhús, ein hæð, ris og kjallarahola. Stærð 14x6 álnir, torfveggir á tvo vegu, járnþak." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 402; Ö-Grund, 4

NM-217:002 heimild mylla
"Myllutættur við bæjarlæk neðan við hólinn." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 402

NM-217:003 heimild túngarður
"Túngarður og nátthagi hvarf, er ýtur komu til sögunnar." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 402

NM-217:004 heimild nátthagi
"Túngarður og nátthagi hvarf, er ýtur komu til sögunnar." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 402

NM-217:005 garðlag landamerki
"Spildan milli ánna heitir Tungur, mishæðótt land með holtum og mýrum á víxl. Þar þótti allgott land til slægna og mjög gott til beitar, einkum vegna lopa í mýrum á vorin. Þar er Álftatjörn, sýnd á korti. G og Grund eiga norðurhluta spildunnar að Markeyri við Fjarðará og eftir vörslugarði fornu þvert austur í Þverá. Þar er eitthvað yfir 200 ha. land ræktanlegt að mestu með góðri framræslu. Vestan Fjarðarár nær upphaflega Gilsárvallarland frá Merkilæk á Hvolsmörkum og inn að öðrum Merkilæk á mörkum við Hólaland, upp á Byrgisfjall - eða Fremra-Dyrfjall - og inn á Tindafell, mörk m.a. í dalkvos milli Hróka (melkolla), sem Merkilækur fellur á milli og þaðan á Tindafell. ... Mörk við Grund: Austan Fjarðarár frá Reiðingskelduósi, um Ytrihólma í Fjarðará, inn og suður Tungur beint í Myrkárgil, en vestan ár frá Reiðingskeldu, í Stórastein á Gilsárvallahól, áberandi og bratta hæð ofan við túnin, um Merkidý í Neðrigræfum, Rauðamel, Hólmatjörn, sem innri Gilsárkvísl kemur úr, og

sjónhending þaðan á eggjar. Afrétt eiga Gilsárvallarbæir á Kollutungum norður af Miðfjalli milli Lambadalsár og Krækudalsár og rekaítak á Hofstrandarsanda, rekasælasta stykkið þar." segir í Sveitum og jörðum. "Um innsta odda þeirra liggur Merkigarður frá Þverá þvert norður yfir Tungur að Fjarðará, beint á móti Merkilækjargili, þar sem það endar í brekkurótum milli Grundar og Hólslands. Um Merkigarðinn skiptast Tungurnar milli Grundar og Hvannstóðs. Garður þessi mun ævaforn. Sést víða orðið lítið fyrir honum og sumstaðar ekki." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 389-399; Ö-Grund, 2

NM-217:006 heimild mógrafir

Lítil kelda liggur rennur í Þverá utan við Víðareyrar og upp með henni að utan gengur hátt móbarð. "Við enda móbarðsins eru svarðargrafir frá Grund." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 2

NM-217:007 *Svarðarvað* heimild vað

Tveir hólmar eru í Fjarðaránni, Ytrihólmi og innar er Sultarhólmi. "Því nær út í miðjum Sultarhólma er vað á Fjarðará. Það heitir Svarðarvað. Liggur frá því gata suður yfir Ásinn. Hún heitir Svarðargata. Hefur þessi leið verið farin þegar sóttur var svörður suður í Víðireyrar [006]." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 3-4

NM-217:008 *Svarðargata* heimild leið

Tveir hólmar eru í Fjarðaránni, Ytrihólmi og innar er Sultarhólmi. "Því nær út í miðjum Sultarhólma er vað á Fjarðará. Það heitir Svarðarvað. Liggur frá því gata suður yfir Ásinn. Hún heitir Svarðargata. Hefur þessi leið verið farin þegar sóttur var svörður suður í Víðireyrar [006]." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 3-4

NM-217:009 *Kaupstaðarvað* heimild vað

"Innan af Sultarhólmanum [sjá 008] er annað vað. Það heitir Kaupstaðarvað." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 4

NM-217:010 *Sesseljuhellir* hellir

"Út og upp frá lautinni rísa Sesseljuhamrarnir, nefndir eftir Hamra-Settu, sem þar átti að hafa dvalist í Sesseljuhellir." segir í örnefnalýsingu. "Eru til um hana og hellisdvöl hennar margar þjóðsögur. Virðist ekki ólíklegt, að hún sé sama konan og Sesselja sú, er hraktist frá eign sinni, Egilsstöðum á Völlum að Hólalandi, eftir að höfðað hafði verið gegn henni sakamál út af fráfalli eiginmanns hennar, sem grunur lék á, að hún hefði grandað með aðstoð eða vitund vinnumanns þeirra- en skammt er frá Hólalandi til Hamranna." Sjá 216:016.

Heimildir: Ö-Grund, 7

NM-217:011 heimild mógrafir

"Norðan við kvíslina er flöt harðvelliseyri. Hún heitir Svarðareyri. Norðan við hana er Svarðarkíll neðan undir Grundarbörðum, en Svarðargrafir eru innarlega við kílinn." segir í örnefnalýsingu. Svörðurinn var þurrkaður á eyrinni.

Heimildir: Ö-Grund, 4

NM-217:012 bæjarstæði bústaður

"Nokkru eftir síðustu aldamót hlaut bærinn Grundarnafnið eftir grundinni niður frá túninu, en hét áður Gilsárvallarhjáleiga. Var þar öðru hvoru tvíbýli eins og nú, og stóðu bæirnir hvor gegnt öðrum, sinn hvoru megin við Bæjarlækinn, og voru nefndir Úthjáleiga og Framhjáleiga. Núverandi Grundarbær stendur á rústum gamla Úthjáleigubæjarins, en íbúðarhús úr steinsteypu hefur verið byggt þar í hlaðvarpanum, og bóndinn í gamla bænum er með íbúðarhús í byggingu í fyrrverandi hlaðvarpa Framhjáleigubæjarins." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 4

NM-217:013 *Miðhúsið* heimild útihús

"Neðst í Hólagilinu skiptist lækurinn í tvær kvíslar, sem aftur renna saman, framan við bæinn, og falla síðan í einum farvegi niður um túnið og Grundina. Tungan milli lækjanna heitir Miðhúsatunga. Á henni stóð Miðhúsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:014 heimild fjárhús

"Út af því [013], fyrir utan ytri lækinn stóð Fjárhúsið. Niður frá því hét Fjárhústún." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:015 *Lækjarhúsið* heimild útihús

"Fram af Miðhúsinu, framan við fremri lækinn, stóð Lækjarhúsið, beint upp af Framhjáleigu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:016 heimild hesthús

"Fram af Lækjarhúsinu stóð Hesthúsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:017 *Kvíahúsið* heimild útihús

"Fram og upp frá Lækjarhúsinu og Hesthúsinu var Kvíatúnið, það gekk fram fyrir ofan Fitina. Fremst á því var Kvíabólið. Rétt utan og ofan við það var Kvíahúsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:018 *Kvíaból* örnefni kvíar

"Fram og upp frá Lækjarhúsinu og Hesthúsinu var Kvíatúnið, það gekk fram fyrir ofan Fitina. Fremst á því var Kvíabólið. Rétt utan og ofan við það var Kvíahúsið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:019 *Heygarður* örnefni

"Nokkuð inn og upp frá Innrimó er stakt holt á mörkum Grundar og Gilsvallarblár. Það heitir Heygarður." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:020 heimild stekkur

"Þar sem Bláin og Ytrimór koma sama heita Mólönd. Ofan við Blána og beint inn af Grundarbæjunum eru Neðrihöllin og upp frá þeim Neðribörðin. Gegnum þau skerst Stekkalækurinn. Hann kemur ofan um Stekkalækjargil. Þar sem hann kemur niður úr Höllunum dreifist hann um Blána. Þar heitir Stekkalækjarfeti. ... Innst á Neðribörðum var Stekkurinn, utan við Stekkalækinn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Grund, 5-6

NM-217:021 *Smiðjubarðið* örnefni smiðja
"Yzt á Neðribörðunum, rétt innan við Kvíabólið og frá því skilið af djúpum kelduskorningi, er Smiðjubarðið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Grund, 6

NM-217:0022 heimild nátthagi
"Á síðustu árum fráfærnanna, um eða eftir síðustu aldamót, var byggður nátthagi fyrir ærnar kringum Stekkinn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Grund, 6

NM-218 Hólaland

10 hdr. 1618, 1696, 1847 1618: "Jón Björnsson selur Pétri Péturssyni Lýtingsstaði (Skg.), 60 hndr., fyrir Húsavík, 30 hndr. að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, 10 hndr., Hvol 8 hndr. að dýrleika, og Hvannstóð, 6 hndr." Jarðabréf, 272. "Landamörk við Grund og Gilsárvelli eru við Merkilæk og síðan upp á fjall við Tindafell. Þaðan ráða vatnaskil inn á Beinageit, en mörk við Hvannstóð við Fjarðará." Hólalandshjáleiga byggð út úr landinu einhverntíma milli 1861 og 1902. SJM II, 404, 406.
1918: Tún 4,6 ha. "Túnið nær á árbakkann innst á innsveitarláglendinu, mjórri skák með ánni. Strax utan við bæjarlækinn breikkar undirlendið til muna, þar er Hólalandsblá, 45-50 ha. ræktunarland, framræst nú og ræktuð að mestu, ágætt engi áður, og upp af blánni hlíð grasi vafin og árviss slægja fyrr." 1918: "Tún snögglend, en mestallt slétt af náttúrunnar hendi. ... Engjar snögglendar, greiðfærar, votlendar, aðalengjar samfelldar, en aðrar slitróttar og lengra burtu í fjalli." SJM II, 404-405.

NM-218:001 *Hólaland* bæjarhóll bústaður
"F ,18 þá portbyggð baðstofa 9x5 álnir, þiljuð uppi og niðri - og önnur tæpar 9x4,5 álnir, að öðru leyti eins." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakorti 1918; SJM II, 405

NM-218:002 heimild túngarður
"Sjáanlegar um ´40 túngarðsleifar og örlitlar beðsléttur niður af hlaðvarpa." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 405

NM-218:003 heimild nátthagi
"Nátthagagarðar og stekkjartættur uppi undir Hlíð." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 405

NM-218:004 heimild stekkur
"Nátthagagarðar og stekkjartættur uppi undir Hlíð." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 405

NM-218:005 heimild mylla
"Myllutættur við bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 405

NM-218:006 heimild beitarhús/sel
"Fremst í dalnum [Hólalandsdalnum] og skammt að bæjarbaki er hólaþyrping sú, er bærinn dregur nafn af, þar voru beitarhús hjá hjáleigunni við Selá og sennilega sel fyrr, rústir." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 404

NM-218:007 *Gullsteinn* þjóðsaga
"Í túninu milli bæjanna er allstór stakur steinn. Hann heitir Gullsteinn. Að ofan er hann að mestu þakinn gulleitum skófum. Þar af gæti nafnið komið - eða af þjóðsögu sem segir, að undir steininum sé ketill, fylltur af gulli. Ekki mátti þó grafa eftir gullinu, því þá átti þeim, sem að greftrinum unni, að sýnast Hólalandsbærinn "standa í ljósum loga."" segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hólaland, 1

NM-218:008 *Fornistekkur* tóft stekkur
"Innan við ofanverð Blána, en út og upp frá túninu, er ávöl mýrarbunga. Hún heitir Þemba. Út og upp frá henni, í hlíðarrótunum, er allhátt holt. Á því eru gömul tóftarbrot. Þar heitir Fornistekkur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hólaland, 2

NM-218:009 *Borgarhóll* heimild huldufólksbústaður
"Rétt ofan við Hólalandsbæina rís hár og mikill hóll Hólalandshóllinn. Heitir Háhóll þar sem hann er hæstur. Djúp lægð er í hólnum, upp af Hjáleigubænum. Hún heitir Hólagjóta. Inn og upp frá Hólnum tekur við stórt hólasvæði. Hólalandshólarnir, sem jarðarheitið mun dregið af. ... Hæsti hóllinn, sem stendur nokkuð stakur, heitir Borgarhóll. Þar áttu heima álfar- eða huldufólk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hólaland, 3

NM-218:010 *Kiðukofi* örnefni geitakofi
"Hólaþyrping þessi [sjá 009], að meðtöldum bæjarhólnum, er allhá og fellur Fjarðará sunnan við þá, í djúpu gili. Þar sem gilbarminn ber hæst, eru gömul gróin tóftarbrot. Þar hét Kiðukofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hólaland, 3

NM-218:011 *Stekkjarhvammur* örnefni stekkur
"... niður við ána [Fjarðará] eru Djúpihvammur eða Dýjahvammur yzt. Innan við hann er Stekkjarhvammur og enn innar Taglhvammur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hólaland, 3

NM-218:012 heimild smalakofi
"Yzt, ofan við Brúna, er Stóratjörn í kvos framan undir háum mel. Á há-brúninni, skammt frá Stórutjörninni, var haldið við smalabyrgi meðan fært var frá, því oft var setið yfir ám í Tjarnarbotnunum, en frá byrginu sést bæði upp yfir botnana og niður yfir sveitina - og er þaðan fagurt útsýni." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hólaland, 5

NM-218:013 *Nykurtjörn* þjóðsaga skrímsli

"Skammt fyrir ofan Stórutjörn er Tangatjörn. Hún ber heiti af töngum, sem ganga úr í hana hvor gegnt öðrum. Hún er minni en Stóratjörn. Þar skammt fyrir ofan er enn stór tjörn, hún heitir Nykurtjörn. Í henni átti að vera nykur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hólaland, 5

NM-218:014 heimild kolagröf

Fornar kolagrafir eru víða í Hólalandsdalnum, segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hólaland, 6

NM-218:015 *Hólalandssel* tóft sel

"Á bakka Fjarðará, rétt innan við Selána, sér enn tóftarhrúgald, þar sem hið forna Hólalandssel hefur verið, og eru tætturnar enn nefndar Selið." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 006.

Heimildir: Ö-Hólaland, 6

NM-218:016 heimild mógrafir

"Á bakka Fjarðará, rétt innan við Selána, sér enn tóftarhrúgald, þar sem hið forna Hólalandssel hefur verið, og eru tætturnar enn nefndar Selið. Þar skammt frá hefir einnig svarðartekja Hólalands verið. Sést þar enn fyrir svarðargröfum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hólaland, 6

NM-218:017 *Hólalandshjáleiga* bæjarstæði býli

Samkvæmt skrá HS var Hólalandshjáleiga nýbýli frá 1878-1893.

Heimildir: Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.", 182

NM-219 Hvannstöð

6 hdr 1618, 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu ÍF XI, 281. 1397 er getið um Hvannstóðsreka í máldaga Valþjófsstaðar. DI IV, 211. 1673: Bjarni Einarsson selur Brynjólfi Sveinssyni H fyrir 6 hndr. Jarðabók 268. 1618: "Jón Björnsson selur Pétri Péturssyni Lýtingsstaði (Skg.), 60 hndr., fyrir Húsavík, 30 hndr. að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, 10 hndr., Hvol 8 hndr. að dýrleika, og Hvannstóð, 6 hndr." Jarðabréf, 272. 1644: "Kaupmáli: Jón Björnsson telur syni sínum, sr. Einari Jónssyni, til kaups og konumundar 60 hndr., í föstu 25 hndr. í Húsavík. Hér í móti lofaði sr. Bjarni Ormsson dóttur sinni, Sesselju, 30 hndr., í föstu Hvannstóð, 6 hndr. " Jarðabréf, 273. HÞ: Hvannstóð í Fjótsdælu og því réttast. Árbók 1923, 92.

"Hvannastóðsland nær að norðvestan og norðan að Fjarðará og mörk gegnt ósi Merkilækar (sjá Grund og Hólaland) þvert austur yfir Tungur í Þverá, sem síðan ræður mörkum inn Lambadal og á Hvannstóðseggjar. Síðan ráða fjallseggjar mörkum við afréttarland Sandbrekku úr á Beinageitarfjall." SJM II, 407. 1918: Tún 2,5 ha, garðar 176 m2. "Gamla túnið þótti dágott (F'18), engjar, miklar og upprekstrarland víðlent og kjarngott, en vetrarbeit stopul vegna snjóþingsla."

NM-219:001 *Hvannstöð* bæjarhóll bústaður

"Skv. F'18, baðstofur 9x5x7 og 83/4x41/2x7 álnir, þiljaðar uppi og niðri báðar." Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 409

NM-219:002 heimild beitarhús
"Beitarhús voru á Hvannastóðadal, aflögð um 1912." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 408

NM-219:003 heimild landamerki
"Fornir landamarka og vörslugarðar mjög víða og langir, m.a. á mörkum H og Grundar þvert yfir Tungur (nú er þar skurður)." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 408

NM-219:004 heimild vörslugarður
"Fornir landamarka og vörslugarðar mjög víða og langir, m.a. á mörkum H og Grundar þvert yfir Tungur (nú er þar skurður)." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 408

NM-219:005 heimild leið
"Við Þverána rétt innan við landamerkjagarðinn [skráður með Grund] er fremur lágur klettur, sem nefnist Klif. Yfir hann liggja götutroðningar með ánni." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvannstóð, 1

NM-219:006 *Brunnalækur* örnefni brunnur
"Austan við Fjarðarána heitir Ás ... Beint inn af Ásnum er djúpur skorningur, sem sker það frá fjallsrótunum, sem heitir Lækjardalur, vestur úr honum rennur Brunnalækur, við hann er Brunnalækjarmýri." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvannstóð, 2

NM-219:007 *Selbrekka* örnefni sel
"Vestan við bæinn er Bæjarlækurinn. Innan við hann eru aðalengjarnar. Þar sem þær gangar lengst inn og upp heita Kaplaenni. ... Framan við Kaplaennið rennur lækur í djúpu gili, innan við hann er Selbrekka, er hún kjarri vaxin neðst." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hvannstóð, 2

NM-220 Setberg

8 hdr. 1696. 1397 er S nefnd í máldaga Desjamýrarkirkju. DI IV, 223. 1490: Setberg nefnt í dómi. DI VI, 709. Desjamýrarkirkjueign Í eyði sennilega síðan 1908. "Landamörk skv. F'18: Myrká, Hvítuhnúkar, Efri-Selhúslækur (að beygju), Krossá, Þverá." SJM II, 410. Í eyði þegar ÓO gerði ferðabók sína 1777.

"Túnið er 1,12 hektarar að flatarmáli, snögglent og í órækt, mest greiðfært til aðvinnslu. Nú [1918] ekki slegin nema annaðhvort ár. Engjar í melallagi grasgefnar, greiðfærar og samfelldar að nokkru leyti fremur votlendar. Engjavegur langur og erfiður. Sumarhagar lélegir fyrir kýr og hross, en ágætir fyrir sauðfé. Vetrarbeit kjarngott, víðlend og skjólgóð, en fremur snjóþung." SJM II, 410. 1777: "Í kringum eyðibýlið Setberg var svo grösugt, að slíkt er sjaldséð á Íslandi." ÓO II, 122

NM-220:001 *Setberg* bæjarhóll bústaður
"Bærinn á S stóð undri Setbergshnaus við Húsavíkurleið nokkurn veginn þvert austur af

Hólalandsbæjunum og austan við Fjarðará, um 4,5 km inn af Desjamýri." segir í Sveitum og jörðum. Öll húsin hafa verið rifin fyrir löngu.
Heimildir: SJM II, 410

NM-220:002 heimild leið
"Engjar í melallagi grasgefnar, greiðfærar og samfelldar að nokkru leyti fremur votlendar. Engjavegur langur og erfiður." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 410

NM-220:003 tóft kálgarður
"Niður undir Setbergsbænum er annað klapparholt, er heitir Stóraholt, og eru vestan í því rústir af gömlum kálgarði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 13

NM-220:004 *Hólhús* heimild útihús
"Setbergstúnið liggur milli Bæjarlækjarins og Hólhúslækjar. Austan við lækinn er dálítill hóll; þar stóð áður hús, sem var kallað Hólhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 14

NM-220:005 heimild fjárhús
"Sauðhús var neðst á Setbergstúninu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 14

NM-220:006 *Lambhús* heimild útihús
"Vestan við Bæjarlækinn á Hólbarðinu var hús, kallað Lambhús, og dálítill túnblettur út frá því niður að læknum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 14

NM-220:007 tóft stekkur
"Vestan við hana [eyrina] fellur lítill lækur, er kallast Stórilækur, í Þverá. Hann kemur undan Setbergshaus og Urðarhólamýri og rennur um hríð eftir stóru gili. Þar stóð Stekkurinn á dálitlum grasbala og sjást enn rústirnar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 14

NM-221 Desjamýri

Kirkjustaður. 20 hdr 1696 og 1804. Kirkjan nefnd í Kirknaskrá frá um 1200 DI XIII, 4. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 151. Kirkjustaður, hjáleiga Þrándarstaðir. "Kirkjan á og talsverð rekaítök í annarra lönd, en þó sumt af því væsta arðlítið." JJ 1847, 367. "Land D takmarkast að norðan við Hrafná skammt út af bæ og hnjúkinn Skjöld (611 m) á vatnaskilum. Að innan eru mörk við Húsavík og Loðmundarfjörð á fjallseggjum og tindum, Náttmálafjall (676 m) sunnan Húsavíkurheiðar og Skúmahetti (868 m) og fylgja síðan Skúmhattardalsá niður Skúmhettudal. Áin heitri Þverá, eftir að Krossá, kemur upp í Krossmelum nv. við Hvítserk, fellur í hana. Ræður hún mörkum og síðan Fjarðará út að ósi Hrafnsár. Stórt landsvæði inn af Setbergi heitir Desjamýrarafrétt, Afrétt í daglegu tali. Þar er sumarhaglendi gott í báðum hlíðum Náttmálafjalls og Skúmhattar og Þríhyrningsufsum neðar

og einnig engjalönd um mýrarhöll og enni Neðri- og Efri-Fitja. Þar er fjöldi heystæða til vitnis um heyskap." SJM II, 411.

1847: Prestsetrið hefir vanrækt tún, en víðlent og blautt mýrarengi, en sæmilega er það grasgefið. Túnið gefur "óendurbætt", eigi nema fóður handa 2 kúm, en útengið 300 hesta. Heyfall er hér gott til fóðurs." JJ 1847, 367. 1918: Tún 3,6 ha, garðar 525 m2. 1917: "Tún í góðri rækt, sléttir 786 m2, hitt illþýft. Engar fermur grasgefnar, tæpur helmingur þýfður, hitt greiðfært 3/4 hl. votlendir, nærtækar, samfelldar, engjavegur góður." SJM II, 412.

NM-221:001 *Desjamýri* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

NM-221:002 heimild kirkja
"Hringamyndaður garður austan við bæ. Kirkjan var í garðinum." segir í Sveitum og jörðum. Kirkjan var flutt að Bakkagerði árið 1901.
DESJARMÝRI Í BORGARFIRÐI EYSTRA (NM) -Maríu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 4
1354: Desiamyrarkirkiu skrä.
Anno Domini M. ccc. l. iiij. var þetta kvikfie med kirkiunne aa desiarmyre. ij. kyr oc xviij. ær. iiij. sauder veturgamler. hrutur tvævetur. naut veturgamallt. kalfar tueir. eitt hross.

kirkian aa land allt aa desiarmyre til motz vid husvijkinga. so sem med fornu hefer stadid. og allan hrafnsdal oc ut til motz vid hofstrandar land.

þridiung j vidreka under oxafalle.

allann vidreka j hellisvik fra drang þeim er gegnt stendur runuskala. og inn til þess drangs er næstr er ut fra laxa.

Hualreka i Hellisvijk oc suo huar sem kiemur inn til drangsins.

vidreka allann oc suo hualreka. j mariubaas.

Salltfiara i geitarvijk ut aa millum lækia.

Halfann hvalreka og vidreka vta sande nordann fra jokulsaa reka og austur ad Helgaa.

jtem ä kirkian tveggia manna agaungu aa hval j kiosvijk.

jtem hun aa allann vidreka oc halfann hualreka aa eyre ut fra drang oc til kambs.

Hun aa niundu hveria vætt j hualreka j mariufioru inn fra laxaa.

Þangad liggur tiund af aullum bæium j mille breidavijkr sydre og niardvijkur. og lambelde a hverium bæ oc lysetollar af ollum þessum bæium.

Jtem aa kirkiann fiskevist ad aullduhamre. er Olafur prestr liet sveria. oc xxx. sauda haufn j hafnar land og hellis skiol er Olafr prestr liet sveria. Saudabeit vt a sand.

Jtem aa kirkian attatye sauda beit j Haaukinn i ness lande uppa manud oc tueggia hrossa gaungu i backa þyfe og taka ei undann folaulld.

Jtem a kirkiann fiortan fota torfgrauf j jokulsaar lande aarlia. og hun aa attundu hueriu uætt j hual aa uxafallsfioru. DI III 97-98 [AM Dipl afskr 4391 eftir frumbr; AM 259 4to, 79-80.]

[1367]:clxii. Mariukirkia a Desiamyre. a heimaland allt med gognum og giædum og allann hrafnnsdal.

les wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 232

1397: a heimaland allt med gognum oc giædumm og allann Hrafnsdal motz vid Hofstrandar land [+viðreka, hvalreka, saltfjöru]

Þangad liggur tiund af ollum þessum bæiumm milli Breidarvijkur sydri oc Niardvijkur oc Lambeldi af hveriumm bæ. þar med lysitoll. [+fiskvist, sauðabeit, hvalreka, viðreka, skóg]

þar skal vera heimilisprestur.

portio Ecclesiæ vmm xvj är viijc medann sira Einar hielltt. og er luktt j wadmälumm voruvirdumm oc vidumm vc enn nidur fiellv ccc fyrer atbot kirkiu; Máld DI IV 222-223

1574: Máld DI XII 787-788

1575: Máld DI XV 687-688

27.2.1880: Húsavíkursókn lögð undir Desjarmýri; (PP, 18) [lög]

14.9.1900: Leyft að flytja kirkjuna á Desjarmýri til Bakkagerðis; (PP, 18) [landshöfðingjabréf]

Heimildir: SJM II, 410, 13

NM-221:003 *Þinghóll* örnefni þingstaður

"D var þingstaður Borgarfjarðar frá fornu fari til ársins 1901, er hann var fluttur að Bakkagerði. Örnefnið Þinghóll er í túni." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 410

NM-221:004 *Gellivör* þjóðsaga tröllabústaður

"Í Staðarfjalli átti bústað mannskætt flagð Gellivör að nafni, og sauð mannakjöt á jólum í krakkavarg sinn." segir í Sveitum og jörðum. Sennilega sama og NM-681:027

Heimildir: SJM II, 412

NM-221:005 *Karlsbarð* bæjarstæði býli

"Í túni austur af bæ var afbýlið Karlsbarð (Barð í daglegu tali) byggt á 6. tug 19. aldar" segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 412

NM-221:006 heimild fjárhús

Í Sveitum og jörðum segir að torffjárhús f 120 fjár og 2 hlöður standi á túninu.

Heimildir: SJM II, 411

NM-221:007 heimild hlaða

Í Sveitum og jörðum segir að torffjárhús f 120 fjár og 2 hlöður standi á túninu.

Heimildir: SJM II, 411

NM-221:008 heimild hlaða

Í Sveitum og jörðum segir að torffjárhús f 120 fjár og 2 hlöður standi á túninu.

Heimildir: SJM II, 411

NM-221:009 heimild túngarður

Í Sveitum og jörðum segir að túngarður hafi verið á D.

Heimildir: SJM II, 412

NM-221:010 heimild áveita

"Allmiklar áveitur frá tíð Sig. Gunnarssonar, sumar ef til vill eldri." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 412

NM-221:011 heimild mylla

Í Sveitum og jörðum segir að mylla hafi verið við bæjarlækinn.

Heimildir: SJM II, 412

NM-221:012 *Á Geirastöðum* tóft beitarhús

Í Sveitum og jörðum segir að beitarhús hafi verið við Mosdalsá, lög niður á áttunda áratug síðustu aldar en tættur sjáist enn. "Inn af Mosdalsá er kjarri vaxin hraunbunga fyrir mynni Mosdals með mörgum hraunshólmum og djúpum grasbollum á milli, er heita Geirishólar. Eru þeir luktir vötnum á þrjá vegu. Neðst í þeim er alldjúp tjörn, er kallast Geirishólatjörn. En ofan við þá eru tættur eftir gömul beitarhús frá Desjamýri (lögð niður 1884), og kallast þar "Á Geirastöðum". Ekki er vitað, að þar hafi nokkurntíma byggð verið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 412; Ö-Desjamýri, 11

NM-221:013 heimild leið

1918: "Tún í góðri rækt, sléttir 786 m2, hitt illþýft. Engar fremur grasgefnar, tæpur helmingur þýfður, hitt greiðfært 3/4 hl. votlendar, nærtækar, samfelldar, engjavegur góður." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 412

NM-221:014 *Börðin* heimild kirkjugarður

"Forn kirkjugarður vestur frá bæ, sléttaður nú, en mótar fyrir honum. Þar líklega kirkja fyrr á öldum." segir í Sveitum og jörðum. "Fremst á Börðunum í Desjamýrartúni eru sagnir um gamlan kirkjugarð. Töldu menn sig sjá móta fyrir honum og tóftum í miðju, sem voru sennilega heytóftir, hvort sem kirkja hefur verið þar fyrrum og heyjum kastað í grunn hennar. En nú er þetta allt sléttað, en Sigmar man vel eftir þessu, eins og það var, áður en það var sléttað." Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. 9.7.1992: "Aðspurður um kirkjugarð benti [Sigmar] á stóra hringlaga tóft (ca. 25 m í þvermál) um 100 m í vestur frá íbúðarhúsi, á túnkantinum - Börðin. Rústin er útflött en ekki hefur verið farið á hana með vélum. Innan hringsins er há óregluleg bunga, en Sigmar [bóndi á Desjamýri] sagði að það væri eftir nýlegt rask. Bungan hefur enga stefnu og ekki sjást dyr sérstaklega á garðinum. Sögn er um að þetta sé kirkjugarður eða grafreitur sbr. þjóðs. um Sigurgarð sem grafinn var þar og vitraðist konu í draumi (Þjóðs. Sigf. Sigf.). Ekki var Sigmar trúaður á þessa staðsetningu fyrir kirkjugarð, langt úti í túni, hélt frekar að þetta gæti verið fjárborg eða hestarétt. Kirkjan stóð til 1901 í garði sem nú er bak við bæjarhúsin, þar sem bæjarhólinn ber einna hæst."

Heimildir: Dagbók OV 1992; SJM II, 412; Ö-Desjamýri ath og viðb, 6

NM-221:015 gripir

"Lampi úr tálgusteini fannst, er grafið var fyrir íbúðarhúsi '22." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 413

NM-221:016 *Hranfnártangarétt* heimild rétt

"Ofan við á tanganum [Hrafnártanga] stendur skilarétt Austurbyggðar, Hrafnártangarétt, byggð haustið 1922." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 1

NM-221:017 *Ytri-Grafir* heimild mógrafir

"Inn og upp frá Þorsteinsnesi tekur við afhallandi mýrlendi, er nefnist Hálsmúlamýri. Innst í henni eru mógrafir: Ytri- og Innri-Grafir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 3

NM-221:018 *Innri-Grafir* heimild mógrafir

"Inn og upp frá Þorsteinsnesi tekur við afhallandi mýrlendi, er nefnist Hálsmúlamýri. Innst í henni eru mógrafir: Ytri- og Innri-Grafir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 3

NM-221:019 *Vesturkofi* heimild hesthús
"í Desjamýrartúni, þ.e. Framtúni, var fjárkofi, síðast sem hesthús, með viðeigandi heytóftum. Hætt að nota það og niður fallið, þegar Sigmar man eftir, nú fyrir löngu sléttað, sést sem ávalur hóll: það hét Vesturkofi." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri ath og viðb, 6

NM-221:020 heimild leið
"Milli Bálks og Staðarfjalls er skarð, oftast nefnt Innra-Hrafndalsskarð, stöku sinnum farið af smölum og er þá komið niður á Efstahjalla í Mosdal." segir í örnefnalýsingu. Gæti náð yfir merki fleiri jarða og á þá heim í NM-681
Heimildir: Ö-Desjamýri, 5

NM-221:021 heimild leið
"Upp af Hrafnaklettur rís Staðarfjall með þverhníptum hömrum, en alldjúpt skarð má heita að skeri fjallið í tvennt og er þessi hluti fjallsins í daglegu tali nefndur Innra-Staðarfjall, en Skarðið kallað Hrafnsdalsskarð. Um það liggur stundum leið smala til Mosdals og er þá komið niður á Efrihjalla Mosdals." segir í örnefnalýsingu. Gæti náð yfir merki fleiri jarða og á þá heim í NM-681.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 5

NM-221:022 heimild fjárhús
"Yzt á honum [Þrándarstaðateig/Hólhústeig] stendur fjárhús með hlöðu á bungumyndaðum hól, sem er brattur að utan og heitir Þinghóll [sjá 003]." segir í örnefnalýsingu. Ekki víst að þetta fjárhús sé gamalt.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 5

NM-221:023 lind vatnsból
"Næsta flöt innan við Hólhústeig [sjá 022], niður af gamla kirkjugarðinum, heitir Kirkjutunga, þá Brunnflöt, er dregur nafn sitt af brunni eða uppsprettulind, sem allt neyzluvatn staðarins var sótt í, allt til ársins 1947 ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 6

NM-221:024 *Vatnshrútskofi* heimild
"Neðst í Brunnflöt, beint niður af lindinni, stóð um allmörg ár torfkofi, kallaður Vatnshútskofi, af því að í honum var fyrirkomið vatnshrút, er dældi sjálfkrafa vatni úr lindinni heim í bæ." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 6

NM-221:025 heimild mylla
"Skammt fyrir innan hann [024], fast við Bæjarlækinn, er lítil kofarúst, kölluð Myllukofi, því þar stóð áður kornmylla meðan korn var malað á bæjum." segir í örnefnalýsingu. Sennilega sama og 011.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 6

NM-221:026 heimild rétt

"En flötin milli Brunnflatar og Engjavegar, er myndar þríhyrning, heitir Réttarflöt, af því að þar stóð áður við Túnlækinn hestarétt, hlaðin úr torfi fram yfir síðustu aldamót. Var hún ætluð hestum kirkjugesta." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 6

NM-221:027 heimild smiðja

"Innst og nyrzt í honum [Hólhústeig sjá 022], við túngarðinn, stóð áður smiðjukofi, sem búið er að slétta." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 6

NM-221:028 heimild fjárskýli

"Ofan við Bæjarlækinn er dálítil túnskiki, er kallast Borgartún, kenndur við fjárborg, er eitt sinn stóð þar sem Borgarhúsin standa nú." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 6

NM-221:029 heimild kvíar

"Innan við Heimatún gengur lægð, kölluð Kvíalág, er dregur nafn af því, að þar stóðu kvíar staðarins, hlaðnar úr torfi, innst á túnhalanum, skammt norðan við Engjaveginn, en hafa nú verið sléttaðar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 6-7

NM-221:030 heimild leið

"Framan við Kvíalágina er mýri, er heitir Tíðamýri, og nær niður á Börð og inn að mel, er Tíðarmelur heitir, sem er hár og brattur að innanverðu. Dregur hvorttveggja melurinn og mýrin nafn af því, að um þau lágu kirkjugöturnar, meðan kirkja var á Desjamýri." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 7

NM-221:031 tóft stekkur

"Milli Kvíalágar og ytri hluta Tíðamels er ofurlítill holtsrani, kallaður Litlaholt. Ofan við Tíðarmýri er lynggróið holt, er heitir Stekkholt, sem dregur nafn af því, að fram til 1922 stóð innst á því fjárrétt og stekkur, er enn sjást tættur af, og kringum þær ofurlítill túnblettur, er kallast Stekkholtstún." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 7

NM-221:032 *Ytri-Mógrafir* heimild mógrafir

"Mýrin inn af því [Stekkholtstúni sjá 031] heitir Stekkholtsmýri og eru gamlar mógrafir innst í henni, er kallast Ytri-Mógrafir, en aðrar mógrafir eru ofan við miðja Króka, kallaðar Innrigrafir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 7

NM-221':033 *Innrigrafir* heimild mógrafir

"Mýrin inn af því [Stekkholtstúni sjá 031] heitir Stekkholtsmýri og eru gamlar mógrafir innst í henni, er kallast Ytri-Mógrafir, en aðrar mógrafir eru ofan við miðja Króka, kallaðar Innrigrafir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 7

NM-221:034 heimild rista

"Inn af Tíðarmel [sjá 030]. sem áður hefir verið nefndur, er blautlendur mýrarkriki, er nefnist

Torfkrókur og fellur Tíðamelslækur eftir honum út í hinn gamla farveg Mosdalsár. Torfkrókur var áður frægur fyrir ágæta torf- og reiðingsristu, og var allt heytorf Austurbyggðar skorið í honum fram yfir síðustu aldamót." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Desjamýri, 9

NM-221:035 heimild smalakofi

Í viðbótum við örnefnalýsinguna segir af smalakofatóft á Grænubölum í Hrafndal? sem nú er horfin undir skriðu.

Heimildir: Ö-Desjamýri ath og viðb, 1

NM-221:036 *Geirishólar* bæjarstæði býli

ÞJÁ:"Geirishólar eða Geirshólar eru hlaup eitt mikið innan við Desjarmýri. Þar kvað hafa verið bær í fornöld og hét bóndinn Geir eða Geiri. Þá bjó á Setbergi, næsta bæ, Jón bóndi, forn í skapi. Þeir deildu um landamerki; þá hlóð Geir garð um þvert þrætulandið; má sjá merki þess. Jóni sárnaði þetta. Honum var vel við vinnukonu Geirs og varðaði hana eitt kvöld við að reka féð heim, en bíða inni frá bænum. Það sama kvöld hljóp ofan fjallið og yfir bæinn." Samkvæmt ÞSS var að Herjólfur bróðir Gunnhildar sem hleypti skriðunni á G. Sjá 012.

Heimildir: ÞJÁ IV, 33; ÞSS 1986 VI, 17

NM-221:037 þjóðsaga draugur

ÞSS: Einar Jónsson var prestur í Desjamýri 1800-1811 og var hann giftur Guðrúnu Jónsdóttur. Einar lést árið 1811 og fékk Engilbert Þórðarson brauðið 1814 og giftist hann ekkjunni og frá þeim tíma var reimt í kirkjunni.

Heimildir: ÞSS 1982 II, 337-338

NM-221:038 þjóðsaga

Desjamýri er sögð hafa fengið nafn af því að þar börðust fornmenn og voru þar margar dysjar.

Heimildir: ÞSS 18986 VI, 47

NM-221b Desjamýri (afrétt)

"Stórt landsvæði inn af Setbergi heitir Desjamýrarafrétt, Afrétt í daglegu tali. Þar er sumarhaglendi gott í báðum hlíðum Náttmálafjalls og Skúmhattar og Þríhyrningsufsum neðar og einnig engjalönd um mýrarhöll og enni Neðri- og Efri-Fitja. Þar er fjöldi heystæða til vitnis um heyskap." SJM II, 411. "Ofan við Setbergshöfða er allbreiður, grösugur dalur til suðvesturs, er heitri Desjamýraafrétt. Takmarkast hún að norðan af Setbergshnaus og Hvítuhnjúkum, að austan af Víknaheiði og Hvítserk, en að sunnan af Náttálafjalli og Þríhyrningsups." Ö-Desjamýri, 15.

NM-221b:001 heimild heystæði

"Stórt landsvæði inn af Setbergi heitir Desjamýrarafrétt, Afrétt í daglegu tali. Þar er sumarhaglendi gott í báðum hlíðum Náttmálafjalls og Skúmhattar og Þríhyrningsufsum neðar og einnig engjalönd um mýrarhöll og enni Neðri- og Efri-Fitja. Þar er fjöldi heystæða til vitnis um heyskap." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 411

NM-221b:002 *Efri-Selhúslækur* örnefni sel
"Innan við Myrká tekur við Setbergsland, er nær inn að Efra-Selhúslæk ..." "Ofan við Neðri-Selhússlæk taka við Neðri-Fitjar. Skammt ofan við lækinn rís langur melhryggur, er nefnist Fitjahryggur. Eftir honum liggur vegurinn frá Neðri-Selhúsalækur, upp af Efri-Selhúsalæk." segir í örnefnalýsingu. Bæði lækjarnöfnin gætu verið dregin af sama selinu, 003.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 7, 15

NM-221b:003 tóft sel
"En í krika ofan við hólana [Urðarhólana] er mjög djúpt stöðuvatn, er heitir Urðarhólavatn. Úr því fellur Neðri-Selshúsalækur ofan með Urðarhólum og Setbergshöfða niður í Krossá. Dregur hann nafn af fornu seli frá Desjamýri, er stóð á efri bakka hans, gegnt neðra horni Urðarhóla, og sjást þar enn grónar tættur, kallaðar Seltættur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Desjamýri, 15

NM-222 Þrándarstaðir

Hjáleiga Desjamýrar. Bærinn heitir nú Sólbakki. "Hrafná skiptir löndum við Desjamýri að innan, en að utan eru mörk við Fjarðará á móti Hofströnd skammt innan við brúna og þvert austur í Folaldsgontu, áberandi dæld í fjallsbrekkum út of upp af Sólbakkabæ og fylgja ofar vatnaskilum við Brúnavík á Forum og Breiðuvík á Gagnheiði, Marteinshnúk (621 m), Brúnkollu (611 m) og á Skjöld utan við Bálkaskarð. Breidd landsins við þjóðveg er 500-600 m, en meira í fjallinu." SJM II, 414-415. Í eyði árið 1775. ÓO: Ferðabók II, 142
1918: Tún 1,6 ha. 1917: "Tún snögglent, en greiðfært, hætt við kali. Engjar snöggar, greiðar, dreifðar, mestmegnis votar, engjavegur brattur og erfiður. Hey létt en hollt. Sumarhaglendi gott nema f. nautgripi. Vetrarbeit í meðallagi, nærtækt og skjólgott beitarland, snjóþungt, fremur erfið fjárgeymsla." SJM II, 215.

NM-222:001 *Þrándarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Hið eldra [bæjarstæði] var í krika uppi undir fjalli." segir í Sveitum og jörðum. "Jörðinni fylgir óþiljuð baðstofa 51/2x41/4x31/2 alin + baðstofuendi í eigu ábúanda." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 414-415

NM-222:002 heimild fjárhús
Samkvæmt Sveitum og jörðum var torffjárhús fyrir 120 kindur á Sólbakka.
Heimildir: SJM II, 415

NM-222:003 þjóðsaga
"Engilækir falla um samnefnd gil í Hrafná. Utan Engislækja, Engishöll og Fossmýri, þá Geitlugil. Sú trú lá á, að í því hefðist við útburður, er léti til sín heyra undan verðrabrigðum, en oft tekur í gilinu undir sunnanátt: um gilið fellur samnefndur lækur í Hrafná. Utan Geitlugils heita Neðrabyrgi, en Efrabyrgi ofar, neðan Gráflekkumels." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 3

NM-222:004 *Neðrabyrgi* örnefni
"Engilækir falla um samnefnd gil í Hrafná. Utan Engislækja, Engishöll og Fossmýri, þá Geitlugil. Sú trú lá á, að í því hefðist við útburður, er léti til sín heyra undan verðrabrigðum,

en oft tekur í gilinu undir sunnanátt: um gilið fellur samnefndur lækur í Hrafná. Utan Geitlugils heita Neðrabyrgi, en Efrabyrgi ofar, neðan Gráflekkumels." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 3

NM-222:005 *Efrabyrgi* örnefni
"Engilækir falla um samnefnd gil í Hrafná. Utan Engislækja, Engishöll og Fossmýri, þá Geitlugil. Sú trú lá á, að í því hefðist við útburður, er léti til sín heyra undan verðrabrigðum, en oft tekur í gilinu undir sunnanátt: um gilið fellur samnefndur lækur í Hrafná. Utan Geitlugils heita Neðrabyrgi, en Efrabyrgi ofar, neðan Gráflekkumels." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 3

NM-222:006 *Stekkjargrund* örnefni stekkur
"Utan Litlalækjar heita, neðst, Stekkholt ... Utan Stekkholts, næst Hrafná, heita Stekkjargrund og Stekkjarmýri ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 3

NM-222:007 *Lambhúsmell* örnefni lambhús
"... utan við túnið Kriki, og upp úr honum Langalág en ofan túns, Lambhúsmell ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 3-4

NM-222:008 gata leið
"Fagrihóll er fram af Grenjum. Hann ber við loft úr byggð. ... Áður fyrr lágu reiðgötur framan í hólnum og yfir Fagrahólsmýrina framan til. Þessir götuslóðar sjást vel enn." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir ath og viðb, 2

NM-222:009 varða samgöngubót
"Fagrihóll er fram af Grenjum. Hann ber við loft úr byggð. ... Áður fyrr lágu reiðgötur framan í hólnum og yfir Fagrahólsmýrina framan til. Þessir götuslóðar sjást vel enn. Þá tekur við Þrándarhryggur, settur vörðum með vissu millibili til að rata eftir." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir ath og viðb, 2

NM-222:0010 heimild vað
"Þegar Jón var krakki, var honum sagt, að sjómenn hefðu baðað sig í Skjómannskíl. Rétt fyrir innan vaðið á kílnum, á götunum austur í Hofstönd ..." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir ath og viðb, 8

NM-223 Hofströnd

8 hdr. 1695, 1847. 1354: Nafn jarðarinnar kemur fyrir í máldaga Desjamýrarkirkju DI III, 97, sbr DI IV, 222. 1570 og síðar er H nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. "Mörkin við Höfn eru rétt utan við Hamra, við Laxá ..." SJM II, 417. 1918: Tún 2,8 ha. 1917: "Tún sendið, erfitt að halda því í góðri rækt, greiðfært. Engjar snöggar, þýfðar, ógreiðar, þurrar og

að nokkru samfelldar, sumar nærtækar, aðrar langsóttar. Sumarhagar litlir f. stórgripi en allgóðir f. sauðfé. Vetrarbeit góð fyrir fé ..." SJM II, 418.

NM-223:001 *Hofströnd* bæjarhóll bústaður
Byggt steinhús 1904, segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakorti 1918; SJM II, 417

NM-223:002 tóft
Fimmtudagur 9. júlí [1992] Við héldum af stað kl. 9.00 og ókum út Hérað og yfir í Borgarfjörð Eystra (9.45). ... að Hofsströnd og vorum komnir þar kl. 11.00. Þar hittum við Þorbjörgu Ólafsdóttur húsfreyju. Hún þekkti ekki Goðaborgir þær í fjallinu fyrir ofan bæinn sem Sigfús segir frá í þjóðsögum sínum. Hún kallaði tóft niður við þjóðveg hoftóft. Tóftin er með friðlýsingarmerki, sem er orðið afmáð og ólæsilegt. Hún stendur í kverk norðan undan bænum. Heimreiðin er sunnan við en þjóðvegur vestan. Þetta virðist ekki vera ein tóft, heldur lítil tóftaþyrping með garðlagi og ekki er ljóst hvort þetta sé sami staður og sá er menn á 19. öld töldu vera hof. Engu að síður teiknuðum við staðinn, mynduðum og tókum hnit. Erfiðlega gekk að teikna, en okkur tókst að ná sæmilega skýrri mynd í 1:200. Engar aðrar tóftir er að sjá í nánd við bæinn, utan smákofatóft sem stendur vestan við bæinn og vestan og utan þjóðvegar. Þessu verki var lokið kl. 13.00.

Friðl. sem: "Forn tóft að sögn, nálægt bænum, 12 metrar á hvorn veg að stærð. Benedikt Þórarinsson sóknapr. að Ási í Fellum, 1848: "Bær einn er sá í Borgarfirði er Hofströnd heitir, stendur hann á sjávarbakka sunnanmegin við fjarðarbotninn, hátt klettafell er þar upp af bænum, sem nefnt er Svartafell, það er mál manna, að þar hafi verið goðahof í heiðni, og að klukka úr hofinu hafi verið lögð til Desjarmýrar kyrkju."

"Hofströnd (bær) kvað draga nafn af hofi sem þar hafi staðið og er enn vísað til tóftarinnar. Þar sýnist og hafa staðið hús í fornöld, ferhyrnt, hér um fjórir faðmar á hæð og dyr móti útnorðri. Eins þykir mér líklegt að hér hafi verið fjárborg, þó aðrar menjar þeirra sem hér sjást séu allar kringlóttar. Þessi ferhyrnda er mörgum öldum eldri og eru ei nema bungur á grundinni sem marka veggjastæðin."

"Hjá bænum Hofströnd er talið að séu leifar af hoftóft." "På gården Hovstrand (Hofströnd) vil man påvise tomtelævninger af et hov. Ved mundingen af åen, der i gamle dage skal være benyttet som havn, ligesom også i den försævnte lille holm, vil man påvise lævninger af købmandsboder og skibsskure. 1)" "Se herom Antikv. Tidsskr. 1846-48, s.168. Hovet (og dets klokke(!) - senere kirkeklokke-) omtalesogså i en indberetning til det kgl. nord. Oldskriftselskab fra Ási Fellum (1848), hvor tillige navnet Desjarmýri forklares - af nogle dysser ved Hovstrand, minderne om en kamp mellem hedninger og kristne i anledning af kristendommens indførelse.½" "Goðaborgir heita og klettastapar tveir uppi á fjallshnúk, háum og einkennilegum, ofar frá Hofsströnd í Borgarfirði eystra. Fjallið heitir Svartafell, og er klofið að ofan með gjá. Annar stapinn er nokkru hærri og eigi hættulaust að klifra hann upp. - Hof Borgfirðinga stóð þar niður frá í túninu, utan við Hofsstrandarbæina. Er þar tóft mikil, ferhyrnd, sem sögð er hofstóftin, þótt hún líkist varla /86/ hofstóft að lögun."

Heimildir: FF, 646; ÞJÁ IV, 123; . Kaalund: Ísl.sögust, IV, 13; Kålund II 1879-82: 210) Nmrg. 1; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57; AF: Dagbók; Sigfús Sigfúss 1932,85-6

NM-223:003 *Goðaborgir* örnefni
Fimmtudagur 9. júlí [1992] Við héldum af stað kl. 9.00 og ókum út Hérað og yfir í Borgarfjörð Eystra (9.45). ... að Hofsströnd og vorum komnir þar kl. 11.00. Þar hittum við Þorbjörgu Ólafsdóttur húsfreyju. Hún þekkti ekki Goðaborgir þær í fjallinu fyrir ofan bæinn sem Sigfús segir frá í þjóðsögum sínum. Hún kallaði tóft niður við þjóðveg hoftóft. Tóftin er

með friðlýsingarmerki, sem er orðið afmáð og ólæsilegt. Hún stendur í kverk norðan undan bænum. Heimreiðin er sunnan við en þjóðvegur vestan. Þetta virðist ekki vera ein tóft, heldur lítil tóftaþyrping með garðlagi og ekki er ljóst hvort þetta sé sami staður og sá er menn á 19. öld töldu vera hof. Engu að síður teiknuðum við staðinn, mynduðum og tókum hnit. Erfiðlega gekk að teikna, en okkur tókst að ná sæmilega skýrri mynd í 1:200. Engar aðrar tóftir er að sjá í nánd við bæinn, utan smákofatóft sem stendur vestan við bæinn og vestan og utan þjóðvegar. Þessu verki var lokið kl. 13.00.

Við fengum okkur kaffi í Borgarfirði og Orri vingaðist við heimamenn. Hann hitti Óðinn Gunnar, sem er að skrifa sögu staðarins (eða stendur fyrir því verki). Hann stakk upp á að við töluðum við Sigmar bónda á Desjarmýri vegna Goðaborga (14:00). Orri talaði við Sigmar, sem sagði að það örnefni hafi verið týnt. En Stefán nokkur prófessor í Baltimore kom á staðinns og fann það aftur. Mun það vera klettur stakur efst uppi á fjallinu. "Goðaborgir heita og klettastapar tveir uppi á fjallshnúk, háum og einkennilegum, ofar frá Hofsströnd í Borgarfirði eystra. Fjallið heitir Svartafell, og er klofið að ofan með gjá. Annar stapinn er nokkru hærri og eigi hættulaust að klifra hann upp. - Hof Borgfirðinga stóð þar niður frá í túninu, utan við Hofsstrandarbæina. Er þar tóft mikil, ferhyrnd, sem sögð er hofstóftin, þótt hún líkist varla /86/ hofstóft að lögun." ÞSS 1985: Þegar kristnir menn komu í Borgarfjörð tóku heiðingjarnir klukkurnar úr hofinu og hengdu þær á járnstöng yfir gjá eina upp í fjallinu.

Heimildir: ÞSS 1932, 85-6; AF: Dagbók; Sigfús Sigfúss 1932,85-6

NM-223:004 tóft

Fimmtudagur 9. júlí. Við héldum af stað kl. 9.00 og ókum út Hérað og yfir í Borgarfjörð Eystra (9.45). Ég hringdi í Landsvirkjun og Mjöll vegna ýmissa skipulagsmála. Þá fórum við að Hofsströnd og vorum komnir þar kl. 11.00. Þar hittum við Þorbjörgu Ólafsdóttur húsfreyju. Hún þekkti ekki Goðaborgir þær í fjallinu fyrir ofan bæinn sem Sigfús segir frá í þjóðsögum sínum. Hún kallaði tóft niður við þjóðveg hoftóft. Tóftin er með friðlýsingarmerki, sem er orðið afmáð og ólæsilegt. Hún stendur í kverk norðan undan bænum. Heimreiðin er sunnan við en þjóðvegur vestan. Þetta virðist ekki vera ein tóft, heldur lítil tóftaþyrping með garðlagi og ekki er ljóst hvort þetta sé sami staður og sá er menn á 19. öld töldu vera hof. Engu að síður teiknuðum við staðinn, mynduðum og tókum hnit. Erfiðlega gekk að teikna, en okkur tókst að ná sæmilega skýrri mynd í 1:200. Engar aðrar tóftir er að sjá í nánd við bæinn, utan smákofatóft sem stendur vestan við bæinn og vestan og utan þjóðvegar. Þessu verki var lokið kl. 13.00.

Við fengum okkur kaffi í Borgarfirði og Orri vingaðist við heimamenn. Hann hitti Óðinn Gunnar, sem er að skrifa sögu staðarins (eða stendur fyrir því verki). Hann stakk upp á að við töluðum við Sigmar bónda á Desjarmýri vegna Goðaborga (14:00). Orri talaði við Sigmar, sem sagði að það örnefni hafi verið týnt. En Stefán nokkur prófessor í Baltimore kom á staðinn og fann það aftur. Mun það vera klettur stakur efst uppi á fjallinu.

Heimildir: AF: Dagbók

NM-223:005 heimild lending

"Útræði var stundum frá H og geðug lending eftir ástæðum í Borgarfirði fremst við Hamarinn. Þar var tún fráskilið heimatúni og fjárhús." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 417

NM-223:006 heimild fjárhús

"Útræði var stundum frá H og geðug lending eftir ástæðum í Borgarfirði fremst við Hamarinn. Þar var tún fráskilið heimatúni og fjárhús." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 417

NM-223:007 heimild fjós
Í Sveitum og jörðum segir að fjós úr torfi og grjóti sé til frá um ´50, fyrir 4 kýr.
Heimildir: SJM II, 417

NM-223:008 heimild mylla
"Mylla við bæjarlæk ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 418

NM-223:009 heimild skemma
Í Sveitum og jörðum segir að vélageymsla úr torfi og grjóti sé til frá um ´50, alls 50 m3.
Heimildir: SJM II, 417

NM-223:010 *Oddsborgarhóll* örnefni
"Melhryggurinn frá Laxá að Hvítamel nefnist Ás. Neðan við hann, meðfram sjónum, frá Maríubás að Fögrufjöru, er graslendi, sem nefnist Oddsborgarmýri. Á henni, utan til og upp af Magnúsarbási, er Oddsborgarhóll, og mun mýrin draga nafn af honum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hofströnd, 2

NM-223:011 *Svarðarmelur* örnefni mógrafir
"Inn af Oddsborgarmýri [009] rís ölduhamar. Hæsti kletturinn heitir Háhamar, en frá honum og upp að Ás, eru grasbotnar, Fögrulágar. Frá Háhamri, í beina stefnu á Hvítamel [009] eru tveir melar, Svarðarmelur, sem er nær hamrinum og Ennismelur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hofströnd, 2

NM-223:012 *Kvíamelur* örnefni kvíar
"Upp af Hofstrandartúninu eru allháir melar, báðum megin við Bæjarlækinn. Heitir sá, utan lækjarins, Krókamelur, en hinn, sem er framan við lækinn, Kvíamelur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hofströnd, 3

NM-223:013 *Dysjahvammur* heimild legstaður
SS 1986 "Framan við ána [Helgaá] er votlendur mýrarhvammur sem heitir Dysjahvammur. Eru þar einir 12-14 smáhólar er menn segja að séu dysjar þeirra sem féllu í bardaganum." "Enginn maður hefir víst forvitnast í hóla þessa enn sem komið er svo menn hafa engar sannanir fyrir sögunni, enda eru dysjarnar mjög líkar yfirgrónum hraunhólum þótt þær gætu verið forn leiði. En eftir tölu dysjanna og stærð þeirra hefði þá mátt falla þar voðamikill valur. Gætu þær og margar verið í jörðu signar og fleiri menn hefðu líklega verið heygðir í einni dys."
Heimildir: ÞSS VI 1986, 19

NM-224 Höfn

12 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 215. 1397: Er getið í máldaga Vallaness. "Jtem skipade sira Oddur kirkiunni j Wallenesi til eignar jord j Hofn i Borgarfirde."DI IV, 206-207 Vallaneskirkjueign. "Landamörk við Hofströnd eru við Laxá,

dávænan læk röskan 1 km. inn af bæ. Önnur mörk eru um Brúnavík um fjallseggjar frá Gránípu (441 m) rétt utan við Geitfell um Búrfell (451 m), Grenjahnaus (413 m) og Stekkhvammsfell (448 m). Norður af síðastnefnda fellinu er Hafnarþúfa (374 m), grasivaxin að suðvestanverðu, en norðan og norðaustan er 300-350 m hátt strandberg niður í Hellrafjöru. Mörkin liggja niður Almenningsraðið austur af "þúfunni" og á miðja Almenningsfles, flata, stóra flúð örskammt frá landi." SJM II, 419.

1918: Tún 4,0 ha. 1917: "Engjar víðs vegar um fjall, jafnvel upp undir eggjar, víðáttumiklar, en sundurskornar af melum og grafningum, víðast þýfðar, mosamiklar og snöggar, slegnar á mis." SJM II, 421.

NM-224:001 *Höfn* bæjarhóll bústaður
"Torfbær um 70 metra norður frá núv. húsi og um 70 metra frá sjávarbakka." segir í Sveitum og jörðum. "Baðstofa 15x51/2x43/4 alin, portbyggð, alþiljuð uppi og niðri, niðri eldhús, matstofa og svefnherbergi uppi 4-skipt, 4 litlir kvistgluggar á suðurhlið, skarsúð. Torfstafnar uppi úr, timburþil á suðurhlið. Bæði afltré og innviðir úr rekaviði. Sneri sa-nv. Búr, eldhús og fjós norðan við sneru eins, en framan við bæjarhús með útidyr móti sv. á járnklæddri timburhlið, stofa niðri, loft með kvisti yfir. Ár '24-'26 sett skarsúð úr rekaviði á búr og eldhús, en járn á fjós. 2 skemmur með timburstafna fram á hlað og "langhús" byggt '10 19x51/4x7 álnir, þiljað að mestu uppi og niðri, undir járni og járnklædd framhlið. Búið í bænum til '56, rifinn kringum '60." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 421

NM-224:002 heimild túngarður
"Torfgarður, ekki mjög gamall um 1,7 ha, tún. Jafnaður út kringum '10 við þaksléttugerð." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 421

NM-224:003 heimild mylla
"Mylla við bæjarvegg í notkun fram yfir '20." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 421

NM-224:004 *Hafnarvík* heimild lending
" ... en annars dregur hún nafn af lendingu í Hellisfjöru fram og niður af bænum. Þar var einna skást lending í firðinum í ófullkomnu vari af hólmanum." segir í Sveitum og jörðum. 1777: "Sagt er, að þjóðir, einkum Hamborgarar og Englendingar, hafi fyrrum lagzt á litla vík skammt fyrir innan bæinn Höfn, en henni er skýlt af hólma eða eyju, og er mjótt sund milli hans og lands. Sagt er, að þeir hafi lagt skipum sínum á sund þetta, en það snýr mynninu milli NA- og A-átta, og ná öldur úr þeim áttum óhultar inn á það. Inn í miðjan hólmann að suðvestanverðu skerst lítill vogur; þar er lent, þegar farið er í hólmann, og halda menn, að skipin hafi legið fram undan honum, og voru tvær landfestar bundnar upp í hólmann, þriðja festin lá til lands til varnar gegn SSA-átt en hin fjórða var akkerisfesti, og tryggði hún skipið fyrir NV-átt. ... Höfnin er ekki stærri en svo, að tvö skip geta legið þar í einu ... fyrir einum 35 árum [flúði] hollensk fiskidugga ... inn á Hafnarvík fyrir hafís og [lagðist] nær landi en við hólmann og [batt] landfestar í svonefnt Skarfasker, sem liggur uppi á landi í Hellisfjöru ... Þarna sjást tóttir þriggja fornra verzlunarhúsa."
Heimildir: SJM II, 419; ÓO II, 173.

NM-224:005 heimild
"Úti í Vog eru minjar um mannvist, tættur á a.m.k. fjórum stöðum. Ein þeirra er í

sjávarbakka, sem brotnað hefur fram, og þar er öskulag, sem sýnir að timbur hefur verið notað í eld, enda sjálfkjörið eldsneyti á slíkum stað. Sennilega er um verbúðaminjar að ræða." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 420

NM-224:006 heimild

"Úti í Vog eru minjar um mannvist, tættur á a.m.k. fjórum stöðum. Ein þeirra er í sjávarbakka, sem brotnað hefur fram, og þar er öskulag, sem sýnir að timbur hefur verið notað í eld, enda sjálfkjörið eldsneyti á slíkum stað. Sennilega er um verbúðaminjar að ræða." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 420

NM-224:007 heimild

"Úti í Vog eru minjar um mannvist, tættur á a.m.k. fjórum stöðum. Ein þeirra er í sjávarbakka, sem brotnað hefur fram, og þar er öskulag, sem sýnir að timbur hefur verið notað í eld, enda sjálfkjörið eldsneyti á slíkum stað. Sennilega er um verbúðaminjar að ræða." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 420

NM-224:008 heimild

"Úti í Vog eru minjar um mannvist, tættur á a.m.k. fjórum stöðum. Ein þeirra er í sjávarbakka, sem brotnað hefur fram, og þar er öskulag, sem sýnir að timbur hefur verið notað í eld, enda sjálfkjörið eldsneyti á slíkum stað. Sennilega er um verbúðaminjar að ræða." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 420

NM-224:009 *Englendingaleiði* heimild legstaður

"Í túni eru Englendingaleiði frá tíð Árna Gíslasonar." segir í Sveitum og jörðum. "Tveir menn, sem létust á herskipi, voru moldausnir á bakkanum, skammt frá bæ. Marmarahella send á leiðið, og Árni orti grafskrift. ... Grafreiturinn er enn óhreyfður í miðju túni, og raunar talið að hinum þriðja hafi verið holað þar niður til fóta síðar." 1777: Skammt frá túninu í Höfn var ferhyrnd tótt, þar sem tveir Englendingar höfðu verið grafnir. Við enda annarrar grafarinnar stóð fjöl með svofelldri áletrun: Hic jacet Thomas Elgar anno 1765 d. 14. April. ... Við enda hinnar grafarinnar stóð lítill legsteinn sem ættingjar hins látna höfðu látið flytja þangað 1765, og var þetta á hann letrað: Here lies interrdy Body of Stephen Norwod of Bodstairs in England, who died the 13te of July 1764 in y 45 year of his age. Welcome to Christ I hope he is seated in eternal Bliss. He is gone before us to schew the Way repenting Sinners go." ÓO II, 122

Heimildir: SJM II, 420; ÓO II, 122.

NM-224:010 tóftir verbúð

"Í þriðja lagi minna enn örnefni og rústir á verstöðu Eiðamanna í H. Á Bjargi, um 500 m fram og niður af bæ, eru greinileg merki um gamlar byggingar, og Bjargið, sem er hár sjávarbakki innan við Hellisfjöru, hét öðrum nöfnum Fiskabjarg og Eiðabjarg." segir í Sveitum og jörðum. Rústirnar voru látnar vera er tún var ræktað á Bjarginu.

Heimildir: SJM II, 420

NM-224:011 *Eiðabás* heimild lending

"Eiðabás er lendingarstaður í fjöru og Eiðabrekka ofan við Bjargið." segir í Sveitum og

jörðum.
Heimildir: SJM II, 420

NM-224:012 tóft sel
"Í miðju fjalli er Sel og þar rústir húss á lækjarbakka." segir í Sveitum og jörðum. "Við upptök hans [Giljalækjar] að sunnanverðu virðast mjög fornar rústir eftir hús. Það er kallað Sel, en Sellækur fellur um Fénaðarmýrarhall, Karlsbotn [015] og í sjó fram í Stóruvík." segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km frá bæ.
Heimildir: SJM II, 420; Ö-Höfn, 3

NM-224:013 *Sæluvogur* heimild lending
"Þarna eru sker og stapar í brimgarði og undir Uxafalli vogur með þrautalendingu, kyrr í austanbrælu og stundum fiskisæll og heitir Sæluvogur." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 420

NM-224:014 *Stekkur* tóft stekkur
Á undirlendinu fyrir utan Vogsá og þegar komið er úr sniðgötunni er Vogsmýri næst sjónum, þegar farið er norður hana er ofanfall úr hlíðinni, og næst er komið að Stekk, segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum segir að tóftarbrot séu þarna þar sem stekkurinn er.
Heimildir: Ö-Höfn, 2; Ö-Höfn ath og viðb, 1

NM-224:015 heimild leið
Á undirlendinu fyrir utan Vogsá og þegar komið er úr sniðgötunni er Vogsmýri næst sjónum, þegar farið er norður hana er ofanfall úr hlíðinni, og næst er komið að Stekk, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn, 2

NM-224:016 varða
"Ef við höldum hér til fjalls komum við upp á Karlsmel, allháan með vörðubroti efst, og sjáum yfir Karlsbotn ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn, 2

NM-224:017 heimild mógrafir
"Upp frá Fénaðarmýrarhalli liggja allvíðáttumiklar vallendiskvosir meðfram Vogsánni að norðan verðu. Þær heita einu nafni Hvammar. Þá tekur við Illamýri og Illumýrarhöll, er liggja upp að Neðsta-Svarðarmel, en hann er neðanvert við stórt mýrarsvæði, sem kallast Kjóamýri. Nálægt því um hana miðja eru Ytri-Svarðarmell og innri-Svarðarmell. Á Kjóamýri var lengi fyrrum aðallega aflað mós til eldsneytis í Höfn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn, 3

NM-224:018 heimild beitarhús
"Ef haldið er áfram af Kjóamýri [017] ... er komið á lítið sléttlendi, sem heitir Flötur. Nyrst á honum hefir verið fært saman allmikið af stóru, völdu grjóti, og mun hafa verið ætlunin að reisa þar beitarhús, en engar sagnir munu vera þekktar um slíka byggingu á þeim stað." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn, 4

NM-224:019 *Kró* heimild
"Ef farið er um Skriðugil upp úr Tó er Hvítaskriða á hægri hönd, allbrött, en Dumbafjöruþúfa

þar á brúninni litlu sunnar. Um 200 metrum fyrir sunnan Drumbafjöruþúfu hefir verið fært saman mikið af stóru grjóti og mætti ætla, að þar hafi einhvern tíma bygging verið, því grjótið myndar nokkurn veginn skilulegan ferhyrning. Þetta heitir Kró, en Króarmelar melarnir þar upp frá ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn, 5

NM-224:020 heimild leið

"... Holt [er] melhryggurinn, sem hefst rétt fyrir neðan hliðið á veginum, og liggur út og upp undir Gránípumela, sem eru allháir melar inn og upp af bænum. Upp af þeim sunnanverðum rís strýtumynduð hæð. Það er Gránípan, en upp af henni, litlu utar, rís klettabrún, sem heitir Snið. Þar er alllöng og brött skágata upp brúnina. Um hana var farið með heybandslestir á meðan heyskapur var sóttur í Hafnarfjall." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn, 6-7

NM-224:021 heimild kvíar

"Kvíar stóðu áður ofanvert við túnið, og upp frá þeim lá stórgert valllendisþýfi, um 4 dagsl. að stærð. Það var Kvíaþýfi. Nú er það slétt tún." segir í örnefnalýsingu. Í ath og viðb segir að kvíarnar hafi verið um 100 metra frá bæ. Þær lögðust af 1904, en ekki var búið að eyðileggja tóftirnar um 1940.

Heimildir: Ö-Höfn, 7; Ö-Höfn ath og viðb, 2

NM-224:022 *Heygarður* örnefni

"Kvíar stóðu áður ofanvert við túnið, og upp frá þeim lá stórgert valllendisþýfi, um 4 dagsl. að stærð. Það var Kvíaþýfi. Nú er það slétt tún. Upp frá því, suðvestanverðu, gengur Kvíahryggur, en Heygarður kvosin, sem er þar fyrir utan allt að Bæjarlæknum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn, 7

NM-224:023 *Draugabotn* örnefni

"Draugabotn heitir mjög djúpur hvammur við Laxá, alllangt fyrir ofan Stórusteinsmelamýri." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn, 8

NM-224:024 *Eiðanaust* heimild naust

"Stuttu utar en Kolbeinsfjörutangi, sem áður er getið, er þröngur og stórgrýttur bás, sem heitir Eiðabás [sjá 011], en Eiðanaust hef ég heyrt kallað tóftarbrot, þar uppi á bakkanum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn, 9

NM-224:025 *Færeyingavogur* heimild lending

"Í klöppunum norðan við Hellisfjöru er djúpur, en mjór vogur, sem heitir Færeyingavogur. Þar settu Færeyingar upp fisk og bundu báta sína á meðan þeirra útgerð stóð í Höfn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn,10

NM-224:026 *Eldhúsbás* örnefni

"Í klöppunum norðan við Hellisfjöru er djúpur, en mjór vogur, sem heitir Færeyingavogur. Þar settur Færeyingar upp fisk og bundu báta sína á meðan þeirra útgerð stór í Höfn. Frá Færeyingavog liggur leiðin um urðarfjöru, sem heitir Eldhúsbás ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Höfn,10

NM-224:027 *Eyri* heimild lending
"Úr Eldhúsbás liggur leiðin um stórgrýtta urð og út á malarfjöru, sem heitir Eyri, og er þar þrautalending í úfnum sjó." segir í örnefnalýsingu. 1537 er vitnisburðarbréf um að Njarðvíkurkirkja eigi hólma sem liggur fyrir landi Hafnar, skipsstöðu á Eyri og Tófaskála, er sumir nefna Rúnuskála.
Heimildir: Ö-Höfn,10; DI X, 104

NM-224:028 heimild hjallur
"Í framhaldi af Karlfjöru er víðáttumikil en lág klöpp, sem heitir Hjallaklöpp. Á bakkanum uppi yfir henni var skreiðarhjallur og hákarlageymsla Hafnarbænda fyrrum. Nú sjást hans engin merki." segir í örnefnalýsingu. Við skráningu þarf að athuga hvort fleiri en eitt hús var þarna og bæta þeim við ef svo var.
Heimildir: Ö-Höfn,11

NM-224:029 *Smiðjuvogur* örnefni smiðja
"Brimsker er hátt og alstórt sker norðanvert við Bæjarfjöru, en Smiðjuvogsklöpp upp af því. Upp með henni að austanverði er Smiðjuvogur, alldjúpur, en Smiðjuvogstangi tanginn austan við hann er Smiðjufjara þar næsta fjara." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,11

NM-224:030 *Lambhúsbás* örnefni lambhús
"Lambhúsbás er næsta fjara [við 029] ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,11

NM-224:031 heimild fjárhús
"Syðsti hlutinn af túninu er kallað Bjargtún. Það er fráskilið aðaltúninu af mýrarsundi. Í Bjargtúni, sem í daglegu tali nefnist "Á Bjarginu" hafa staðið og standa enn 2 fjárhús. Það voru sauðahús áður fyrr, er þær skepnur voru til." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,14

NM-224:032 *Karlskofi* heimild útihús
"Efst í bæjarþorpinu var hús, kallað Karlskofi, en túnið inn og upp af honum var nefnt Kofastykki, allt upp að brekkunni, sem hét Ærhústún, upp af Kvíum [021] ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:033 *Ærhús* heimild fjárhús
"Efst í bæjarþorpinu var hús, kallað Karlskofi, en túnið inn og upp af honum var nefnt Kofastykki, allt upp að brekkunni, sem hét Ærhústún, upp af Kvíum [021] ... Ærhúsin stóðu úti undir Bæjarlæknum, efst á Ærhústúni." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:034 heimild hesthús
"Fyrir utan Bæjarlæk var Hesthústún efst og þar stóð hesthúsið á lækjarbakkanum, en Lambhúsið þar litlu utar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:035 heimild lambhús
"Fyrir utan Bæjarlæk var Hesthústún efst og þar stóð hesthúsið á lækjarbakkanum, en Lambhúsið þar litlu utar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:036 *Smiðjutunga* örnefni smiðja
"Smiðjutunga var túnið meðfram Bæjarlæk fyrir neðan Hesthústún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:037 *Huldukofi* heimild útihús
"Huldukofi var lítill kofi ofanvert við Hulduhól .... og Huldukofatún þar í kring." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:038 *Hulduhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður
"Huldukofi var lítill kofi ofanvert við Hulduhól .... og Huldukofatún þar í kring." segir í örnefnalýsingu. "Í Hulduhól á að vera bústaður huldufólks." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15; Ö-Höfn ath og viðb, 3

NM-224:039 *Bakkakofi* heimild fjárhús
"Bakkakofi stendur á bakkanum upp af Smiðjuvog. Þar er nú Ærhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn,15

NM-224:040 *Kaupmannsstapi* þjóðsaga
"Kaupmannsstapi er aðeins 15-20 metra frá landi, nær ókleifur. Um hann er sú sögn, að kaupmaður einn hafi klifið hann og komið fyrir silfursverði uppi á honum, sem enn mun bíða þess, sem sækir það upp á staðann." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Höfn ath og viðb, 3

NM-224:041 *Tófaskáli/Rúnuskáli* heimild
1537 er vitnisburðarbréf um að Njarðvíkurkirkja eigi hólma sem liggur fyrir landi Hafnar, skipsstöðu á Eyri og Tófaskála, er sumir nefna Rúnuskála.
Heimildir: DI X, 104

NM-225 Brúnavík

16 hdr. 1695, 1847. Í máldaga frá 1367 segir að Vallaneskrija eigi "... attvngh j hual j brunauik oc j kiolsuik oc j hualsuik oc j suinavik huargi sem a land kemr ..." DI III, 238. 1397 er B getið í Valþjófsstaðamáldaga. DI IV, 211. "Bærinn stóð úti undir sjó. Hvalvík tilheyrir B. og austurmörk jarðarinnar um Gletting (553 m), Víðidalsskarð, Víðidalsfjall (590 m), Súlutind (605 m) og Fosir (um 270 m), sem eru fremur lágar mýrarbungur fyrir stafni B, og má því segja, að víkin sé opin, en eigi fjöllum girt inn til lands. ... Að öðru leyti á B mörk við Sólbakka, Hofströnd og Höfn á vatnaskilum." Í eyði frá 1944. SJM II, 422. 1918: Tún 5,2 ha, garðar 1435 m2. F 1917: "Tún ræktargott og grasgefið, fremur raklent, rúmlega hálf slétt, útgræðslumöguleikar allgóðir." SJM II, 423.

NM-225:001 *Brúnavík* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

NM-225:002 *Hvalsvík* bæjarstæði býli
JJ: "Jörð þessi hefir ástundum áður og enn 1804 verið í eyði, einsog bænda eignin í Hvalsvík sem líka var í eyði 1760, og nú eigi getið af sýslumanni eða presti." "Austan við víkina er Hádegisfjall og suðaustan undir því er Hvalvík, grunn vík og liggur hátt, og ganga sjávarhamrar þvert fyrir víkurmynnið. Hvalvík var byggð á fyrri tímum, t.d. 1703, kölluð eyðijörð í J '47, en eigi getið í fasteignabókum síðar. Hvalvík fór í eyði 1842." segir í Sveitum og jörðum. Í örnefnalýsingu segir að tóftir sjáist á bæjarstæðinu. 4 hdr. 1695.

Síðast í ábúð 1842. JJ tilheyrir þetta Kjólsvík en samkvæmt SJM er býlið í landi Brúnavíkur. "... síðastliðið sumar fóru þeir Björn Kristleifsson arkitekt og Magnús Magnússon skólastjóri á Egilsstöðum til Hvalvíkur og skoðuðu bæjarrústir Benónís, sem enn eru að mestu greinilegar. Þeir mældu rústirnar en grófu ekki, og síðan gerði Björn þá uppdrætti sem hér eru byggðir ... "Allar fullyrðingar um húsaskipun eru ágiskanir " segir Björn, en á uppdráttinn merkir hann einstök hús í bæjarþorpinu sem sjá má. Þar er ekki gert ráð fyrir fjósi, enda líklegt að Benóný hafi verið kýrlaus öll árin í Hvalvík. Óljóst er bilið milli baðstofu og hesthúss, en þar virðist hafa verið mjög þykkur veggur. Tvær tættur skammt neðan við bærinn eru bersýnilega af fjárhúsum (6x3,5 og 3x2,4 m) og ein tótt grafin inn í hól sýnilega nýlegri en hinar og ekki frá tíð Benónýs."

Heimildir: JJ 1847, 361; SJM II, 422; Ö-Hvalvík, 12; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180; ÓO: Ferðabók II, 142

NM-225:003 tóft stekkur
"Utan Borgartanga heitir Illakinn, þá Stekkhvammstangar og Stekkhvammur, er það allstórt grashvolf, er nær til fjallsbrúna. Þar á að hafa verið stekkur til forna og sjást þar gömul tóftarbrot." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 5

NM-225:004 tóft fjárskýli
"Utan Flatajaðars, Háijaðar, þá Borgartangar, þar á að hafa verið sauðaborg áður fyrr, og sjást þar enn tóftarbrot, en sauðageymsla lagðist þar niður, er sauðamaður ekkjunnar, er þá bjó í Brúanvík, fórst þar í illviðri og sauðir hennar allir." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 4-5

NM-225:005 *Stekkabás* örnefni stekkur
"Niður undan túni, út með sjó, eru básar, er heita, næst ánni, Hákarlavogar, höfn, þar er allgóð lending. Þá Ytri- og Innrikvos og Stekkabás." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 4

NM-225:006 tóft sel
"Seltættur eru innarlega í víkinni..." segir í Sveitum og jörðum. Í örnefnalýsingu segir "Niður af Súludal heita Selbrekkur, Selmýri og Sel. Þar sjást enn tóftir eftir gömul beitarhús."

Heimildir: SJM II, 423; Ö-Brúnavík, 2

NM-225:007 heimild beitarhús
"Seltættur eru innarlega í víkinni og beitarhús þar voru lögð niður laust fyrir aldamót." segir í Sveitum og jörðum. Í örnefnalýsingu segir "Niður af Súludal heita Selbrekkur, Selmýri og Sel. Þar sjást enn tóftir eftir gömul beitarhús."

Heimildir: SJM II, 423; Ö-Brúnavík, 2

NM-225:008 tóft stekkur
"Hátt í fjalli út og upp frá bæ er Stekkjarhvammur ... Þar eru tættur - og af stekk ef trúa má nafni." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 423

NM-225:009 *Grímshöfn* örnefni lending
"Norðan á Skjótanesi eru básar, er heita Grímshöfn ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 1

NM-225:010 *Grettistak* heimild
"Innan við Baulugil heitir Hafhryggur og Haftjörn er sennilega hvort tveggja dregur nafn af Grettistaki, er stóð á vesturenda hryggjarins fram undir síðustu aldamót, en var þá velt af hlóðum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 2

NM-225:011 tóft fjárskýli
"Niður af Hafhrygg [sjá 010] heitir Borgarsund og Borgartangi. Sjást þar en tóftarbrot, sennilega leifar af gamalli sauðaborg." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 2

NM-225:012 heimild lending
"Niður undan túni, út með sjá, eru básar, er heita, næst ánni, Hákarlavogar, höfn, þar er allgóð lending." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 4

NM-225:013 *Þjófaklettar* örnefni
"Sunnan í Geitfelli eru mjög sérkennilegur klettar, er Þjófaklettar nefnast." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 3

NM-225:014 *Stekkur* örnefni stekkur
"... þá túnjaðarinn. ... Helstu örnefni þar: Nátthagi, fremst, þá Réttartunga, Hesthústunga, en Hlauphústunga utar en Hjáleiga yzt. Þá útmýrar, en Stekkur yzt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 4

NM-225:015 *Þjófur* örnefni
"Að sunnanverðu í Brúanvíkurskarð er mjög einkennilegur hóll, að mestu gróinn, er Þjófur nefnist, og má telja líklegt, að áðurnefndir Þjófaklettar [013] dragi nafn frá honum, enda í svipaðri hæð, en þó sund á milli." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 3

NM-225:016 *Gatnahryggur* örnefni leið
"Að sunnanverðu í Brúanvíkurskarð er mjög einkennilegur hóll, að mestu gróinn, er Þjófur nefnist, og má telja líklegt, að áðurnefndir Þjófaklettar [013] dragi nafn frá honum, enda í svipaðri hæð, en þó sund á milli. Þar niður af Gatnahryggur ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 3

NM-225:017 tóft

"Þar niður af [016] Gatnahryggur, Fjall, Efribrekka, Neðribrekka. Í henni um það bil miðri heitir Hálfdánarklettur. Til er sögn um, að maður, er Hálfdán hét, hafi fundizt þar örendur og illa útileikinn ... en maður þessi gætti sauða fyrir þáverandi bónda í Brúnavík, á áðurnefndu Fjalli [015], en þar sjást ennþá tóftarbrot." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 3-4

NM-225:018 *Réttartunga* örnefni rétt

"... þá túnjaðarinn. ... Helstu örnefni þar: Nátthagi, fremst, þá Réttartunga, Hesthústunga, en Hlauphústunga utar en Hjáleiga yzt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 4

NM-225:019 *Hesthústunga* örnefni hesthús

"... þá túnjaðarinn. ... Helstu örnefni þar: Nátthagi, fremst, þá Réttartunga, Hesthústunga, en Hlauphústunga utar en Hjáleiga yzt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 4

NM-225:020 *Hlauphús* heimild fjárhús

"... þá túnjaðarinn. ... Helstu örnefni þar: Nátthagi, fremst, þá Réttartunga, Hesthústunga, en Hlauphústunga utar en Hjáleiga yzt." segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir að Hlauphúsin hafi staðið efst í tungunni.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 4; Ö-Brúnavík ath og viðb, 4

NM-225:021 *Hjáleiga* örnefni fjárhús

"... þá túnjaðarinn. ... Helstu örnefni þar: Nátthagi, fremst, þá Réttartunga, Hesthústunga, en Hlauphústunga utar en Hjáleiga yzt." segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir að þar hafi verið tættur af tvístæðufjárhús en ábúendur hafi byggt yfir aðra tóftina.

Heimildir: Ö-Brúnavík, 4; Ö-Brúnavík ath og viðb, 4

NM-225:022 heimild skemma

ÞJÁ: "Maður hét Sveinn Guðmundsson; hann bjó í Brúnavík við Borgarfjörð austur. Hann var sjómaður mikill og átti aflaföng mikil og lét því byggja skemmu stóra niður á sjávarbakka í hverri hann hafði aflaföng sín. Það bar til einn vetur um kveldtíma sem menn kalla vökustaurskveld að bónda vantaði að sækja matföng ofan í skemmuna ... Hann fór svo í skemmuna og tók til það sem hann ætlaði að sækja, en þegar hann ætlar út úr skemmunni sýndist honum eitthvað í mannslíki sitja í dyrunum; talar hann þá til þess og skipar því í burt, en það sat sem áður. Greip hann þá hákarlsax er þar var inni og rak í vofuna. Henni brá lítt við, en sagði: "Drag út og sting aftur." "Haf þú það sem þú fékkst," sagði bóndi og skreiddist þá vofan út og hélt til sjóar. ... Eftir þetta lagði bóndi skemmuna og hefur enginn byggt hana upp síðan, en þó sést glöggt til tóftarinnar."

Heimildir: ÞJÁ I, 133-134

NM-226 Glettinganes

4 hdr. 1695. 1506 selur Þorvarður príor Þorvarði Bjarnasyni allt nesið í Desjamýrarsókn í Borgarfirði. DI VIII, 120, getur verið Glettinganes. Skriðuklausturseign,. HÞ: Glettinganes

rétt, rangt Glettingarnes og Glettingsnes. Árbók 1923, 92. " Jörðin var í eyði fá því skömmu eftir 1703, í byggð þá og síðan til 1842 er Benóný og Ólöf fluttu þangað frá Hvalvík." SJM II, 424. 1918: Tún 1,3 ha, garðar 85 m2. Túnið eyðilagðist mikið í skriðu árið 1890. 1917: "Tún snögglent, harðlent, allt slétt. Lélegt, en nærtækt mótak."SJM II, 424.

NM-226:001 *Glettinganes* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

NM-226:002 heimild lending
ÁH: Í Glettinganesi eru 2 lendingar í vogunum innan við klapparhala, önnur að sunnan hin að norðan.
Heimildir: Ármann Halldórsson: "Hugvitsmaðurinn Benóný" Mávabrík, 68-69

NM-226:003 heimild lending
ÁH: Í Glettinganesi eru 2 lendingar í vogunum innan við klapparhala, önnur að sunnan hin að norðan.
Heimildir: Ármann Halldórsson: "Hugvitsmaðurinn Benóný" Mávabrík, 68-69

NM-226:004 heimild varnargarður
"Grjótgarður gamall ofan við tún, til varnar grjóthruni úr fjallinu." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 425

NM-226:005 *Suðurhöfn* örnefni lending
"Langamöl er löng og grýtt fjara. Norðan við hana er Suðurhöfn, sem er ofurlítill bugur með malarfjöru innst í botni. Skerjótt er utan við. Ekki vita Kristberg og Magnús til, að Suðurhöfn hafi verið notuð." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 002 til 003.
Heimildir: Ö-Glettingsnes, 2

NM-226:006 *Glettingasenshöfn* heimild lending
"Breiðivogur er næsti vogur og síðan er Glettinganestangi. "Tanginn liggur í norður. Vestan, skv. málvenju norðan, við hann er Glettingsneshöfn, í daglegu tali Höfn. Hún er góður lendingastaður nema í norðan- og norðaustanátt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glettingsnes, 2

NM-226:007 *Álfasteinavogur* örnefni huldufólksbústaður
Breiðivogur er næsti vogur og síðan er Glettinganestangi. "Tanginn liggur í norður. Vestan, skv. málvenju norðan, við hann er Glettingsneshöfn, í daglegu tali Höfn. Hún er góður lendingastaður nema í norðan- og norðaustanátt. ... Nyrsti vogurinn á nesinu er Álfasteinsvogur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glettingsnes, 2

NM-226:008 heimild leið
"Norðan við Altari er minni klettastrípur, er nefnist Einbúi ... Þá tekur við Bæjarjaðar. Hann var farin af gangandi mönnum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glettingsnes, 2

NM-226:009 varða
"Á bökkunum sunnarlega á Glettinganesi var hlaðin nokkuð stór varða úr grjóti. Ef þau á nesinu þurftu á hjálp að halda, var breitt hvítt stykki á vörðuna á daginn, en ljós í myrkri, og

var þá farið tafarlaust til hjálpar ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 13

NM-226:010 *Álfasteinar* örnefni huldufólksbústaður
"Utan til á nesinu, norðan Uppgöngujaðars, eru tveir stórir og einkennilegir klettar, Álfasteinar. Talið var, að álfar byggju þar. Þeir eru ekki við Álfasteinsvog." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glettingsnes, 3

NM-227 Kjólsvík

6 hdr. 1695, 1847. 1354 segir í máldaga Desjamýrar að kirkjan eigi tveggja manna ágang á hval í Kjólsvík. DI III 97-98. Í máldaga frá 1367 segir að Vallaneskrija eigi "... attvngh j hual j brunauik oc j kiolsuik oc j hualsuik oc j suinavik huargi sem a land kemr ..." DI III, 238. 1497: Björn Guðnason geldur og gefur Ragnheiði Bjarnadóttur fyrir þær jarðir sem hún á á Austfjörðum, sem voru m.a. hluti í Kjólsvík. DI VII, 369.

"Jörð þessi hefir ástundum áður og enn 1804 verið í eyði, eins og bænda eignin í Hvalsvík sem líka var í eyði 1760, og nú eigi getið af sýslumanni eða presti." JJ 1847, 361. 1777: "... Kjólsvík, sem mjög þótti grasgefin, breyttist mjög af ægilegu skriðuhlaupi fyrir 3 árum, sem meira að segja olli því að lendingin, sem var næsta ótrygg, varð nýtileg um nokkurt skeið." ÓO II, 122. "Jörðin er víkurskora milli Glettings, Víðidalsfjalls og Súlutinds að noraðn og Grenmós (411 m - eða Grænmós - venjulega borið fram með e- hljóði ..), Kerlingafjalls (414 m) og Krossfjalls (451m) að sunnan."SJM II, 426. Í eyðir frá 1773 þegar Ólavíus ritar ferðabók sína. Hafði þá eyðst af skriðuhlaupum Komst aftur í ábúð en síðast var búið þar 1938, Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180; ÓO: Ferðabók II, 142 1918: Tún 2,0 ha, garðar 445 m2. "Túnið var mjó ræma á sjávarbakka og engjar í eytingi ..." 1918: "Tún að mestu slétt og í góðri rækt. Garðmatur 10 tunn. rófur. Engjar dreifðar, votar, þýfðar, yfirleitt langsóttar, en grasgefnar og heygóðar, engjavegur vondur. Hagar ágætir fyrir alla gripi, sumar og vetur, oftast snjólét og landið skjólgott." SJM II, 426-427.

NM-227:001 *Kjólsvík* bæjarhóll bústaður
"Kjólsvíkurbærinn stóð í hvammi út undir sjó og sunnan undir hlíðum Glettings snarbröttum." segir í örnefnalýsingu. "Þrepbaðstofa 10x5x5 álnir. Hlaða f. 30 hb. Baðstofan var löguð um '30 og minnkuð í 2 stafgólf. Hún var þá 2 rúmlengdir, í einu lagi ..." "Innst, næst Brekkunni, baðstofan, svo bæjargöng, og úr þeim var gengið í baðstofu miðja, í eldhús. En baðstofan var þiljuð í þrennt, suðurhús eldhús og norðurhús, og voru 2ja rúðna gluggar á eldhúsi og norðurhúsi en 6 rúðna gluggi á stafni. Göngin lágu fram í hlóðareldhús og úr því í búr og fjós. Búrið var með skarsúð eins og baðstofan , þiljað með annarri hlið, yfir borðum. Þar var mjólk geymd. Annað var óþiljað, með röð af tunnum fyrir slátur og annan súrmat, kjöt og sýru. Inn úr göngunum var líka gamla baðstofan. ... Fyrir framan húsin lá hlaðið hellulagt. Var það oft notað fyrir fjárrétt í fyrstu göngum." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 426; Ö-Kjólsvík, 10-11

NM-227:002 heimild lending
"Lendingar eru tvær og báðar slæmar, önnur við Bjarndýrsklöpp niður af bæ, en hin út við Gletting, rudd vör, kölluð Höfn." segir í Sveitum og jörðum. "Lendingar voru þrjár, og mátti

nota þær til skiptist eftir áttum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 427; Ö-Kjólsvík, 2

NM-227:003 *Höfn* heimild lending
"Lendingar eru tvær og báðar slæmar, önnur við Bjarndýrsklöpp niður af bæ, en hin út við Gletting, rudd vör, kölluð Höfn." segir í Sveitum og jörðum. "Lendingar voru þrjár, og mátti nota þær til skiptist eftir áttum." segir í örnefnalýsingu. 1777: "... Kjólsvík, sem mjög þótti grasgefin, breyttist mjög af ægilegu skriðuhlaupi fyrir 3 árum, sem meira að segja olli því að lendingin, sem var næsta ótrygg, varð nýtileg um nokkurt skeið." ÓO II, 122.
Heimildir: SJM II, 427; Ö-Kjólsvík, 2; ÓO II, 122

NM-227:004 heimild leið
"Engjar dreifðar, votar, þýfðar, yfirleitt langsóttar, en grasgefnar og heygóðar, engjavegur vondur." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 427

NM-227:005 heimild lending
"Lendingar voru þrjár, og mátti nota þær til skiptist eftir áttum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 2

NM-227:006 *Hádegisvarða* varða eyktamark
"Á bakkanum fram af bænum var lítil varða, Hádegisvarða. Hún var miðuð við merki í dyrastaf í bæjargöngunum, þegar sól var í hádegisstað." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 12

NM-227:007 heimild
"Þar næst hesthús fyrir tvo hesta, síðan lambhús og í röðinni síðast var óyfirbyggð tóft, sem var notuð til að sama í rekatimbur. Voru þá tvö tré lögð þvers yfir tóftina, síðan tré það, er átti að saga, langs á þau og flekar með hliðum þess." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 12

NM-227:008 *Völvuleiði* þjóðsaga
"Sunnanvert í víkinni rennur Kjólsvíkurárin, víða grýtt og ill yfirferðar í leysingum og rigningum. Hún fellur í foss fram af klettinum niður á Sandinn. En Sandurinn var malarfjara, sem lá frá Sauðabólum og í Völvubás undir túni." "Í milli básanna var þúfa í túninu, er Völvuleiði hét, og sagt var, að þegar það hrapaði í sjóinn, færi Kjólsvík í eyði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 3, 8

NM-227:009 heimild leið
"Utan við Stóratind liggur Rák, sem er vel fær fé og mönnum, sem þola að vera hátt uppi. Þar er farið suður Grenimósflug á Svínavík í Breiðuvík." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 3

NM-227:010 *Þjófaklettar* örnefni
"Höldum svo inn með Grenimónum. Þar komum við í jarðsig, grasi vaxið, er Gömluhlaup heita. Innan við þau liggur melhryggur frá klettum og niður að á, er Þjófahryggur heitir. Innar og ofar Þjófaklettar, Þjófabotnar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 3

NM-227:011 heimild rista
"Á Bungunum skiptust á lyngi vaxnar hæðir og mýrarsund. Þar voru Kerlingabotnar, þar var torfrista góð. Var það skorið á vorin, og flutt upp á lyngásana til þerris." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 4

NM-227:012 varða samgöngubót
"Sunnan Kjólsvíkurvarps er löng grasgefin laut, er Kjólsvíkurgonta hét, og átti Kjólsvík slægjuland í efri hluta hennar, og voru þar 2 torfvörður, er sýndu, hvað mátti fara langt niður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 4

NM-227:013 varða samgöngubót
"Sunnan Kjólsvíkurvarps er löng grasgefin laut, er Kjólsvíkurgonta hét, og átti Kjólsvík slægjuland í efri hluta hennar, og voru þar 2 torfvörður, er sýndu, hvað mátti fara langt niður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 4

NM-227:014 heimild mógrafir
"Svo kemur Kerlingaskarð, og um það lá líka vegur til Breiðuvíkur [006]. Þar utar liggur mýrlendur rauðbreyskingsflói, er hét Svarðarmýri, þar út af Svarðarmór, lyngi og grasi vaxinn. Í Svarðarmýrinni var bezta svarðartekja í Kjólsvík. Ofan á svörðinn voru 2 stungur, en sjálfur svörðurinn 22 stungur, ef gröfin náðist í botn. En svörðurinn náðist úr 2 neðstu lögunum, var hann notaður í eldsneyti við járnsmíði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 4-5

NM-227:015 heimild
"Svo til hliðar norðan við mýrina kom Svarðarmelur. Á honum voru 3 tættur, þar sem sverðinum var hlaðið, og var honum ekið heim, þegar gott sleðafæri kom á veturna." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 5

NM-227:016 heimild
"Svo til hliðar norðan við mýrina kom Svarðarmelur. Á honum voru 3 tættur, þar sem sverðinum var hlaðið, og var honum ekið heim, þegar gott sleðafæri kom á veturna." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 5

NM-227:017 heimild
"Svo til hliðar norðan við mýrina kom Svarðarmelur. Á honum voru 3 tættur, þar sem sverðinum var hlaðið, og var honum ekið heim, þegar gott sleðafæri kom á veturna." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 5

NM-227:018 heimild hesthús
"Inn með ánni eru grasbalar, er Hvammar heita. Hlaupið allt er grasi vaxið, og á því er túnstæði gott, er Stekkur heitir. Þar var hesthús fyrir 2 hesta, og var borið á blettinn kringum hesthúsin og hann alltaf sleginn. En hann nýttist illa vegna ágangs búfjár, því ekki sást

þangað frá bænum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 7

NM-227:019 heimild mógrafir
"Utan við Glettingslækinn kom svo Mýrin, og náði hún á bæjarbrekkuna næst sjónum. Þar var tekinn svörður, en hann var ekki góður, mikill ruðningur ofan af, en ekki nema 5 stungu svörður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 7

NM-227:020 heimild rétt
"Bæjarbrekkan var alltaf kölluð brekkan. Er maður kom á Brekkubrúnina, blasti bærinn og túnið við á sléttum bökkum fast við sjóinn. Inn á Brekkunni var réttin, hlaðin úr torfi og grjóti." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 7

NM-227:021 *Varða* örnefni
"Frá Kjólnum liggur Brekkan inn með túninu og endar á sjávarbakkanum í smáhæð, er Varða heitir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 8

NM-227.022 *Brunnhús* heimild
"Fyrir innan Kjólinn er smáhvammur, er Lækjarhvammur heitir . Þar undir Brekkunni kom Bæjarlækurinn. Rétt innan og ofan við bæinn var byggt hús yfir hann, Brunnhúsið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 8

NM-227:023 heimild þvottastaður
"Fyrir innan Kjólinn er smáhvammur, er Lækjarhvammur heitir. Þar undir Brekkunni kom Bæjarlækurinn. Rétt innan og ofan við bæinn var byggt hús yfir hann, Brunnhúsið. Litlu neðar var stór hella sett á lækjarbakkann, og smástífla í lækinn, þar var skolaður þvottur, o.fl." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 8-9

NM-227:024 gata leið
"Þegar út fyrir túnið kemur, liggja sniðgötur niður brattan bakka niður í fjöruna, það var þurrkreitur okkar fyrir saltfisk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 9

NM-227:025 *Kofinn* heimild
"Þegar út fyrir túnið kemur, liggja sniðgötur niður brattan bakka niður í fjöruna, það var þurrkreitur okkar fyrir saltfisk. Slétt klöpp var efst í fjörunni, upp undir Jaðrinum. Á henni var fiskhúsið okkar, alltaf kallað Kofinn, hlaðinn úr grjóti, timbur og torf á þaki. Kofinn stóð upp af Björnsvognum, en þar var fiskurinn alltaf lagður upp, þegar hægt var, gert að honum á klöppunum, síðan borinn upp í Kofann til söltunar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 9

NM-227:026 heimild rétt
"Fyrir framan húsin lá hlaðið hellulagt. Var það oft notað fyrir fjárrétt í fyrstu göngum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227.027 heimild kálgarður
"Framan við hlaðið var góður kálgarður með 18 beðum, en þar voru ræktaðar gulrófur og rabbabari. ... Garðurinn var með rimlagirðingu að bænum, en veggir hlaðnir úr torfi og grjóti á þrjá vegu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:028 heimild fjárhús
"Fyrir utan og neðan garðinn stóðu tvö fjárhús og lítill kofi, hrútakofinn, ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:029 heimild fjárhús
"Fyrir utan og neðan garðinn stóðu tvö fjárhús og lítill kofi, hrútakofinn, ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:030 heimild fjárhús
"Fyrir utan og neðan garðinn stóðu tvö fjárhús og lítill kofi, hrútakofinn, ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:031 heimild hjallur
"... en út af hlaðinu var hjallurinn, veggir úr torfi og grjóti en þil niður að bitum á stöfnum en opin að neðan og var þvottur þurrkaður niðri en þorskhausar og annað harðmeti geymt uppi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:032 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból
"Fyrir neðan Fjárhúsin, í lítilli lægt, var uppsprettulind, hlaðin innan með grjóti, og hét hún Gvendarbrunnur. Mjög gott vatn, en staðurinn slæmur vegna óhreininda frá fjárhúsunum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:033 heimild smiðja
"Á sjávarbakkanum var svo smiðjan, lítill kofi með útbúnaði til járnsmíða. Þar voru smíðaðar skeifur, bakkaðir ljáir o.m.fl." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11

NM-227:034 heimild hjallur
"Yzt í túni var svo djúp hlaðin tóft, hjallatóft. Þar voru geymdar tunnur með saltfiski, sem fluttur var upp á tún á haustin, því oft komu vondir skaflar í bakkana niður í fjörunni, þar sem fiskikofinn var." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 11-12

NM-227:035 heimild hlaða
"Svo kom hlaðan, topphlaðin, gluggalaus, tók 30 hesta af töðu ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 12

NM-227:036 heimild hesthús
"Þar næst hesthús fyrir tvo hesta, síðan lambhús og í röðinni síðast var óyfirbyggð tóft, sem var notuð til að sama í rekatimbur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 12

NM-227:037 heimild lambhús
"Þar næst hesthús fyrir tvo hesta, síðan lambhús og í röðinni síðast var óyfirbyggð tóft, sem var notuð til að sama í rekatimbur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 12

NM-228 Stóra Breiðavík

12 hdr. 1695, 1847. Landnámsjörð. Þórir lína nam Breiðuvík og bjó þar. ÍF I, 302. 1354 er Breiðavík syðri nefnd í máldaga Desjamýrarkirkju. DI III 97-98. Klyppsstaðakirkjueign. "Breiðavíkurland er um norðurhluta víkurinnar og mörg við Víkurána innan af mörkum við Desjamýri (afrétt) á Víknaheiði um Stóra-Gæsavatn, fylgir síðan tindum og skörðum móti Desjamýri og Sólbakka norðaustur á Krossfjall, áfram á Súlutind, en þar taka Kjólsvíkurmörk við. Frá Bringuhorni og til sjávar á B fremur mjó spildu sunnan ár út að sjó. ... B var löngum tvíbýlisjörð, og standa bæirnir saman í fremur brattlendu túni í neðstu hlíðarhöllum um 600-700 m inn af sandi." SJM II, 428.

1918: Tún 3,4 ha, garðar 715 m2. 1917: "Tún mestallt þýft. Engjar víðlendar, grasgefnar, greiðfærar, dreifðar, votlendar, í óþurrkatíð. Heyskapur yfirleitt langsóttur og engjavegur ógreiðfær. Beitilandi ágætt fyrir alla gripi, víðlent, skjólgott, en fremur snjósælt." SJM II, 429.

NM-228:001 *Stóra Breiðavík* bæjarhóll bústaður
"Bæir tveir, frambær og útibær. Frambær skv. F´18: Baðstofa á þrepi 12x5 álnir, alþiljuð. Útbær: Einnig þrepbaðstofa, alþiljuð og allhá. Gengið úr bæjardyrum í baðstofuna, sem sneri austur-vestur og gluggar suður á hlað, í eldhús í vesturenda og gegnum það til dagstofu og svefnhúss í einu lagi, um 21/2-3 rúmlengdir og um 4 m á breidd. Þessa baðstofu byggði Páll Sveinsson ´22, og stendur hluti af henni enn, notaður af smalamönnum." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 429

NM-228:002 heimild bænhús
"Bænhús var í B á fyrri öldum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 429

NM-228:003 *Stóra Breiðavík* bæjarstæði bústaður
"Bæir tveir, frambær og útibær. Frambær skv. F´18: Baðstofa á þrepi 12x5 álnir, alþiljuð. Útbær: Einnig þrepbaðstofa, alþiljuð og allhá. Gengið úr bæjardyrum í baðstofuna, sem sneri austur-vestur og gluggar suður á hlað, í eldhús í vesturenda og gegnum það til dagstofu og svefnhúss í einu lagi, um 21/2-3 rúmlengdir og um 4 m á breidd. Þessa baðstofu byggði Páll Sveinsson ´22, og stendur hluti af henni enn, notaður af smalamönnum." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 429

NM-228:004 heimild hjallur
"Ofan við Nyrkurtjörn [009], utan túns, er Nykurtjarnarhóll. Á honum er gömul hjalltóft." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 12

NM-228:005 heimild heystæði
"Ofan við götu er lágur hóll úr og upp af bnæ, nefndur Heygarðshóll. Þar var hlaðinn heygarður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 12

NM-228:006 *Víknaheiði* gata leið
"Leiðin um Víknaheiði er tiltakanlega falleg. Hún liggur milli líparítfjalla, fjölbreytilegra í formum og litum, um "hjarta Borgarfjarðareldstöðvarinnar"" segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 429

NM-228:007 heimild beitarhús
"Milli túns og ár er votlend mýrarflöt og úti í Krók túnbleðill kringum beitarhús, en þar var byggt vegna fjörubeitar, sem er góð í B ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 428

NM-228:008 heimild leið
"Á beitarhúsaleiðinni er Nykurtjörn yst í heimatúni." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 428

NM-228:009 *Nykurtjörn* örnefni skrímsli
"Á beitarhúsaleiðinni er Nykurtjörn yst í heimatúni." segir í Sveitum og jörðum. "Utan við hólinn [034] er Nykurtjörn, lítil um sig en alldjúp. Þar átti að vera nykur. Einnig var það trú manna, að þar væri peningakistill og mátti sá eiga, sem næði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 428; Ö-Breiðavík, 12

NM-228:010 heimild lending
"Sjór var sóttur frá B og lendingar nokkrar, mest notaðar Krókur og Steinsfjara aðeins utar." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 428

NM-228:011 heimild lending
"Sjór var sóttur frá B og lendingar nokkrar, mest notaðar Krókur og Steinsfjara aðeins utar." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 428

NM-228:012 tóft
"Skipavogur er utan við Svínavík. Þar er skálatótt, sem bendir til útræðis." segir í Sveitum og jörðum. "Utan Hvamma heitir Skálabarð. Niður af því gengur vogur inn, sem heitir Skipavogur. Bátar lágu oft þar inni, því að þar er mjög skýlt. Framan í barðinu sést móta fyrir tóft, sem hlaðin hefur verið úr grjóti. Tilgátur eru um, að þarna hafi verið lendingarstaður." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 428; Ö-Breiðavík, 13

NM-228:013 *Skipahryggur* tóft
"Fornar rústir innan við bæ heita Skipahryggur og Fornibær, sögulausar." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 428

NM-228:014 *Fornibær* tóft
"Fornar rústir innan við bæ heita Skipahryggur og Fornibær, sögulausar." segir í Sveitum og jörðum. "Mýrin milli túns og Litluár nefndist Fit. Brekkan er niður að henni, misbrött. Framan við túnið, utan Skipahryggs, nefnist Fornibær. Þar sást fyrir rústum, en ekki, hvort þar var um bæjarrústir að ræða." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 428, Ö-Breiðavík, 10-11

NM-228:015 *Skinnbrókargil* þjóðsaga tröllabústaður
"Utan Vatnshnúks liggur Skinnbrókargil. Þar mun hafa átt að hafa verið bústaður tröllkonu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 2

NM-228:016 heimild mógrafir
"Allt svæðið næst Stórutá, frá Krikalæk og að Breiðamel heitir Innmýrar. ... Ofan við Innmýrar, utan Stóralækjar, heitir Svarðarmelur. Mór var tekinn við hann og víðar í landareigninni. Þegar Kristberg var í Breiðuvík, var mórinn þarna um sex stungur, en hafði áður verið upp í tíu til tólf, þar sem bezt var." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 3-4

NM-228:017 heimild mógrafir
"Utan við Hestalæk eru mýrar, sem heita Hestamýrar og ná út að Hestamýrarlæk. Þar var tekinn mór." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 5

NM-228:018 heimild mógrafir
"Utan Hestamýrarlæks, neðst ofan Svuntu, er svonefndur Laski. Þar eru svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 6

NM-228:019 heimild rétt
"Milli Litluár og Stóruár, utan við breiðamel og Stórahvamm, liggur svonefndur Hólmi, allt þar til árnar mætast. Innst á honum, rétt við Breiðamelsenda, er Sveinsholt. Ekkert er vitað um nafnið. Þar er fjárrétt." segir í örnefnalýsingu. Ekki vitað hvort réttin er gömul, ef hún er nýleg á ekki að skrá hana.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 6

NM-228:020 heimild rétt
"Milli Breiðavíkurtúns fremst og Litluár, þar sem hún fellur niður framan við túnið, er Skipahryggur. Að lögun líkist hann skipi á hvolfi. Upp af honum heita Hólar. ... Efst í Hólum heitir Kró. Þar er grjótrétt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavík, 7

NM-228:021 *Sellandalækur* örnefni sel
"Frá Kró og upp á Kerlingarfjall liggur óslitinn hryggur. Heitir hann Sauðahryggur hið neðra

en Kerlingarfjallshryggur hið efra. ... Meðfram Sauðahrygg að framan, að Sellalandalæk, heita Hólar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 7

NM-228:022 *Stekkahryggur* örnefni stekkur

"Frá Sauðahrygg að framan og út að Stekkahrygg, niður að túni og upp undir Kjólavíkurhrygg, heitir einu nafni Miðfjall. Stekkahryggur er hár hryggur úti í fjalli. Hann sker sig úr landslaginu, er hæstur að ofan en lækkar og breikkar niður." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 7

NM-228:023 *Kvíahryggur* örnefni kvíar

"Fremst og neðst í Miðfjalli, upp af túninu að framan, heitir Kvíahryggur. Upphaf hans að neðan er hái hóllinn í túnjaðrinum fram og upp af bænum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 7

NM-228:024 heimild rétt

"Upp meðfram túninu að utan heita Holt. Utan undir Holtum er Réttargrund. Á henni er hlaðin fjárrétt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 8

NM-228:025 tóft fjárhús

"Þar utar [en 024] er Krókur út við sjó. Faðir Daníels og Sigrúnar reistir þar stórt fjárhús, sennilega til að nýta fjörubeit. Rúst er að því." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 8

NM-228:026 bæjarstæði

"Yzt í Króknum [sjá 025] mótar fyrir tóftum. Þar mun hafa verið búið um 1850-60." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 8

NM-228:027 heimild stekkur

"Milli Réttargrundar [024] og Króks fellur Krókslækur, sem kemur úr Keri, fellur framan við Kerhóla og Klofa og dregur nafn af þeim um hríð. Upp af Krók eru Neðri- og Efri-Stekkabotnar. Í Stekkabotnum sést enn móta fyrir stekk og kvíum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 8-9

NM-228:028 heimild kvíar

"Í Bæjarbrekku voru seinast kvíar. Þær voru síðast notaðar 1925, hlaðnar úr hnaus og eru nú mjög samsignar og ógreinilegar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 10

NM-228:029 *Kompaníhús* heimild fjárhús

"Fremsti hluti túns ofan við götu, hóllinn framan við Bæjarlæk, nefnist Kompaníhóll. Utan í honum var fjárhústóft, nefnt Kompaníhús. Þar hafði verið fjárhús, sem menn höfðu í félagi, sem voru ekki búendur í Breiðuvík." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 11

NM-228:030 *Sigurðarhús* heimild fjárhús

"Utan og ofan við Bæjarlæk, að mýrarhorni framan og upp af bænum nefndist Ekra, sennilega nýlegt nafn. Ofan til á Ekru var Sigurðarhús, fjárhús kennt við bónda í Breiðuvík." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 11

NM-228:031 heimild leið

"Neðan götu, framan við Bæjarlæk, að fjárhústóft [?], nefndust Hringir, hringamynduðu svæði. Var þar mjög stórþýft. Sumt af því var sléttað, þakslétta, sem hét Gamlaslétta. Um Hringinn lá hlaðin heimreið (geil). Sú gata lá áfram út í Krók. Hún var ekki notuð heim að bæ heldur gata, sem lá ofar um túnið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 11

NM-228:032 heimild leið

"Neðan götu, framan við Bæjarlæk, að fjárhústóft [?], nefndust Hringir, hringamynduðu svæði. Var þar mjög stórþýft. Sumt af því var sléttað, þakslétta, sem hét Gamlaslétta. Um Hringinn lá hlaðin heimreið (geil). Sú gata lá áfram út í Krók. Hún var ekki notuð heim að bæ heldur gata, sem lá ofar um túnið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 11

NM-228:033 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból

"Neðan við hringi [sjá 032] er uppspretta í túnjaðri, nefnd Gvendarbrunnur. Sagt var, að Guðmundur góði hefði vígt hann. Þótti vatn úr honum sérlega gott og var jafnvel notað sem læknislyf." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavík, 11-12

NM-229 Litla Breiðavík

6 hdr. 1695, 1847. 1618: "Jón Björnsson selur Pétri Péturssyni Lýtingsstaði (Skg.), 60 hndr., fyrir Húsavík, 30 hndr. að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, 10 hndr., Hvol 8 hndr. að dýrleika, og Hvannstóð, 6 hndr." Jarðabréf, 272. Húsavíkurkirkjueign. Jörðin er nú nefnd Litlavík. "Skiptin eru aðallega um Víkurá (sjá Breiðuvík), en að sunnan eru mörkin við Húsavík á fjöllum, og raunar liggur jörðin á stuttum kafla að Desjamýrarafrétt, þ.e. austan við Krossmela milli Stóra-Gæsavatns og Hvítserks. ... Jörðin fór í eyði 1945, áður en vélar næðu að hafa þar landi undir hjólum eða róta jörð." SJM II, 430-431.

1918: Tún 3,2 ha, garðar 282 m2. "Innan við það [bæjarstæðið] og sandbotninn er slétt og kafgrösugt votlendi, Litluvíkurblá, í stórum marbakkasveig inn með fjallinu að sunnan og síðan þvert norður í Víkurá við Bringuhorn. Talið var, að í blánni mætti gera 1000 hb. engi með áveitu úr ánni." 1918: "Tún allt slétt og í góðri rækt. Engjar grasgefnar, véltækar, sumar, góður engjavegur, hey kjarngott og hollt. Beitiland ágætt."SJM II, 430-431.

NM-229:001 *Litla Breiðavík* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stendur lágt og skammt inn af sandi í túni að mestu slétt af náttúrunnar hendi." segir í Sveitum og jörðum. Segir að öll hús séu fallin.

Heimildir: SJM II, 430

NM-229:002 *Stekkjarflöt* örnefni stekkur

"Rétt innan við skriðurnar eru Neðri- og Efri-Stekkjarflöt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlavík, 2

NM-229:003 *Neðstivegur* vegur leið
"Rétt innan við skriðurnar eru Neðri- og Efri-Stekkjarflöt. Um Neðri-Stekkjarflöt liggur vegur úr á Kambsvík, Neðstivegur ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 2

NM-229:004 *Miðvegur* vegur leið
"Rétt innan við skriðurnar eru Neðri- og Efri-Stekkjarflöt. Um Neðri-Stekkjarflöt liggur vegur úr á Kambsvík, Neðstivegur, en um Efri-Stekkjarflöt eru götur út yfir Geldingarnes og Gríðanes, Miðvegur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 2

NM-229:005 *Efstivegur* vegur leið
"Rétt innan við skriðurnar eru Neðri- og Efri-Stekkjarflöt. Um Neðri-Stekkjarflöt liggur vegur úr á Kambsvík, Neðstivegur, en um Efri-Stekkjarflöt eru götur út yfir Geldingarnes og Gríðanes, Miðvegur. Upp af efri-Stekkjarflöt er Urðarhjalli, einnig rétt innan við skriðurnar. Neðri-Kúahjalli er rétt innan við Urðarhjalla og liggur Efstivegur út yfir þessa hjalla, um skriðurnar efst og á Steinhjalla í Herjólfsvík." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 2

NM-229:006 tóft smalakofi
"Í hlíðum Litluvíkurdals að framan liggur hjalli, sem heitir Efri-Streitishjalli. ... Í framhaldi af Efri-Streitishjalla er Streiti, brött brekka og hjalli. Á hjallanum mótar fyrir tóft, sem hlaðin hefur verið úr grjóti, sennilega smalakofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 3-4

NM-229:007 heimild refagildra
"... Brýr heita frá Eiðidalsmynni að Efri-Gildrubotnum, sem liggja milli Miðaftanskletts og Hvítfjalls. Utan og neðan við Efri-Gildrubotna er hjalli, sem kallaður er Neðri-Gildrubotn, upp af Hraunum, sem síðar verða nefnd. Í Gildrubotnum voru refagildrur, hlaðnar úr grjóti." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 4-5

NM-229:008 *Völvuleiði* örnefni
"Í túnfæri Litluvíkurtúns að austan er Völvuleiði, upphlaðið. Engar sagnir eru um það." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 5

NM-229:009 heimild mylla
"Milli Dalsár og túnsins, inn að Bæjarmel, liggur Myllugrund eða Myllugrund. Þar var kornmylla." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 5

NM-229:010 heimild kvíar
"Framan við bæjarlækinn, sem fellur um túnfótinn að framan, heitir Kvíagrund. Þar voru kvíar og stekkur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 5

NM-229:011 heimild mógrafir
"Framan við Kvíamel [010] er Svarðarmelur. Milli þeirra er einnig gil. Á melnum var tekinn mór, sæmilegur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 5

NM-229:012 heimild stekkur
"Innan við bringur er melhryggur nefndur Hraun. Framan þeirra eru Lághraun. Inn með Bringum að norðan og meðfram Stóra er Stekkjarhvammur. Þar voru stekkur og kvíar, um 1,5 km. frá bæ. Í hvamminum er Stekkjartjörn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Litlavík, 6

NM-230 Húsavík

30 hdr 1618, 1695. 60 hndr. 1847. Landnámsjörð. Þorsteinn klaggi nam fyrstur Húsavík og bjó þar. ÍF I, 302. c. 1200: Jörðin nefnd í kirknaskrá Páls, DI XII 4. 1367 segir að kirkjan á Húsavík eigi hálft heimalandið og Dalland. DI III, 232. Jarðarinnar er getið í Gunnars þætti Þiðrandabana. IF XI, 198. 1618: "Jón Björnsson selur Pétri Péturssyni Lýtingsstaði (Skg.), 60 hndr., fyrir Húsavík, 30 hndr. að dýrleika, Breiðavík hina minni, Hólaland, 10 hndr., Hvol 8 hndr. að dýrleika, og Hvannstóð, 6 hndr." Jarðabréf, 272. 1644: "Jón Björnsson selur sr. Einari Jónssyni syni sínum 5 hndr. í Húsavík fyrir 5 hndr. í Skjöldólfsstöðum." Jarðabréf, 273. 1644: "Kaupmáli: Jón Björnsson telur syni sínum, sr. Einari Jónssyni, til kaups og konumundar 60 hndr., í föstu 25 hndr. í Húsavík. Hér í móti lofaði sr. Bjarni Ormsson dóttur sinni, Sesselju, 30 hndr., í föstu Hvannstóð, 6 hndr. " Jarðabréf, 273.

1847, 1/2 eign Húsavíkurkirkju og 1/2 í bændaeign. Hjáleigur Hólhús, Dalland og Álptavík. "Hér verður öllu öðru landi en Álftavík lýst með aðaljörðinni, Húsavík, enda óskipt land milli býla nema túnum og engjum. ... Skammt er þaðan út á Gríðarnes, sem gengur spöl í sjó fram undan Steinahjalla hátt á Sólarfjalli. Þar eru mörk við Litluvík. ... Að innan og sunnan ráða vatnaskil mörkum við Loðmundarfjörð og Álftavík ... Skipting milli býla er þannig, miðað við töluna 9 sem heild: H 4/9, Dallandspartur 2/9, Hólshús og Dallandi 1/9 hvort býli og þrætuland H og parts 1/9 skiptist jafn milli þeirra býla. Þessi skipting er raunar miðuð við rekaskipti, en sömu hlutföll gilda umland. Einungis tún og engjum er skipt og eiga býlin hvert um sig stórar spildur á fáum stöðum." SJM II, 432-434.

1918:Húsavík 1, tún 11 ha, garðar 1380 m2. Húsavík 2. Tún 4,3 ha, garðar 250 m2. "Engjar voru báðum megin ár, þær bestu innst í Gunnhildardal undir Vetrarbrekkum skammt utan viðheiðarvarpið." SJM II, 434. 1918: "Tún að meirihluta þýft. Engjar fremur grasgefnar, dreifaðr víða um landið, fremur þurrlendar, engjarvegur langur og erfiður, hey í betra langi. Beitiland kjarngott, er til nær, fyrir hesta og fé, víðlent, skjólgott, en snjóþungt, frábær fjörubeit." SJM II, 434.

NM-230;001 *Húsavík* bæjarhóll bústaður
"Skammt fyrir ofan Gamla kirkjugarð eru tættur af gamla bænum í Húsavík, kallaðar Gamlibær." segir í Sveitum og jörðum. Þar stóð stór torfbær til 1910, þá var byggt timburhús sem síðan fauk. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 434; Ö-Húsavík, 8

NM-230:002 heimild kirkja
"Í H stendur timburkirkja á steyptum grunni skammt frá íbúðarhúsum, byggð 1937, en áður

var þar torfkirkja, líklega hin síðasta í Múlaþingi, rifin um 1933." segir í Sveitum og jörðum. Kirkjan var annexía frá klyppsstað, til 1880 frá Desjamýri og síðan frá Bakkageröi. Gamli kirkjugarðurinn er á sjávarbakkanum og er sjórinn búin að vera duglegur að brjóta úr honum og voru ábúendur duglegir við að tína upp bein og kistufjalir og stinga þeim í mold fjær bakkanum, nú hefur enginn búið í H síðan 1973 til að sjá um þetta og því líklegt að mikið af garðinum hafi glatast.

HÚSAVÍK (NM) - (KLYPPSTAÐARANNEXÍA)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 4

[1367]: clxiv. Kirkia j husavijk a heimaland halftt og dal land.

allt epter vilchins maldagabok; Hítardalsbók DI III 232

1397: a heimaland halftt oc Dal land. Skalanes. Breidavijk med gognumm oc giædumm.

þar skal vera prestur oc diaknn. tekur prestur iiij merkur. enn ef ei er diakn til þa skal vera hunndradz omagi. [+reka]; Máld DI IV 223

1575: Máld DI XV 688

27.2.1880: Húsavíkursókn lögð undir Desjarmýri; (PP, 18) [lög]

Heimildir: SJM II, 432

NM-230:003 *Gunnhildarsel* bæjarstæði býli

"Í Gunnhildardal er eitt þeirra 5 fornu afbýla í H, sem nefnd eru í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar." segir í Sveitum og jörðum. "Stykkið norðan Víkurár, en innan Gunnhildarár, heitir Gunnhildarsel. Þar á Gunnhildur, systir Herjólfs, er nam Herjólfsvík, að hafa búið á landnámsöld, og er dalurinn og áin einnig kennd við hana." segir í örnefnalýsingu. "Gunnhildarsel eða Sel var engjasvæði. Hey voru sett þar upp og talið var, að þar hefðu verið húsatættur áður fyrr. Þar er dálítil bunga og því þurrlendara. Það er rétt við ána." segir í örnefnalýsingu.

HS segir afbýlin hafa verið í eyði frá ómunatíð. "Munnmæli herma, að systkinin hafi þegið heimboð hvort hjá öðru, sitt árið hvort, og var suður þeirra að fylgja því á leið, sem boðið var. Eitt sinn er Gunnhildur fylgdi bróður sínum af afloknu boði upp í Gunnhildardal, fór hann fram á að hún léti sig hafa eitthvað af landi sínu, því landrými hennar var meira en hans. Aðrir segja, að hún hefði jarðaskipti við hann. En Gunnhildur tók því fjarri. mislíkaði Herjólfi það, og varð fátt um kveðjur með þeim og sneri hún heimleiðis. En er Herjólfur kom á Herjólsvíkurvarpið greip hann til forneskju sinnar og hleypti fjallinu ofan í dal og hugðist með því granda systur sinni og komast yfir lönd hennar. Gunnhildir var þá komin niður með ánni og fékk borgið sér undir hól einum, innan við ána, er hlaupið kom, svo bróðir hennar sá hana ekki. Eru þar nú Hraunin, en hóllinn heitir síðan Hlífðarhóll. Herjólfur hélt nú hróðugur heim til sín og uggði ekki að sér. Gunnhildur vildi nú ekki eiga bróður sinn yfir höfði sér lengur, og hélt á eftir honum. En er hún kom á Herjólfsvíkurvarp, greip hún til kunnáttu sinnar og hleypti skriðu úr Sólarfjallinu yfir bæ Herjólfs og fórst hann þar ásamt fólki sínu. Sér aðeins á tætturnar fram undir hlaupinu og heita þar Húsatættur. Eignaðist Gunnhildur þar með Herjólfsvík og hefir hún tilheyrt Húsavík síðan."

Heimildir: SJM II, 432; Ö-Húsavík, 4-5; Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 10; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183; ÓO: Ferðabók II, 143

NM-230:004 *Herjólfsvík* bæjarstæði býli

"Í Gunnhildardal er eitt þeirra 5 fornu afbýla í H, sem nefnd eru í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar. Hin eru Herjólfsvík í samnefndri vík (Herjólfur bróðir Gunnhildar í þjóðs) ..." segir í Sveitum og jörðum. "Sér aðeins á tætturnar fram undir hlaupinu og heita þar Húsatættur. Eignaðist Gunnhildur þar með Herjólfsvík og hefir hún tilheyrt Húsavík síðan."

segir í örnefnalýsingu. HS segir afbýlin hafa verið í eyði frá ómunatíð.

Heimildir: SJM II, 432; Ö-Húsavík, 5; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183

NM-230:005 *Skálanes* bæjarstæði býli

"Í Gunnhildardal er eitt þeirra 5 fornu afbýla í H, sem nefnd eru í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar. Hin eru Herjólfsvík í samnefndri vík (Herjólfur bróðir Gunnhildar í þjóðs), Skálanes og Kolbeinsnes út með sjó að norðanverðu ..." segir í Sveitum og jörðum. HS segir afbýlin hafa verið í eyði frá ómunatíð, nefnd hjá OÓ.

Heimildir: SJM II, 432; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183; ÓO: Ferðabók II, 143

NM-230:006 *Kolbeinsnes* bæjarstæði býli

"Í Gunnhildardal er eitt þeirra 5 fornu afbýla í H, sem nefnd eru í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar. Hin eru Herjólfsvík í samnefndri vík (Herjólfur bróðir Gunnhildar í þjóðs), Skálanes og Kolbeinsnes út með sjó að norðanverðu ..." segir í Sveitum og jörðum. "Þá er Geldingsgil og síðan Kolbeinsnes, gróið nes. Klettar eru með fjöru en hægt að komast upp og niður þá innst og yzt. Þarna festir lítinn snjó. ... Sagnir voru um, að þarna hefði í kaþólskri tíð búið einsetumaður, Kolbeinn að nafni. Þarna eru tættur. Ekki sést að þær séu eftir annað en heygarð." segir í örnefnalýsingu. HS segir afbýlin hafa verið í eyði frá ómunatíð.

Heimildir: SJM II, 432; Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspart, Hólhús, 28; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183

NM-230:007 *Kollugerði* bæjarstæði býli

"Í Gunnhildardal er eitt þeirra 5 fornu afbýla í H, sem nefnd eru í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar. Hin eru Herjólfsvík í samnefndri vík (Herjólfur bróðir Gunnhildar í þjóðs), Skálanes og Kolbeinsnes út með sjó að norðanverðu og Kollugerði í Botnum að norðanverði í víkinni nær beint upp af Dallandi, rústir þess horfnar undir hlaup." segir í Sveitum og jörðum. "Kollugerði mun hafa verið býli, sem enginn veit hvenær var í byggð, en getið til, að það hafi staðið í miðju enginu við Botnalækinn." segir í örnefnalýsingu. HS segir afbýlin hafa verið í eyði frá ómunatíð.

Heimildir: SJM II, 432; Ö-Húsavík, 13; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 183; ÓO: Ferðabók II, 143

NM-230:008 heimild leið

"Milli Skálaness og Herjólfsvíkur eru Blábjörg, og fær fótgangandi að kalla, ævintýraleg leið, sem liggur með sjónum fram undir klettum frá Herjólfsvík og suður undir mið björgin, þá upp Stiga, sem er feiknabrattur og dálítið gróinn berggangur, skáhallur flötur, upp í Mosfellsrák og hún þrædd suður úr björgunum." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 433

NM-230:009 heimild leið

"Betri umferð eru Skálanesskriður frá Skálanesinu og suður á Kolbeinsnes og Húsavíkurskriður þaðan og heim undir." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 433

NM-230:010 heimild leið

"Yfir Skálanesheiði er farið út á Skálanes, og liggur leiðin yfir Rauðatind og Mosfell." segir í Sveitum og jörðum. Gæti verið sama leið og 009.

Heimildir: SJM II, 433

NM-230:011 *Bæjartættur* heimild fjárhús
"Yzt á Sléttunni eru svonefndar Bæjartættur. Þar eru nú gamlar sauðhústættur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 29

NM-230:012 heimild verbúð
"Í Herjólfsvík var útræði fyrr á öldum og verbúðatættur enn sýnilegar." segir í Sveitum og jörðum. "Eftir miðri víkinni fellur á, sem heitir Herjólfsá. Sandur heiti fjaran sunnan árinnar. Þar sem komið var upp á Sandinn sunnan við ána, voru tættur, sem sagt var, að væru af verbúðum. Margrét ríka á Eiðum hafði á 16. öld átt að hafa þar verstöð, en hún var eigandi allra Húsavíkurjarða. Tætturnar munu nú vera horfnar fyrir bakkann ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 433; Ö-Herjólfsvík, 2

NM-230:013 heimild fjárhús
Í Sveitum og jörðum, 1975, segir að torffjárhús, b. 1938 fyrir 150 f, standi enn.
Heimildir: SJM II, 433

NM-230:014 heimild hesthús
Í Sveitum og jörðum, 1975, segir að torfhesthús, b. 1950 fyrir 4 h, standi enn.
Heimildir: SJM II, 433

NM-230:015 heimild hlaða
Í Sveitum og jörðum, 1975, segir að torfhhlaða, b. 1938 fyrir 340 m3, standi enn.
Heimildir: SJM II, 433

NM-230:016 heimild hlaða
Í Sveitum og jörðum, 1975, segir að votheysgryfja úr torfi, b. 1935 fyrir 25 m3, standi enn.
Heimildir: SJM II, 433

NM-230:017 heimild fjárhús
Í Sveitum og jörðum, 1975, segir að torffjárhús, b. 1952 fyrir 100 f, standi enn.
Heimildir: SJM II, 433

NM-230:018 heimild áveita
Í Sveitum og jörðum segir að áveita hafi verið gerð á tún um 1830.
Heimildir: SJM II, 434

NM-230:019 heimild mylla
Í Sveitum og jörðum segir að vatnsmylla hafi verið við bæjarlækinn.
Heimildir: SJM II, 434

NM-230:020 heimild rista
"Milli Húsavíkurlækjar og Hólhúslækjar, ofan við Háhól upp af Parti, er Hólmýri, en ofan við er Sveingrófarmelur milli sömu lækjar. Hann er fremsti hluti Melanna og nær inn að Hólhúsalæk. Utan við hann er dálítil gróf, Sveinsgróf, þar sem skorið var torf." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 23

NM-230:021 gata leið
"Úr Fossdal kemur lækur, er Nónlækur heitir. Í sveigum innan við Mýrarhjalla heita Nónklofar, er ná inn á móts við Fossdalsbrekkur. Innan við Nónklofa koma Nónurðið ... Innan við Nónurðir kemur Tröllagil, sem skilur Nónurðir og Nónbotna frá Neshálsi (í daglegu tali Háls). Þá kallast Háls inn að reiðgötum inn úr Tröllagilinu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 3

NM-230:022 gata leið
"Úr Fossdal kemur lækur, er Nónlækur heitir. Í sveigum innan við Mýrarhjalla heita Nónklofar, er ná inn á móts við Fossdalsbrekkur. Innan við Nónklofa koma Nónurðir ... Innan við Nónurðir kemur Tröllagil, sem skilur Nónurðir og Nónbotna frá Neshálsi (í daglegu tali Háls). Þá kallast Háls inn að reiðgötum inn úr Tröllagilinu. Efst heitir Tröllbotn, en inn og upp úr honum Urðarkinn. Þar liggur varðaður reiðvegur til Loðmundarfjarðar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 3

NM-230:023 heimild leið
"Upp með ánni [Skúmhattardalsá], norðan við Engi, kallast undir Vetrarbrekkur. Þá Efri- og Neðri-Vetrarbrekkur, þar er vörðuð vetrarleið til Borgarfjarðar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 6

NM-230:024 heimild leið
"Upp frá fjörnunum frá Norður- til Suðurfjöru eru víðast 40-60 m háir sjávarbakkar, smiðjumóskenndir, og nær Húsavíkurtúni fram á þá. Aðalvegur fyrir gangandi menn er brött sniðgata upp frá lendingunni við Klappir upp svokallaðan Kamb." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 7

NM-230:025 *Árgarður* örnefni
"Inn úr fjörunni með Víkurá heitir Árgarður. Þar fer Parts- og Hólshúsafé í fjöruna og einnig fé frá Dallandi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 7

NM-230:026 *Stekkjargil* örnefni stekkur
"Húsavíkurtún nær eftir öllum bökkum frá Árgarði [025] og út að Stekkjargili. Eftir því rennur Stekkjarlækurinn, hann fellur nyrzt í fjöruna." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 8

NM-230:027 *Torfgrafir* heimild rista
"... en fremst [í túni] Torfgrafir að skurði. Neðst í þeim er kirkjugarðurinn (frá 1916). Torfgrafir ná upp að Borgum ..." "Torfgrafir hét mýrlendi framan við Borgir og niður undir árgarðshorn. Þar var áður tekinn svörður, en erfitt var að þurrka hann vegna bleytu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 8, Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 15-16

NM-230:028 *Hjalltunga* örnefni hjallur
"Tungan milli Bæjargils og lækjarins heitir nú Hjalltunga." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 8

NM-230:029 *Stekkhústún* örnefni stekkur
"Utan bæjar er Stekkhústún út að Stekkjargili, en ofan við Stekkhústún er Kollumelur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 8

NM-230:030 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból
"Neðsta stykkið í Patshúsi kallast Torfgrafir [027] og næst frá Hólhúslæk upp á móts við Borgir. Þá Fit, upp á móts við Vindhól. Í henni er Gvendarbrunnur, vatnslind, er Guðmundur biskup góði á að hafa vígt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 9

NM-230:031 *Götuhús* heimild útihús
"Ofan við Fit [030] er Götuhús, er dregur nafn af því, að þar lá gatan milli bæjanna meðan Húsavíkurbærinn stóð neðan og Dallandspartur var ekki til." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 9

NM-230:032 heimild leið
"Ofan við Fit [030] er Götuhús, er dregur nafn af því, að þar lá gatan milli bæjanna meðan Húsavíkurbærinn stóð neðan og Dallandspartur var ekki til." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 9

NM-230:033 *Hólhúsbær* heimild útihús
"Innan við Parstún [innan við 027] er Hólhúsbær í samnefndu túni, er nær neðan frá Árbakka og upp að Hól." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 9

NM-230:034 heimild fjárhús
"Innan við Parstún [innan við 027] er Hólhúsbær í samnefndu túni, er nær neðan frá Árbakka og upp að Hól. Neðst, innan við Árgarðinn [025], heitir Byrgistún, og liggur inn árbakkann að svarðargröfum og upp að læk, sem kemur úr Blánni og heitir Pyttlækur." Fjárhús var á Byrgistúni. segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 9; Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 18

NM-230:035 heimild mógrafir
"Innan við Parstún [innan við 027] er Hólhúsbær í samnefndu túni, er nær neðan frá Árbakka og upp að Hól. Neðst, innan við Árgarðinn [025], heitir Byrgistún, og liggur inn árbakkann að svarðargröfum og upp að læk, sem kemur úr Blánni og heitir Pyttlækur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 9

NM-230:036 *Lambhústún* örnefni lambhús
"... en framan við lækinn og ofan við Pyttalæk, heitir Stekkhústún [029] að Blá og upp með læknum, fram af bænum Lambhústún ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 10

NM-230:037 heimild mógrafir
"Innan við Byrgistún [034], en ofan við Hvammbakka, eru svarðargrafir, og heita yztu þeirra Álftavíkurgrafir. Þar var tekinn upp svörður frá Álftavík meðan búið var þar." segir í

örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 10

NM-230:038 heimild lending
"Eftir miðri víkinni fellur á, sem heitir Herjólfsá. Sandur heiti fjaran sunnan árinnar. þar sem komið var upp á Sandinn sunnan við ána, voru tættur, sem sagt var, að væru af verbúðum [012]. Margrét ríka á Eiðum hafði á 16. öld átt að hafa þar verstöð, en hún var eigandi allra Húsavíkurjarða. Tætturnar munu nú vera horfnar fyrir bakkann ...Syðst í fjörunni heitir Krókur, smákrókur suður við urðirnar undir Blábjörgum. Þar var sæmileg sumarlending." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herjólfsvík, 2

NM-230:039 heimild fjárhús
Í Herjólfsvík. "Aðeins innanvert við Láguhlaup [Yst við sjóinn heita hraunin Láguhlaup], fast við ána, munu hafa verið gamlar tættur. Á þeim var byggt sauðahús fyrir aldamót. Bóndinn í Litluvík fékk þá að hafa það sauði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Herjólfsvík, 3-4

NM-230:040 *Dys* dys legstaður
"Ofan og innan við Mýrarhjalla heita Fossdalsbrekkur inn að Nónlæk. Ofan við þær heitir Fossdalsbrún og ofan við hana er Fossdalur, gróinn og mýrlendur. Stundum var heyjað það. Fossdalsskarð eða Fossdalsvarp liggur upp úr dalnum milli Miðmundafjalls og Nónfjalls. Norðan í því er svokölluð Dys, grjóthrúga, sem virðist vera framhlaup. Sagt er, að þar hafi verið dysjaðir þeim, sem féllu í bardaga Húsvíkinga og Loðmfirðinga. Þeir áttu að hafa deilt um landamerki." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 5

NM-230:041 garðlag vað
"Norðan við Grímshóla, upp með Gunnhildará vestanverðri, heitir Engi. Vaðið á Gunnhildará er undan Enginu." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 11

NM-230:042 heimild uppsátur
"Norðan Víkurár er samfelld fjara fyrir öllum víkurbotninum með klappaflúðum fyrir miðri víkinni. Kallast þær Klappir. ... Fjaran sunnan Klappa kallast fyrst Uppsátur. Voru bátar settir þar á sumrin, en naust voru í Árgarðinum norðan árinnar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 14

NM-230:043 heimild naust
"Norðan Víkurár er samfelld fjara fyrir öllum víkurbotninum með klappaflúðum fyrir miðri víkinni. Kallast þær Klappir. ... Fjaran sunnan Klappa kallast fyrst Uppsátur. Voru bátar settir þar á sumrin, en naust voru í Árgarðinum norðan árinnar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 14

NM-230:044 heimild leið
"Norðan Víkurár er samfelld fjara fyrir öllum víkurbotninum með klappaflúðum fyrir miðri víkinni. Kallast þær Klappir. ... Fjaran sunnan Klappa kallast fyrst Uppsátur. Voru bátar settir þar á sumrin, en naust voru í Árgarðinum norðan árinnar. ... Aðeins innan við leiðina að Uppsátri er flúð ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 14

NM-230:045 heimild fjárskýli
"Borgir heitir stykki, sem nær út á bakka að Smáragili, slétt land. Þar voru fjárborgir , áður en þar varð tún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 15

NM-230:046 *Partsborg* heimild fjárskýli
"Borgir heitir stykki, sem nær út á bakka að Smáragili, slétt land. Þar voru fjárborgir, áður en þar varð tún. Ein slík borg var til fram um 1918, Partsborg, sem var upp af miðjum Suðurfjörubökkum, notuð aðeins fyrir sauði." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 15

NM-230:047 heimild fjárhús
"Vindhóll er allhár hóll og stór um sig. Hann er milli Parttúns að framan og Smáragils að utan. Á honum festir ekki snjó. þar voru byggð fjárhús og hlaða." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 16

NM-230:048 heimild fjárhús
"Utan við Bæjarlæk var Stekkhúsatúnið. Stekkur var áður yst í því [sjá 029], en síðar voru byggð þar fjárhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 17

NM-230:049 heimild rétt
"Utan við Bæjarlæk var Stekkhúsatúnið. Stekkur var áður yst í því [sjá 029], en síðar voru byggð þar fjárhús. ... Ofan við Stekkhústún er Kollumelur. Ræktað var upp í hann. Vestan í honum var gamla lögréttin (til 1916)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 17

NM-230:050 *Ásmundarhús* heimild fjárhús
"Túnið fyrir utan á heitir Úttún. Yzt á því var fjárhús, nefnt Ásmundarhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 21

NM-230:051 *Háholtshús* heimild fjárhús
"Innst á túninu er Háholt. Þar var fjárhús, nefnt Háholtshús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús, 21

NM-230:052 þjóðsaga
Haugur Þorsteins landnámsmanns í H á að vera vestur af bænum.
Heimildir: ÞSS 1986 VI, 48

NM-231 Hólhús

Hjáleiga Húsavíkur, landi aðeins skipt um tún og eitthvað að engjum. "H er gamalt býli frá Húsavík og bærinn skammt innan við Part framan undir bröttum hól, sem Húsavíkurhóll heitir, og mun bæjarnafn af hólnum dregið, en síðari hluti þess bendir til, að upphaflega hafi

býlið byggst upp á fjárhúsum frá Húsavík. ... Jörðin var nytjuð frá Húsavík, eftir að hún féll úr ábúð." SJM II, 437 1918: Tún 4,1 ha. "Í F'18 er um jörðina sagt, m.a., að túnið sé allt þýft, engjar snöggglendar, en sléttar, dreifðar og sumar langsóttar - Túnið virðist dágott eftir töðufalli að dæma, 43 hb. á ha." SJM II, 437.

NM-231:001 *Hólhús* bæjarhóll bústaður
Öll hús horfin.
Heimildir: Túnakort 1918

NM-232 Dalland

6 hdr. 1695. 1397: D nefnd í Máldaga Húsavíkur. DI IV, 223. 1570 og síðar er D nefndi í máldaga Húsavíkurkirkju. DI XV, 688. Hjáleiga Húsavíkur, landi aðeins skipt um tún og eitthvað af engjum. 1918: Tún 3,6 ha. Túnið náði niður að Dallandsánni, en mestur hluti engja er innan til í víkinni. 1917: "Meirihluti túns sléttur. Engjar fremur snöggar, þurrar, nærtækar, samfelldar nema í fjalli, heygóðar." SJM II, 437-438.

NM-232:001 *Dalland* bæjarhóll bústaður
"Baðstofa á þrepi 16x41/2 alin, þverhús hlaðið úr timbri með járnþaki 10x7,5 álnir." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 438

NM-232:002 *Smiðjukofatún* örnefni smiðja
"Dallandsá myndast aðallega af tveimur lækjum: Botnalæk og Grímsbrekkulæk, er falla saman utan við Krókarás og heita þá Dallandsá. Dallandsá fellur í gegnum túnið fast við Dallandsbæinn, og í Víkurá, innan við Innstahvamm. ... Upp með Dallandsá kallast heimatún, þá Smiðjukofatún ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 11

NM-233 Álptavík

Hjáleiga Húsavíkur. Landamerkin Húsavíkurmegin voru við Skollabotna. Ö-Ytri Álftavík, 2. "Þar var um 60 hb. slétt og grasgerið tún án frekari útgræðslumöguleika, engjar eru engar sagðar í F'18, en dálitlir slægjublettir munu þó hafa verið nýttir hér og þar, aðallega í svonefndri Norsku lág (nyrst) á "víkinni"." SJM II, 439.

NM-233:001 *Álptavík* bæjarhóll bústaður
Bærinn stóð á bakkanum við miðja ströndina, segir í Sveitum og jörðum. Síðasti bærinn hrundi veturinn 1903-1904, segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 439-440

NM-233:002 *Lonta* heimild lending
"Höfnin Lonta er hagleg náttúrusmíð, djúpur vogur spölkorn út og norður af bæjarstæðinu, um 40-60 m í þvermál og í vari tröllahlaðs, er skagar skáhallt frá landi. Mynnið er þrengra en vogurinn, en þó vel árafrítt." segir í Sveitum og jörðum. "Innan við Landsenda taka við

fjörur. Yzt er Lonta. Hún er allstór, skeifulöguð. Þar er góð sumarlending og falleg höfn fyrir smærri báta. Háar hleinar eru báðum megin við, þegar farið er inn. Sundið á milli er ekki breiðara en svo, að það er vel árabátafrítt. Þarna var sérlega góð lending í norðanátt og lífhöfn, skjól fyrir öllum áttum, þegar inn var komið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 439; Ö-Ytri-Álftavík, 2-3

NM-233:003 *Stekkjartangi* örnefni stekkur

"Sunnan við Örvasakrók eru Álftavíkur, klettar. Nyrzti tangi við víkina, sunnan við flugin, heitir Stekkjartangi. Það er gróinn smátangi. Ekki veit Sveinbjörn, hvort stekkur hefur verið þar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ytri-Álftavík, 2

NM-233:004 tóftir

"Upp af Stekkjarbarði eru Skjónuþúfujaðrar, grasbrekka, sem nær upp að Skollabotnum, og ná þeim upp með Skjónuþúfu að austan. Það er stór klettastrýta. Hraun heiti neðan við Skjónþúfu upp af Landsenda, smáblettur, nokkuð gróin en grýttur. Á þeim voru tættur sem enn sjást." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ytri-Álftavík, 2

NM-233:005 *Sauðaklauf* heimild leið

"Ofan við túnið heita Melar. ... Ofan við Melana eru nafnlausar skriður og ofan við þær klettabelti. Ofan við það er rák, sem heitir Bæjarrák, lyngi vaxin hjalli. Ofan við hana er aftur klettabelti í svonefndum Dalsbrúnum. Ofan við þær miðjar er grjót, sem fjárgötur liggja eftir gegnum miðja bæjarrák og niður á Mela. Hún heitir Sauðaklauf." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ytri-Álftavík, 3

NM-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð

NM-681:001 heimild leið

"Verslunarleiðin til Eskifjarðar lá um Sandskörð (602 m) og eftir "Borgfirðingagötum" inn og niður hjá Gilsárteig og áfram inn á Eskifjarðarheiði ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 362

NM-681:002 heimild leið

"... en til Seyðisfjarðar var farin landleið yfir Krækjuskörð (um 780 m), Loðmundarfjörð og Hjálmárdalsheiði (um 650 m) [sjá NM-691:001], tvo torsótta fjallvegi, talinn 8-9 klst. lestargangur." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 362

NM-681:003 heimild leið

"... reiðgötur fram og upp frá bænum í Brúnavíkurskarð milli Geitfells og Gránýpu til Borgarfjarðar, ekki löng leið." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 422

NM-681:004 heimild leið

"Aðalleiðin til Fljótsdalshéraðs lá þó um Njarðvíkurskriður og Njarðvík þvera, Gönguskarð og Unaós, einnig stundum um Vatnsskarð, einkum á vetrum." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 362-363

NM-681:005 heimild leið
"Stöku sinnum var farið af innstu bæjum í sveitinni yfir Eiríksdalsvarp og Eiríksdal." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 363

NM-681:006 heimild leið
"Inn á Forir liggja reiðgötur áleiðis til Kjólsvíkur og Breiðuvíkur ..." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 422

NM-681:007 *Kjólsvíkurgötur* gata leið
"Um Kjólsvíkurskarð er um tveggja km. hægur halli niður að bæ. Um skarðið eru Kjólsvíkurgötur og um klukkutíma gangur milli bæja. Um melspildu frammi og uppi af bæ er berjaland afbragðsgott milli melanna, sem sumir heita sérkennilegur nöfnum, t.d. Mannamell, en mýrartunga kallast Svunta og votlendishorn Laski. Þarna liggja Borgarfjarðargötur til Gagnheiðar upp yfir tvo bratta hjalla sem hestar heita." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 429

NM-681:008 gata leið
"Skipti Bakkaá að Bólakeldu, sem rennur út neðan við Bólstaðaenda. Þaðan voru landamerki um Stórastein á Bakkamel inn á vesturhorn Bakkamels- þaðan með svonefndum Reiðgötum, sem lágu frá Bakkabæ, inn að Leirgrófarvaði, síðan eftir innsveitarvegi að mörkum Jökulsár." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Bakki og Bakkagerði, 1

NM-681:009 *Borgarfjarðargötur* gata leið
"Um Kjólsvíkurskarð er um tveggja km. hægur halli niður að bæ. Um skarðið eru Kjólsvíkurgötur og um klukkutíma gangur milli bæja. Um melspildu frammi og uppi af bæ er berjaland afbragðsgott milli melanna, sem sumir heita sérkennilegur nöfnum, t.d. Mannamell, en mýrartunga kallast Svunta og votlendishorn Laski. Þarna liggja Borgarfjarðargötur til Gagnheiðar upp yfir tvo bratta hjalla sem hestar heita." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 429

NM-681:010 *"Háls og Heiði"* heimild leið
" ... oft var farinn "Háls og Heiði", þ.e. Húsavíkurheiði og Nesháls, til Loðmundarfjarðar í stað Krækjuskarða. Það var hægari leið, en heldur lengri." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 363

NM-681:011 heimild leið
"Inn á Forir liggja reiðgötur áleiðis til Kjólsvíkur og Breiðuvíkur, en fjölfarnara til þeirra bæjar var þó suðaustur eftir Hafhrygg og um Víðidal." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 422

NM-681:012 vegur leið
"Vegir, sem við kölluðum svo, lágu að sunnan um Kjólsvíkurvarp til Breiðuvíkur, Kerlingaskarð, líka til Breiðuvíkur, Kjólsvíkurskarð, um Rauðmel, Forir, á Þrándarhrygg, en þar komu saman vegir frá Kjólsvík og frá Breiðuvík, um Gagnheiði til Borgarfjarðar." segir í

Sveitum og jörðum. Vegirnir voru hestafærir, ruddir á vorin, en engar brýr á leiðinni.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 2

NM-681:013 heimild leið
"Um fjallvegi var að fara suður í Víkur." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 363

NM-681:014 heimild leið
"Innan við túnið eru svonefndir Hryggir, að mestu grónir lyngi og mosa. Gil eru á milli þeirra. Þeir ná frá sjávarbökkum og upp í fjall. Innsti hryggurinn nær upp í Dalsbrýr. Þar var aðalleiðin upp af víkinni til Húsavíkur, var alltaf farin með hesta og þá, eins og áður getur, vestan við Hádegishnjúk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ytri-Álftavík, 4

NM-681:015 gata leið
"Enn sést til gatna yfir Nesháls til Njarðvíkur [frá Snotrunesi]." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 375

NM-681:016 vegur leið
"Svo lá vegur um Súluskarð fyrir Hvalvíkurbotna til Brúnavíkur." segir í örnefnalýsingu. Vegirnir voru hestafærir, ruddir á vorin, en engar brýr á leiðinni.
Heimildir: Ö-Kjólsvík, 2

NM-681:017 heimild leið
"Norðan við Altari er minni klettastrípur, er nefnist Einbúi ... Þá tekur við Bæjarjaðar. Hann var farin af gangandi mönnum. Norðan við hann er Uppgöngujaðar. Þar var farið með hesta, komið efst á Bæjarjaðar og síðan í svonefnda Gjá, sem er klettaskora í fjallið. Lá leiðin um hana, niður Fláa Hvalvíkurmegin, í Hvalvík, og síðan um Brúnavík til Borgarfjarðar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Glettingsnes, 2-3

NM-681:018 *Kaupstaðargata* heimild leið
"Innan af Sultarhólmanum [sjá 008] er annað vað. Það heitir Kaupstaðarvað. Frá því liggur gata suður yfir Ásinn, skammt innan við Áslækjargil, ytra. Hún heitir Kaupstaðargata. Mun nafnið frá þeim tíma, er kaupstaðarferðir voru farnar til Seyðisfjarðar. Þá var þessi leið farin." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Grund, 4

NM-681:019 heimild leið
"Herjólfsvíkurheiði er gönguleið milli H[úsavíkur] og Herjólfsvíkur." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 433

NM-681:020 heimild leið
"Þegar Jón var krakki, var honum sagt, að sjómenn hefðu baðað sig í Skjómannskíl. Rétt fyrir innan vaðið á kílnum, á götunum austur í Hofstönd ..." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir ath og viðb, 8

NM-681:021 gata leið
"Utan við Grjótfjall er Göngudalur. Eftir honum fellur Göngudalsá. Þar lá áður aðalreiðvegur milli Borgarfj. og Héraðs og þar liggur nú landsíminn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Njarðvík, 9

NM-681:022 heimild leið
"Innan Geldingahnjúks heitir Súludalur og Súluskarð, er gata liggur um til Hvalvíkur og Suðurvíkna." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 2

NM-681:023 heimild leið
"Utan Geitfells er Brúnavíkurskarð. Um það liggur reiðgata til Borgarfjarðar, ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brúnavík, 3

NM-681:024 *Kirkjugata* gata leið
"Björn segir það engan vafa, að Kirkjuvað [006] sé kennt við ferðir kirkjufólks. Í túninu er gata, sem heitir Kirkjugata, hún liggur niður túnið, niður fyrir Börðin, þar yfir Gilsá, út Staðartanga og yfir Fjarðará á Kirkjuvaði í átt að kirkjustaðnum Desjamýri." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárvellir ath og viðb, 1

NM-681:025 heimild leið
"Í Desjamýrarlandi eru þessi fjöll fyrir stafni Hrafndalsins: Sköldur og Bálkur, en skarðið milli þeirra heitir Bálkaskarð, sem stöku sinnum er farið til Breiðuvíkur, og er þá komið niður í Innstadal í Breiðuvík." segir í örnefnalýsingu. Gæti náð yfir merki fleiri jarða og á þá heim í NM-681
Heimildir: Ö-Desjamýri, 5

NM-681:026 heimild leið
"Innan og ofan við Lambahjalla heitir Miðmundarfjall, er það varla gengt nema að suðvestan er slétt út á það. Þá kemur Fossdalsskarð, þá Nónfjall, þá Efri-nónbotnar og Neshás. Um hann liggur reiðvegurinn milli Húsavíkur og Loðmundarfjarðar og einnig símalínan." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Húsavík, 2

NM-681:027 þjóðsaga tröllabústaður
ÞJÁ: Tröllkona á að hafa búið í Staðarfjallinu sem er sunnanmegin í sveitinni, og í hádegisátt frá Desjamýri. Hún sótti á íbúana því hún hafði fætt barn sem hún varð að gefa ferskt mannakjöt á jólum. Sennilega sama og NM-221:004
Heimildir: ÞJÁ I, 148-149

NM-681:028 *Gletta* þjóðsaga tröllabústaður
ÞSS: Tröllkonan Gletta átti að hafast við í hamrafluginu milli Kjólsvíkur og ness norðan Kjólsvíkurinnar.
Heimildir: ÞSS III 1982, 280-281

NM-681:029 *Gríður* þjóðsaga tröllabústaður
ÞSS: Gríður tröllkona bjó í Gríðarhelli. Hann var sunnan Skjólsvíkur og sunnan Breiðavíkur

sem gengur inn í Grænmóarfjalls.
Heimildir: ÞSS III 1982, 280-281

NM-682 Óstaðsetjanlegar fornleifar

NM-682:001 heimild
1498: Vitnisburðarbréf um að Eiðastaður eigi verlegur og uppsátur á Fiskibjargi í Borgarfirði síðan a.m.k. 1403. Gæti verið sama og NM-244:011, NM-244:024.
Heimildir: DI VII, 385

NM-682:002 *Nesjahjáleiga* bæjarstæði býli
Nesjahjáleigu í Desjamýrar eða Njarðvíkursókn er getið bæði hjá Olavíusi og í skrá HS.
Heimildir: Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 180; ÓO: Ferðabók II, 142

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson: *Dagbók úr hofleiðangri 1992*, Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík 1993.

Ármann Halldórsson: *Mávabrík,* Egilsstaðir 1992.

Biskupasögur I-II, Kaupmannahöfn 1858, 1878.

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers* Lundi 1967.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

Guðrún Kristinsdóttir: "Kuml og beinafundur á Austurlandi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1987* , 89-98

Gunnlaugur Haraldsson: *Rannsóknarskýrsla Gunnlaugs Haraldssonar, ds. 15/10/1985 í skjalasafni Þjms., og viðbætur Guðmundar Ólafssonar deildarstj., ds.21/10 1985* Reykjavík 1985

Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum" *Múlaþing V* 1970, 172-187

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi" *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1923*, bls. 1-96.

Islandske Annaler indtil 1578, Kristjania 1888

Íslenskt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972

Íslenzk fornrit I- Reykjavík 1933-

Íslenzkar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XVI Seyðisfjörður 1922-1958

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XI Reykjavík 1982-1993

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason I-VI Reykjavík 1993

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir Kaupmannahöfn 1992

Kaalund, Kristian: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II Kaupmannahöfn 1877-82

Kaalund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir. Austfirðingafjórðungur* IV Reykjavík 1986

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé,* Akureyri 1956.

Orri Vésteinsson: Dagbók úr hofleiðangri 1992, Fornleifastofnun Íslands.

Ólafur Olavius: *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

Sigurður Gunnarsson: "Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará" *Safn til sögu Íslands og islenzkra bókmennta. Að fornu og nýju* II, Kaupmannahöfn 1886, P

Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta*, 2. útg. Reykjavík 1950.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II Egilstaðir 1975

Sveitir og jarðir í Múlaþingi V Egilstaðir 1995

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1918. Borgarfjarðarhreppur.

Þór Magnússon: "Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1983" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1983* , 173-187

Ö-Afréttarlönd Gilsárvalla og Grundar, *Afréttarlönd Gilsárvalla og Grundar*, Eyjólfur Hannesson skráði 1957. Örnefnastofnun

Ö-Bakki og Bakkagerði, *Bakki og Bakkagerði*, Eyjólfur Hannesson skráði, viðbætur eftir Þórð Jónsson. Örnefnastofnun.

Ö-Breiðavík, *Breiðavík*, Daniel Pálsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Brúanvík ath og viðb

Ö-Brúnavík, *Brúnavík*, Bjarni Steinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Desjarmýri, *Desjarmýri (með Setbergi)*, Ingvar Sigurðsson skráði 1958. Örnefnastofnun.

Ö-Desjamýri ath og viðb, *Desjarmýri. Athugasemdir og vibætur*, Sigmar Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Geitavík, *Geitavík*, örnefnaskrá byggð á lýsingu Björns Jónssonar. Örnefnastofnun.

Ö-Gilsárvellir, *Gilsárvellir*, Eyjólfur Hannesson skráði 1957. Örnefnastofnun

Ö-Gilsárvellir ath og viðb, *Gilsárvellir. Athugasemdir og viðbætur*. e. Björn Jónsson. Örnefnastofnun.

Ö-Glettingsnes, *Glettinganes*. Örnefnastofnun.

Ö-Grund, *Grund*, Eyjólfur Hannesson skráði 1958. Örnefnastofnun

Ö-Herjólfsvík, *Herjólfsvík*, Ingvar Sigurðsson skráði e. handriti Sveinbjörns Björnssonar. Örnefnastofnun.

Ö-Hofströnd, *Hofströnd*, Sigurður Benediktsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hólaland, *Hólaland*, Eyjólfur Hannesson skráði 1958. Örnefnastofnun.

Ö-Húsavík, *Húsavík*, Ingvar Sigurðsson skráði e. handriti Sveinbjörns Björnssonar. Örnefnastofnun.

Ö-Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólhús: *Húsavík, Dalland, Dallandspartur, Hólshús*, Ingvar Sigurðsson skráði e. handriti Sveinbjörns Björnssonar. Örnefnastofnun.

Ö-Hvalvík, *Hvalvík*, Bjarni Steinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hvannstóð, *Hvannstóð*, Sveinn Bjarnason skráði 1958. Örnefnstofnun.

Ö-Hvoll, *Hvoll*, Eyjólfur Hannesson skráði 1958. Örnefnastofnun

Ö-Höfn, *Höfn*, Þorsteinn Magnússon skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Höfn ath og viðb, *Höfn. Athugasemdir og viðbætur*, Magnús Þorsteinsson skráði 1994. Örnefnastofnun.

Ö-Íbúðarhús í Bakkagerðiskauptúni, *Íbúðarhús í Bakkagerðiskaupstúni*. Örnefnastofnun.

Ö-Jökulsá, *Jökulsá*, Eyjólfur Hannesson skráði 1958. Örnefnastofnun.

Ö-Kjólsvík, *Kjólsvík*, Magnús Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Litlavík, *Litlavík*, Daniel Pálsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Njarðvík, *Njarðvík*, Ingvar Sigurðsson skráði, Örnefnastofnun.

Ö-Njarðvík viðb, *Njarðvík. Viðbætur*, Sigmar Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun.

Örnefni norðan frá Króksbakka í Njarðvík, *Örnefni norðan frá Króksbakka í Njarðvík og suður að Landsenda í Snotruneslandi*. Örnefnastofnun.

Ö-Snotrunes, *Snotrunes*, Andrés Björnsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Ytri-Álftavík, *Ytri-Álftavík*, Ingvar Sigurðsson skráði e. handriti Sveinbjörns Björnssonar. Örnefnastofnun.

Ö-Þrándarstaðir, *Þrándarstaðir*, Bjarni Steinsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þrándarstaðir ath og viðb, *Þrándarstaðir (Sólbakki). Athugasemdir og viðbætur*, Jón Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.